

Skólavarðan

Kennarasamband
Íslands

Vor 2019
1. tbl.

Kristín Valsdóttir

Sjálfsmynd kennara-
efna í listgreinum

22

Heimsreisa og heimanám

Foreldrar með tvo skóladrengei
segja ferðasögu

46

Helga Hauksdóttir

Tjáning og samræða
eru lykill að árangri

26

Baldvin Ringsted

Eigum að hætta að
tala niður verknám

38



#snjallirnemendur

Það eina sem er hamlandi við
tæknina er okkar eigið
ímyndunarafl

12-21



Þú getur sparað í appinu



Þú finnur Kort frá Íslandsbanka
í App Store og Google Play Store





Ekki lengur hægt að bíða af sér tæknina

Ingvi Hrannar Ómarsson er kennsluráðgjafi í tækni, nýsköpun og skólaþróun hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Skólavarðan lagði nokkrar spurningar fyrir Ingva Hrannar en hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín.



Þrautseigja, lausnamiðun og sköpun

Anna María Þorkeldsdóttir, kennsluráðgjafi hóf störf í Hörðuvallaskóla síðasta haust og hennar hlutverk er að innleiða nýja kennsluhætti, aðstoða kennara við hæfniviðmið, auka þematengd verkefni og samvinnuverkefni og síðast en ekki síst vinna að því að nýta tæknina enn betur í allri kennslu.



Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman

Heimspeki skipar stóran sess í starfi leikskólans Lundarsels á Akureyri. Börnin læra að að greina hugmyndir sínar, koma auga á áður óþekkt tengsl og verða færari í að mynda sér sjálfstæða skoðun. Skólavarðan heimsótti Lundarsel.



Eigum að hætta að tala niður verknám

Það er enginn barlómur í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Aðsókn í skólann er góð og nemendur í vetur eru nær eitt þúsund talsins. Skólavarðan hitti fyrir Baldvin Ringsted og tók stöðuna á verknáminu.



Heimsreisa og heimanám – fer það saman?

Ferðasaga fjögurra manna fjölskyldu sem ferðast um heiminn. Samverustundirnar eru að þeirra mati stærsti kostur ferðalagsins; þau hafa bara hvert annað og gæðastundir eru því margar. Einnig þarf að huga að námi barnanna þótt verið sé í heimsreisu.

Efnisyfirlit

1. tbl. 2019

- 4 Leiðari
- 6 Fjölgum kennurum
- 7 Ársfundur Kennarasambandsins 2019
- 8 Nesti til nýrra tíma – forystufræðsla KÍ
- 8 KÍ flytur í Borgartún
- 10 „Fjarvist unglingsbóka í unglingskennslu algerlega óskiljanleg“
- 11 Félaginn – Pamela De Sensi
- 12 Ekki lengur hægt að bíða af sér tæknina
- 13 Lærum meira þegar námsleiðir eru fjölbreyttar
- 14 Þrautseigja, lausnamiðun og sköpun
- 16 Börnum er eðlislægt að fikta, skoða og snerta
- 18 Rúmlega 600.000 áhorf
- 20 Þegar börnunum blöskrar
- 22 Sjálfsmynd listgreinakennaraefna
- 26 Tjáning og samræður lykill að árangri
- 30 Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman
- 32 Kveðjustund í Kennarahúsi
- 34 Ófreskjuhandbókin
- 36 Vegferðinni langt í frá lokið
- 38 Eigum að hætta að tala niður verknám
- 40 Orlofshús KÍ
- 42 Leiðsagnarkennarinn, lykillinn að velfarnaði
- 44 Nótan 2019
- 46 Heimsreisa og heimanám – fer það saman?
- 50 Mál í myndum
- 52 Steinunn Inga mælir með
- 53 Dagur leikskólans
- 54 Flöskuskeyti Vogaskóla
- 56 Barnaþing í nóvember
- 58 Krossgátan



Snjalltækni í skólastarfi er þema Skólavörðunnar að þessu sinni. Vakin er athygli á snjöllum nemendum með myllumerkinu #snjallirnemendur.



Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.skolavardan.is

Ritstjórar: Arndís Þorgeirsdóttir og Dagný Jónsdóttir
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þór Pétursson
Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson
Prófaralestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Óflun
Prentun: Oddi

Leiðari

Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ

Það er ekkert einfalt að breytast

Einu sinni sagði stjórnmalamaður að breytingar í skólamálu væru nánast ómögulegar. Að breyta skólum væri eins og að flytja kirkjugarð, maður skyldi ekki reikna með neinni hjálp innan frá.

Þetta fannst honum dálítið fyndið hjá sér. Þetta er enda hnyttni af því tagi sem lengi hefur hrifið í íslenski hreppapólitík. Fátt brynjar mann betur gegn gagnrýni en snertur af háði um gagnrýnandann. Hefði stjórnmalamaðurinn hins vegar hugleitt málið í augnablik hefði honum orðið ljóst að kjarni vandans lá kannski dálítið nær honum en hann ætlaði.

Við kennarar erum kannski fyrst og fremst sérfræðingar í breytingum. Markmið náms er að börn fari heim úr skólanum öðruvísi en þau mættu. Við gjörþekkjum líka þá tilfinningu sem stjórnmalamaðurinn lýsti. Við þekkjum það að reyna að kenna einhverjum sem ekkert leggur af mörkum sjálfur.

Slíkt ástand er hvorki nám né kennsla.

Engum kennara dytti í hug að kenna heila önn án minnsta votts þess að nemendur tækju þátt. Það væri jafn fánýtt og að reyna að mála háan vegg með stuttum pensli. Einhverju þarf að breyta svo það gangi upp.

Það sem stjórnmalamaðurinn virðist ekki hafa áttað sig á var að kjarni breytinga í skólastarfi er að þeir sem eiga að breytast mega ekki bara bera ábyrgð á áhuga sínum á breytingunum – þeir þurfa að bera ábyrgð á breytingunum sjálfum.

Nú stendur skólakerfið frammi fyrir breytingum, m.a. vegna tækniframfara. Breytingarnar eru stórmál og alls ekki sjálfgefnar. Hefðbundinni kennslu hefur verið spáð dauða í heila öld. Fyrst vegna raddupptöku, svo vegna útvarpssendinga, þá vegna sjónvarpssendinga og loks vegna myndbandstökutækninnar. Engin tæknibylting hefur hingað til skákað kennslubókinni. Það gerðu tölvurnar ekki heldur þegar þær hófu innreið sína.

Ástæðan er sú að þótt tæknin auðgi á margan hátt líf okkar þá hefur hún ekkert innbyggt forskot við miðlun þekkingar gagnvart eldri tækni, bók og kennara.

Málið er að þekking er bara einn angur menntunar. Tilgangur menntunar er að nesta börn með því sem þarf til að þau verði virkir þátttakendur í góðu samfélagi. Þar skiptir ekki bara máli hvað þú veist, heldur líka hvað þú getur.

Við horfum á heiminn breytast. Þegar faðir minn var ungur safnaði hann aurum og keypti hljómplötur. Heima átti hann flottan plötuspilara, öfluga magnara og rándýra hátalara. Einu sinni tók hann sig til og tengdi ljósaperur við magnarann þannig að ljósin flöktu í takt við tónlistina. Mörgum árum seinna áttu sér stað skipti yfir í geisladiska. Það var ekki alveg einfalt mál en gekk þó upp á endanum. Græjurnar höfðu enn stóran sess í stofumyndinni og diskunum var raðað eftir nánast fullkomnu kerfi í þar til gerðar hillur og skúffur. Stóra höggið kom með Spotify. Þá var fólk skyndilega farið að hlusta á tónlist í símunum sínum, án þess þó að geyma hana þar. Kaupa þurfti áskrift ef hlusta átti af einhverju viti og tengja síðan símann með þráðlausum hætti við hátalara. Til að komast klakklaust í gegnum þetta þurfti örugga handleiðslu yngri kynslóðarinnar.

Tímabilið frá 10CC til Cardi B er auðvitað bara augnablik í sögu mannsandans. Sú umbylting sem orðið hefur á tækninni er þó gríðarleg og sýnir með afgerandi hætti að við erum stödd í byltingu. Byltingin mun ekki, þótt einhver freistist til að álykta sem svo, snúast um það hvað teljist góð og vond tónlist – hún mun snúast um aðgengi þitt að tónlistinni og vald yfir henni.

Tæknin mun til framtíðar skilgreina áhrifavald okkar – og þess vegna verður hún að einhverju leyti viðfang almennrar menntunar. Sú breyting þarf þó að taka mið af þeim lögmálum sem almennt gilda um breytingar. Hún verður ekki gerð utan frá.

Tækni í skólastarfi má ekki snúast um tækin. Það að tæki séu í notkun (eða ekki í notkun) segir eitt og sér ekki neitt. Það sem skiptir öllu máli er hvernig þau eru notuð (eða ekki notuð) og af hverjum.

Það hljómar hjákátlega nú en sú var tíð að það ríkti ekki almenn sátt á Íslandi um að læsi væri nauðsyn hverjum manni. Enn meiri andstaða var við almenna kennslu skrifrar. Á öllum tímum hafa verið uppi raddir þeirra sem skilgreina grunnmenntun þröngt og telja ásættanlegt eða jafnvel ákjósanlegt að takmarka áhrifasvið nemenda.

Það er ekki svo langt síðan að heimur hins ritaða máls fléttaðist saman við veruleika Íslendinga. Það breytir því þó ekki að við erum löngu farin að skilgreina okkur sem íbúa beggja heima. Esjan minnkaði ekkert við það að Sigurður Þórarinnsson skyldi yrkja um hana. Heimur okkar stækkaði við það að taka loks til ritaðs máls.

Hið sama gildir um tæknina.

Þess vegna snertir tæknin raunar þegar grunnþætti færni okkar. Það er ekki í boði að tréna í viðhorfi gagnvart henni eins og maður hefur tilhneigingu til að tréna í smekk. Skólastarfi má ekki snúast um smekk – og umræðan um tækni og skólastarfi þarf að komast úr þeim förum að hún snúist um áhuga eða andstöðu. Það þarf að fela skólum þá ábyrgð að gera þær breytingar sem gera þarf. Það kallar m.a. á breytingar á kennaranámi, markvissa starfsþróun og öflugt faglegt samstarf.

Breytingarnar þurfa svo kennararnir sjálfir að bera uppi og stýra. Fáir þeir það ekki getum við allt eins jarðað þá með spjaldtölvur og vonað það besta.




Spennandi
ferðir erlendis
við allra hæfi!



Komdu með okkur í ævintýraferð!

- Pílagrímaganga við Salzburg 9. - 17. júní
- Hjóla- og siglingaferð um Kvarnerflóann í Króatíu 14. - 23. júní
- TMB – gönguferð umhverfis Mont Blanc 26. júní - 10. júlí

Allar upplýsingar um þessar og aðrar ferðir okkar á **ferdir.fjallakofinn.is**

Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 9500 | ferdir@fjallakofinn.is 



ARC'TERYX

Marmot

SCARPA

Smartwool
Go far. Feel good.



PETZL

Black Diamond



SEA TO SUMMIT

Julbo

FYLGIR ÞÉR ALLA LEIÐ

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  

Nýr rannsóknar-sjóður stofnaður

Stofnaður hefur verið Rannsóknar-sjóður Kennarasambands Íslands. Tekin var ákvörðun um stofnun sjóðsins á 7. Þingi KÍ í apríl 2018.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til rannsókna sem styðja við skólastarf og dagleg störf félagsmanna Kennarasambands Íslands (KÍ) í skólum, þróa nýja fræðipækkingu sem félagsmenn KÍ hafa þörf fyrir og stuðla að auknum gæðum í skólastarfi.

Rétt til að sækja um styrk hafa virkir félagsmenn KÍ. Nánari upplýsingar eru á vef KÍ.

Kjaraviðræður fyrirferðamiklar í sumar

Eitt aðildarfélag KÍ er þegar með lausa samninga og önnur fylgja í sumar. Félagin hafa verið að funda með félagsmönnum um land allt síðustu vikur til að undirbúa kröfugerð. Kjaramál verða fyrirferðamikil í umræðunni næstu mánuði enda telja kennarar og skólastjórnendur sig eiga inni töluverða leiðréttingu í samræmi við menntun.

Staða kjarasamninga aðildafélaga Kennarasambandsins eru eftirfarandi:


- ▶ *Félag framhaldskólakennara* – lausir samningar frá 31. mars 19
- ▶ *Félag leikskólakennara* – samningar losna 30. júní 2019
- ▶ *Félag stjórnenda leikskóla* – samningar losna 31. júlí 2019
- ▶ *Félag grunnskólakennara* – samningar losna 30. júní 2019
- ▶ *Skólastjórnfélag Íslands* – samningar losna 31. júlí 2019
- ▶ *Félag tónlistarkennara* – samningar losna 30. júní 2019

Samkomulag um launaupplýsingar

Kennarasamband Íslands og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samkomulag um að borgin láti KÍ í té launaupplýsingar um félagsmenn sambandsins.

Tilgangur samkomulagsins er að gera aðilum þess kleift að fylgjast með launaþróun og framgangi kjarasamninga.

KÍ hefur leitað til fleiri sveitarfélaga um gerð samkomulags á sömu nótum. Þeirri málaleitan hefur þegar verið vel tekið í nokkrum sveitarfélögum.



Lilja Alfreðsdóttir mennamálaráðherra kynnrir tillögur um hvernig fjölga megi kennurum í síðasta mánuði.

Fjölgu kennurum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipuleggur kynningarverkefni nú á vordögum sem miðar að því að fjölga kennurum og auka umfjöllun um menntamál. Verkefni þetta er hugsað sem framhald af nýkynntum aðgerðum mennta- og menningarmálaráðherra um launað starfsnám og námsstyrki til nemenda á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi.

Kynningin er unnin í nánu samráði við helstu hagsmunaaðila á menntasviðinu, þar með talið Kennarasamband Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Listaháskóla Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Vonast er til þess að verkefnið stuðli að aukinni meðvitund um mikilvægi kennarastarfsins og hlutverk kennara í samfélaginu. Þá er markmið kynningarinnar að umsóknum í kennaranám fjölgi nú í vor og á næstu árum.

Til grundvallar kynningunnar hefur ráðuneytið tekið saman staðreyndablað, í samvinnu við hagaðila, í samvinnu við hogaðila, í störf kennara í leik- og grunnskólum og þær áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum. Þar verður meðal annars að finna upplýsingar um námsframboð,

Með hvernig fólki vilt þú starfa?

- ▶ Sem kennari hefur þú áhrif á skólastarf og kennara framtíðarinnar.
- ▶ Hvað einkennir góðan kennara? Ef þú sérð þá eiginleika í þínum eigin nemendum eða fólki í þínu nærumhverfi er mikilvægt að þú sáir frá hjá viðkomandi og hvetjir þau/þá/þær til að íhuga kennaranám.
- ▶ Leggjumst öll á eitt og eflum stéttina enn frekar.

kjaramál, starfsmöguleika og fleira. Úr því efni verður jafnframt gert stutt myndband sem dreift verður á samfélagsmiðla á næstu vikum og munu kennaramenntunarstofnanir einnig nýta sér efnið til að kynna námsleiðir sínar og áherslur í kennaranámi. Staðreyndablaðið og annað kynningarefni verður aðgengilegt á vefnum www.komduadkenna.is. Þá verða einnig skipulagðar reglulegar innkomur talsmanna í fjölmiðlum og skólum.

„Við finnum mikinn meðbyr með menntamálum nú um stundir og viðbrögðin við aðgerðunum sem við kynntum í vetur hafa farið fram úr hjórtustu vonum. Þennan meðbyr viljum við nýta, ekki síst til þess að viðhalda umræðu um menntamál og kynna kennaranámið og kennarastarfið. Það

er enda mikilvægasta starfið í okkar samfélagi því á sinn hátt leggja kennarar grunninn að fagmennsku og árangri annarra starfstétta,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Það er von ráðuneytisins að þetta verkefni geti orðið upphaf að frekara samstarfi meðal hagsmunaaðila í menntamálum þar sem aðilar setji sér sameiginleg markmið og vinni að þeim með jákvæðni og áráðni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur kennara og skólafólk til að leggja verkefninu lið. Það er til dæmis hægt að gera með því að deila efni um menntamál og/eða senda ábendingar um fréttir og viðmælendur til ráðuneytisins (kristrun.heida.hauksdottir@mrn.is) eða til Kennarasambands Íslands.

Ársfundur Kennarasambandsins 2019

Formaður KÍ segir lífskjarasamninginn ekki standast án trausts milli aðila



Ársfundur Kennarasambands Íslands var haldinn 8. apríl sl. Á fundinum fór Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ, yfir sviðið í kjaramálum. Hann ávarpaði stóru málin og kom inn á það að til að árangur næðist og lífskjarasamningur gæti staðist yrði að ríkja traust á milli aðila.

„Það á eftir að svara stórum spurningum í kjaramálum opinberra starfsmanna. Vonandi verður hér til þjóðarsátt. Það er þó býsna langt í land með það. Við þurfum að taka stóru málin til umræðu á stóra sviðinu og horfast í augu við það að þau sitja öll pikkföst vegna þess að í samfélag okkar vantar grunnforsenduna, traust,“ sagði Ragnar Þór Pétursson og sagði hann hinn svokallaða „lífskjarasamning“ ekki vera nægan grundvöll nýrrar þjóðarsáttar.

Um lífeyrismálin sagði Ragnar Þór: „Mér þykir leitt að þurfa að segja það en síðustu mánuði hef ég orðið áþreifanlega var við að leikreglur lífeyrissjóðakerfisins eru algjörlega í lausu lofti“.



Mér þykir leitt að þurfa að segja það en síðustu mánuði hef ég orðið áþreifanlega var við að leikreglur lífeyrissjóðakerfisins eru algjörlega í lausu lofti.

„Stóra málið er varðar almannatryggingar er sú staðreynd að veikinda- og örorkuhugtakið er ekki lengur í samræmi við veruleikann. Samfélagið skiptist ekki lengur í veika og heilbrigða; fatlaða og ófatlaða. Starfsþrek okkar getur verið mikið eða lítið, allt eftir tímabilum. Fólk sem áður var nánast afskrifað getur lagt heilmikið af mörkum. Maður skyldi ætla að búið væri að endurspegla þetta í almannatryggingakerfinu. En þar sitja málin föst. Það, af hverju þau eru föst, er grundvallaratriði,“ sagði Ragnar Þór.

Ragnar Þór ræddi vinnumarkaðsmál og sagði: „Vanalegt er að einn hópur sé í gapastokknum hverju sinni sem fulltrúi þeirra sem fengið hafa of mikið. Þetta geta verið lækningar, hjúkrunarfræðingar, þingmenn eða kennarar. Yfirleitt eru þetta opinberir starfsmenn því hækkanir þeirra eru sveiflukenndari. Ein afleiðing hinna miklu sveiflna er að útilokað er að skoða launaþróun út frá hækkanum yfir tímabil. Val á viðmiðunartímabili er um leið val á niðurstöðu. SALEK tilraunin svokallaða miðaðist til dæmis við

ákveðinn upphafspunktur sem kom valdamestu aðilunum á vinnu- markaði best. Slík vinnubrögð sjá til þess að allt sem á því er byggt standi á brauðfótum.“

Undir lok ræðu sinnar sagði Ragnar að í þeim samningum sem nú þegar lögju fyrir hefði verið stigið skref til lóðréttrar launajöfnunar á almennum markaði. „Munur hæstu og lægstu launa á almennum markaði er enda töluverður – og til að mynda miklu meiri en á opinberum markaði. Eftir stendur láréttur launaójöfnuður – það er, á milli markaða. Loforð um jöfnun launa milli markaða á sér tvær hliðar. Til að byrja með eru lægstu launin yfirleitt hærri á opinberum markaði en á almennum. Það má því segja að „lífskjarasamningurinn“ sé fyrsta skref til uppfyllingar samkomulags um jöfnun launa á milli markaðanna. En þá er eftir allur þorri launamanna – sem ranglega fær lægri laun á opinberum markaði en almennum,“ sagði Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ.

Jafnréttis- nefnd segir

► ...að formleg og óformleg jafnréttisumræða verði að vera virk meðal nemenda og kennara á öllum skólastigum. Dæg-urmálaumræða, útgáfa bóka o.m.fl. getur verið góð kveikja að umræðu.

► ...að mikilvægt sé að skipa jafnréttisfulltrúa í öllum skólum til að koma jafnréttismálum í ákveðinn farveg. Grunnþátturinn er mikilvægur og verður illa unninn í hjáverkum. Jafnréttisnefnd hefur stofnað fésbókarsíðu fyrir jafnréttisteymi og jafnréttisfulltrúa allra skólastiga. Síðan heitir *Jafnréttisfulltrúar og jafnréttisteymi* í skólum og á að létta þeim vinnu sem hafa grunnþáttinn á sinni könnu. Þar inni verður hægt að deila hugmyndum og námsefni, viðhafa faglega umræðu og veita stuðning í starfi, að auki verður þar hugmyndabanki að námsefni og jafnréttisgátlistar fyrir hvert skólastig frá jafnréttisnefnd.



► ...að Kynjabókhalld KÍ hafi litið dagsins ljós. Í Kynjabókhalldi koma fram kynjahlutföll félagsfólks innan KÍ bæði eftir aðildarfélögum og þeirra sem vinna í nefndum, ráðum og trúnaðarstörfum, að auki er farið yfir kynjahlutföll starfsfólks KÍ. Áhugasamir geta rýnt í bókhalldið inni á heimasíðu KÍ.

Nesti til nýrra tíma – forystufræðsla KÍ

Á annað hundrað manns mætti á forystufræðslu KÍ sem fór fram þann 20. febrúar sl. í Reykjavík. Því miður féll sami viðburður sem átti að vera á Akureyri niður vegna veðurs. Markmið fræðslunnar var að efla stéttarvitund, virkni, þátttöku og ábyrgð forystufólks sambandsins.

Dagurinn var virkilega vel heppnaður í alla staði en farið var vel yfir starfsemi KÍ og ímynd,

bæði almennt og ímynd KÍ sérstaklega. Það verður að segjast að öll umræða um menntamál er áberandi í samfélaginu og það ber að nýta til góðs. Farið var yfir jafnréttismál, kjaramál og horfur í komandi kjarasamningum og fulltrúar frá Virk sögðu frá starfseminni og greindu mörk einkalífs og vinnu. Að lokum sagði kennari í FB frá sinni reynslu af bráðnun, ekki kulnun, og hvernig kennarar geta stutt hvern annan.

KÍ flytur í Borgartún



Nýtt húsnæði Kennarasambandsins verður á sjöttu hæð í Borgartúni 30.

Starfsemi Kennarasambands Íslands flyst í ný húsakynni í Borgartúni 30, sjöttu hæð, í sumar. Aðdragandinn hefur verið langur en um þessar mundir eru fimmtán ár síðan markvisst var farið að leita leiða við að leysa úr húsnæðisvanda Kennarasambandsins. Húsnæðismál KÍ hafa verið viðfangsefni allra þinga sambandsins síðan árið 2005.

Hið nýja húsnæði mætir nútímakröfum félagsmanna en aðgengismál fyrir fatlaða

og hreyfihamlaða hafa aldrei verið í lagi í Kennarahúsinu. Þá verður aðstaða til funda afar góð í hinu nýja húsnæði sem og vinnuástanda starfsfólks.

Samræður við forsætisráðherra um framtíð Kennarahússins standa yfir og mun Kennarasambandið leita allra leiða til að halda húsinu í sinni vörslu áfram. „Það verður verkefni til framtíðar að marka Kennarahúsinu hlutverk við hæfi þótt ljóst sé orðið fyrir löngu að húsið sé ófullnægjandi

sem höfuðstöðvar stéttarfélags,“ sagði Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ, í bréfi til félagsmanna KÍ þegar kaupin voru kunnngjörð.

„Það er þýðing stór stund í sögu KÍ að færa starfseminu úr Kennarahúsinu. Þetta er þó nauðsynleg breyting svo byggja megi upp starfsemi sambandsins til framtíðar enda var ályktun frá síðasta KÍ þingi alveg skýr í þessu máli og þar með vilji félagsmanna,“ segir Ragnar Þór.



KYNNTU ÞÉR NÁM Í MENNTAVÍSINDUM Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ

Menntavísindasvið Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt nám fyrir starfandi kennara og annað fagfólk í menntakerfinu. Í boði eru ýmsar hagnýtar diplómuleiðir á meistarastigi sem hægt er að stunda samhliða starfi. Námið er yfirleitt skipulagt sem hlutanám í eitt til tvö ár.

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Faggreinakennsla, 60 e

- » Fjöldi kjörsviða í boði

DEILD KENNSLU- OG MENNTUNARFRÆÐI

Menntastjórnun og matsfræði, 30 eða 60 e

- » Stjórnunarfræði menntastofnana
- » Starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf

Menntunarfræði leik- og grunnskóla, 60 e

- » Mál og læsi
- » Kennslufræði og skólastarf
- » Menntun án aðgreiningar

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Uppeldis- og menntunarfræði, 60 e

- » Nám fullorðinna
- » Sérkennslufræði og skóli margbreytileikans

DEILD HEILSUEFLINGAR, ÍPRÓTTA OG TÓMSTUNDA

Hagnýt heilsuefling, 60 e

- Heilbrigði og heilsuuppeldi, 30 e
- Samskipti og forvarnir, 60 e

Umsóknarfrestur er **5. júní**

Sótt er um á **hi.is**

Menntavísindasvið · Stakkahlið v/Háteigsveg · 105 Reykjavík
sími: 525 5950 · menntavísindasvid@hi.is · mennta.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



„Fjarvist unglingsbóka í unglingskennslu algerlega óskiljanleg“

Áfram íslenska – Ráðstefna um stöðu og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir ráðstefnu um stöðu og framtíð íslenskukennslu í skólum landsins. Hún var liður í aðgerðum stjórnvalda til að styrkja íslensku sem opinbert mál en eitt af markmiðum aðgerðanna er að efla íslenskukennslu á öllum skólastigum. Útgangspunktur ráðstefnunnar var niðurstöður rannsóknar á stöðu íslenskukennslu sem miðlað er í nýrri bók sem ritstýrt var af Kristjáni Jóhanni Jónssyni og Ásgrími Angantýssyni, *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Niðurstöðurnar sýna jákvætt og virðingarvert starf en einnig ýmislegt sem betur má fara. Skemmst er frá því að segja að uppbókað var á ráðstefnuna en áhugafólk gat einnig fylgst með streymi af henni.

Ráðist var í áður nefnda rannsókn vegna þess að fræðimenn töldu sig skorta vitneskju um hvernig staðið væri að íslenskukennslu á öllum skólastigum. Kennslan er drifin áfram af góðum kennurum en bæta þurfi aðstöðu og námsefni. Kennarar glíma við það vandamál að vekja áhuga nemenda á tungumálinu.


Huga þarf betur að þeim tækjum og tólum sem kennarar

Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum

Höfundur: Kristján Jóhann Jónsson

Bókin er byggð á rannsókn sem unnið var að á árunum 2013-2016 og var samstarfsverkefni tveggja háskóla, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Höfundar bókarnar eru sjö íslenskukennarar við þessa skóla en þátt tóku auk þeirra meistara- og doktorsnemar við báða skólana. Verkefnið var unnið í samvinnu við starfandi kennara og stjórnendur í 15 grunnskólum og framhaldsskólum.

Útgefandi: Háskólaútgáfan.



nota við íslenskukennslu og þar kemur bókakosturinn sterkur inn. Fram kom í máli Kristjáns Jóhanns Jónssonar að bækur sem nemendur eiga að lesa séu oft afar kennaramiðaðar og að jafnaði 39 ára gamlar. „Til dæmis er fjarvist unglingsbóka úr unglingskennslu fullkomlega óskiljanleg,“ sagði Kristján Jóhann á ráðstefnunni. „Það segir eitthvað um það hvernig skólakerfið skilgreinir íslenskuna sem viðfangsefni.“

Kristján Jóhann sagði jafnframt að einstaklingsframtak góðra

kennara skipti öllu máli en það dygði ekki til. „Umhverfið þarf að spila með, það þarf betri bókakost og það verður að hlúa betur að skólakerfinu,“ sagði hann.

Orð eru til alls fyrst og kennarar og aðrir ráðstefnugestir voru sammála um að spýta þurfi í lófana. Læsi er grunnþáttur menntunar og huga þarf að öllum þáttum tungumálsins – ekki einungis að kenna málfræðina, bókmenntir mega ekki gleymast og val nemenda má alls ekki vera of kennaramiðað.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningar- málarráðherra, setti ráðstefnuna og hóf erindi sitt á því að vitna í vitundarvakningu Kennarasambands Íslands um íslenskuna.

Félaginn

Pamela De Sensi

Skóli: Tónlistarskóli Kópavogs

Námsgreinar: Þverflauta, kammertónlist

- ▶ *Ég er kennari vegna þess að:*
Ég elska að kenna og vinna tónlist með nemendum mínum. Ég nýt þess að sjá nemendur mína lifa sig meira og meira inn í tónlistina og finna hvernig hún auðgar líf þeirra. Ég kenni öllum með það í huga að þeir verði einleikarar en svo ákveða þau bara í framtíðinni hvað þau vilja gera. Það er samt alltaf mikilvægt að stefna hátt og eiga þennan möguleika þó það sé alls ekki markmiðið í sjálfu sér.
- ▶ *Besta stund vikunnar:* Það er erfitt að finna bestu stund vikunnar, því allar stundir eru bestar. Ég þarf ekkert endilega að bíða eftir helgarfrí til að eiga bestu stundir, enda á tónlistarfólk hvort sem er aldrei helgarfrí.
- ▶ *Þessu myndi ég vilja breyta:* Ég myndi gjarnan vilja að mið- og framhaldsnemar fengju meira en klukkutíma í kennslu á viku, því mér finnst það of lítið.



Ég nýt þess að sjá nemendur mína lifa sig meira og meira inn í tónlistina og finna hvernig hún auðgar líf þeirra.



MYND: HELGI SVERRISSON

Ekki lengur hægt að bíða af sér tæknina

Ingvi Hrannar Ómarsson er kennsluráðgjafi í tækni, nýsköpun og skólaþróun hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Ingvi Hrannar hefur vakið athygli héraðs sem erlendis fyrir framsækni störf í þágu menntamála. Ingvi Hrannar hefur verið útnefndur af HundrED sem einn af 100 áhrifamestu kennurum heims, hann hefur hlotið æðstu viðurkenningu Apple á sviði menntamála og síðasta sumar hlaut hann hvatningarverðlaun Menntavísindasviðs HÍ.

Skólavardan lagði nokkrar spurningar fyrir Ingva Hrannar.

Hvernig hefur kennsla breyst með tilkomu snjalltækni? Spurningin ætti í raun að vera hvernig GETUR kennsla breyst með tilkomu snjalltækni því sums staðar hefur kennsla lítið breyst og annars staðar hefur hún gjörbreyst. Snjalltæki eru komin inn í skólana alla, hvort sem það er sem bannaður sími í vasanum á nemendum eða iPad-ar sem skólinn hefur ákveðið að nýta eigi til náms. Það er kannski það sem við ættum helst að vera að skoða. Af hverju sumir fara af stað á meðan aðrir ætla að bíða af sér internetið.

Það sem við sjáum í þeim skólum landsins sem hafa innleitt tækni inn í nám og kennslu, bæði nemenda og starfsmanna, er að verkfærunum fjölga, möguleikar á því að sækja sér þekkingu aukast, færmin við að nýta tækni sem náms-tæki en ekki einungis leiktæki margfaldast og nemendur hafa meiri möguleika í skilum á verkefnum, svo eitthvað sé nefnt.

Eru möguleikarnir endalausir eða er eitthvað sem er hamlandi samhliða þessari tækni? Það eina sem er hamlandi við notkun tækninnar er okkar eigið

ímyndunarafl, sýn okkar á hvað menntun er og hefur alltaf verið og hvort kennarar telja sig vera hluta af lærdómssamfélagi skólans eða ekki.

Sumir telja nefnilega að námi sínu hafi lokið við útskrift úr Kennaraháskólanum fyrir nokkrum árum eða áratugum á meðan aðrir kennarar, á öllum aldri, halda áfram að mennta sig í gegnum miðla eins og Twitter (#mennta-spjall), Facebook-hópa, blogg, hlaðvörp (e. Podcast) eins og Menntavarp og ráðstefnur

– og eru duglegir að fíkta í sínum undirbúningstíma.

Sitja nemendur við sama borð námslega þar sem ekki allir skólar eru með slíka tækni í kennslu? Að sjálfsögðu ekki og það er miður. En það að kaupa tækni eina og sér án þess að ætla að breyta skólastarfi, t.d. með teymis-kennslu, mun lítið gera. Einangraður kennari sem fær ekki stuðning til þess að breyta kennsluháttum og þróast í starfi mun ekki gera það. Skólastjórnendur verða að hafa sýn á af hverju þeir vilja slíka tækni inn, hvaða markmiðum þeir vilja ná og hvaða leiðir á að fara. Það er ekki bara nóg að kaupa tæki og velta svo fyrir sér af hverju þau eru ekki notuð. Ef þú kaupir þér hund, sem þú ætlar ekki að hugsa um né ala upp, skaltu ekki láta það koma þér á óvart ef hann bitur þig einn daginn.

Hvernig finnst þér undirbúningi kennara varðandi þessa byltingu vera háttáð? Aftur fer það eftir skólum. Í sumum skólum sem nýta tækni fá kennarar stuðning til að prófa nýja hluti og breyta til. Þeir fá stuðning af öðrum kennurum með teymiskennslu, í sameiginlegum vinnurýmum, með sveigjanlegum vinnutíma, tækjum eins og fartölvum og spjaldtölvum og öflugum þráðlausu neti sem styðja þá sýn, kennsluráðgjöfum sem vinna með þeim og tækifærum til að þróa sig í starfi með því að fara á ráðstefnur og heimsækja aðra skóla.

Aðrir skólar hafa það bara áfram þannig að hver kennari hafi sína kennslustofu með 20 borðum og 20 stólum. Kennaraborðið er fremst og á því er borðtölva tengd lélegu snúrneti. Mest er talað um stimpilkukkur

og inn- og útskráningu á starfsmannafundum og ef





Ég hef aldrei lært á eitthvað til þess eins að læra á það heldur lært á það með mistökum og tilraunum því ég vil gera eitthvað með það.

kennarar vilja fara á ráðstefnur eða skólaheimsóknir þá þurfa þeir sjálfir að finna einhvern til að leysa sig af.

Ég held að skólastjórnendur og sveitarstjórnarfolk geti ekki lengur setið og beðið af sér tæknina. En innleiðing á tækni mistekst þó í 100% tilvika þegar skólastjórnendur halda að það eina sem þurfi að breytast séu tólin en ekki skólinn.

Er kennaranám að undirbúa kennara í takt við nýja tíma? Það er í raun ekki hægt að kenna beint á tæknina. Lærdómurinn verður til á meðan þú ert upptekinn við að gera aðra hluti. Þú lærir ekki raunverulega á verkfæri fyrr en þú hefur ástæðu til að nota það.

Ég hef aldrei lært á eitthvað til þess eins að læra á það heldur lært á það með mistökum og tilraunum því ég vil gera eitthvað með það. Tæknin uppfyllir einhvern annan tilgang. Þetta er ekki ósvipað því að læra á hljóðfæri. Þeir sem vilja læra að spila á gítar gera það til dæmis af því þeir vilja læra að spila eitthvað ákveðið lag. Þú lærir ekki bara G af því þú vilt það heldur af því að það er G í einhverju lagi. Það er eins með tækninotkun.

Ég held að kennaranám sem hjálpar nemendum að tileinka sér hugarfar þess sem prófar nýja hluti, setur spurningamerki við það hvernig við gerum hlutina og er tilbúinn að breyta því sé að undirbúa kennara í takt við nýja tíma, alltaf. Kennaranám er ekki að undirbúa kennara í takt við nýja tíma með því einu að kenna þeim forritun eða hvernig á að nota iMovie. Þetta snýst um „mindset“ en ekki „skillset“ og því fyrr sem fólk sér það, því betra.

Hvernig verður kennslustofan árið 2050? Ég hef ekki hugmynd... og það er svo spennandi.

Twitter: @IngviHrannar
www.ingvihrannar.com
Hlaðvarp: Menntavarp

Lærum meira þegar námsleiðir eru fjölbreyttar

Lísa Ólafsdóttir og Mira Esther Kamallakharan eru í 10. bekk Réttarholtsskóla. Þær segja snjalltæki vel til þess fallin að gera námið áhugaverðara og skemmtilegra. Þær segja hins vegar að símar séu vaxandi vandamál í skólastofunni, sífellt áreiti sem getur haft viðtæk áhrif. Skólavardan lagði þrjár spurningar fyrir Lísu og Miru.



Lísa og Mira segja að ekki beri að horfa einvörðungu til skjátíma hvers unglings heldur miklu frekar til þess hvað er verið að gera í símanum hverju sinni.

► *Finnst ykkur snjalltæki, símar eða spjaldtölvur, bæta einhverju við kennslu?* Já, snjalltæki geta opnað nýjar leiðir við að læra, aukið áhuga og svo veita þau okkur aðgang að endalausum upplýsingum. Þess vegna finnst okkur að snjalltæki ætti að nýta til að brjóta upp kennslustundir og auka fjölbreytileika námsins. Í íslensku erum við að lesa Gísla sögu Súrssonar og skemmtilegustu tímarnir eru þegar við förum í Kahoot, sem er forrit þar sem hægt er að setja upp spurningar og svör.

Nemendur nota svo símana til að svara og keppa sín á milli. Við notum einnig Quizlet í tungumálakennslu til þess að auka orðaforða og finnst okkur við einfaldlega læra miklu meira þegar námsleiðirnar eru fjölbreyttar og skemmtilegar.

► *Geta þessi tæki haft truflandi áhrif á nemendur í kennslustund?* Við tökum greinilega eftir því að símar eru vaxandi vandamál í skólum og hafa truflandi áhrif í tímum. Krakkar geta ekki lagt símana frá sér og eru alltaf með þá uppi við.

Þetta leiðir til þess að þegar þau fá „notification“ á skjáinn eða þegar þau heyrja þetta „ping“ þá er ekki annað hægt en að athuga hvað er í gangi. Þetta er einskonar „fíkn“ þ.e. maður verður ósjálfrátt spennur og vill ólmur kíkja á símann um leið og maður fær skilaboð. Við tölum af eigin reynslu og setjum því alltaf símann á „do not disturb“ og höfum hann ofan í tösku í kennslustundum.

Þetta sífellda áreiti truflar ekki bara nemandann sem er í símanum heldur alla nemendurna í kring. Þá minnkar einbeiting allra sem hefur áhrif á líðan nemenda í kennslustundinni. Lausn á þessu gæti verið að geyma síma í símahólfum fremst í stofunni. Flestar ef ekki allar kennslustofur í Réttó eru með þessi símahólf, sem eru þó sjaldan notuð. Það mætti nota hólfín og sækja svo símana þegar þörf er á, vonandi sem allra oftast, þar sem það að blanda notkun snjalltækja í kennslu er sníllt og ættu kennarar virkilega að reyna að nýta sér það á skapandi hátt.

► *Kunna unglingar að lifa með þessari tækni?* Þetta snýst að okkar mati ekki endilega um skjátíma heldur frekar um það hvað unglingar eru að gera í símanum og hvernig þeir eru að nýta hann. Við notum símana okkar ekki bara til að vera á samfélagsmiðlum heldur í allskonar hluti, t.d. sem lítið sjónvarp, hlaupaúr, til þess að búa til myndbönd, til að læra ný tungumál, til að tala við vini og ættingja hvar sem er í heiminum og svo auðvitað til að sækja alls kyns upplýsingar í tengslum við námið.

Það er því erfitt að segja að unglingar noti símann sinn of mikið.

Við erum að gera margt lærdómsríkt og notum þessi tæki á skapandi hátt. Þar sem að við höfum alist upp við þróun þessara tækja þá kunnum við að okkar mati að lifa með þeim. Þetta er bara spurning um það hvernig við nýtum tækin á uppbyggilegan hátt.

Sjónarhorn ungmenna

Lísa Ólafsdóttir og Mira Esther Kamallakharan héldu fyrirlestur sem bar yfirskriftina Snjalltækjanotkun – sjónarhorn ungmenna á morgunverðarfundi „Náum áttum hópsins“ á Grand Hótel Reykjavík, 20. mars 2019. Meira um það á www.naumattum.is.

Þrautseigja, lausnamiðun og sköpun

Tölvur eiga að vera hluti af allri kennslu. Börn og unglingar þurfa að læra að nota þessi tæki og það er okkar hlutverk að leiðbeina þeim og benda þeim líka á hvaða áhrif tæknin getur haft á þau sjálf,“ segir Anna María Þorkelsdóttir, kennsluráðgjafi í Hörðuvallaskóla.

Anna María hóf störf í Hörðuvallaskóla síðasta haust og hennar hlutverk er að innleiða nýja kennsluhætti, aðstoða kennara við hæfniviðmið, auka þematengd verkefni og samvinnuverkefni og síðast en ekki síst vinna að því að nýta tæknina enn betur í allri kennslu.

Nemendur í 5. til 10. bekk Hörðuvallaskóla, eins og aðrir nemendur í Kópavogi, hafa góðan aðgang að tölvum og allir fá afhentan Ípad til einkanota. Þá á skólinn líka nokkrar borðtölvur og nokkra tugi Chromebook-véla sem eru í mikilli notkun.

„Við gerum mikið af því að bjóða nemendum að skila verkefnum eins og þau vilja. Ágætt dæmi um þetta er nemandi sem bjó til tölvuleik í forritun hér og skömmu síðar var lagt fyrir verkefni í dönsku sem tengdist tölvuleikjum. Nemandinn gerði sér lítið fyrir og talsetti tölvuleikinn á dönsku og setti líka danskan texta undir. Samþætting af þessu tagi er af hinu góða,“ segir Anna María.


Færni til framtíðar

Meðal valgreina á unglingastigi má nefna forritun, kvikmyndagerð og Makerspace. „Við vorum heppin með kennara í forritun en hann er lærður leikjahönnuður og hefur kennt nemendum að forrita í Unity-forritinu. Þetta er vinsæl valgrein en ég tel afar mikilvægt að allir krakkar læri undirstöðuatriðin í forritun. Við tökum líka alltaf þátt í forritunarvikunni „Hour of Code“ en þá hitta eldri nemendur yngri nemendur og í sameiningu vinna þau verkefni í forritun.“

UT-nám er ekki sérstakt fag heldur eiga tölvur að vera hluti af allri kennslu. „Þannig getum við þjálfað færni sem nýtist klárlega til framtíðar. Hlutverk okkar kennara er að leiðbeina nemendum og benda á aðferðir sem þeir geta nýtt sér í framtíðinni og þær eru margar rafrænar. Dæmi um þetta gæti verið nemandi sem gerir Toontastic kynningu í íslensku; hann setur hana inn á Google Classroom-síðuna fyrir UT-námið og er þá búin að uppfylla hæfni sem er ætlast til þar. Þetta snýst ekki endilega um hversu færir nemendur eru í notkuninni heldur frekar að þeir viti hvaða möguleikar eru í boði og hafi kynnt sér þá vel. Það er mín skoðun að ef nemandi sem hefur nýtt sér fjölbreyttar leiðir við að leysa verkefni og þekkir hvaða tæki og töl geta gagnast í náminu og lífinu almenn hafi náð nauðsynlegri hæfni í upplýsingatækni.“

Anna María hittir hóp nemenda í viku hverri til að ræða hæfniviðmiðin. „Við ræðum margt á þessum fundum en markmiðið er að fá nemendur til að koma með hugmyndir um hvernig þeir vilji uppfylla hæfniviðmiðin. Þeir leggja fram tillögur að verkefnum og bentu til dæmis á að í samfélagsfræði væri gert ráð fyrir umræðum og rökræðu. Þeir sögðust ekki hafa orðið varir við þetta í kennslustundum en þetta vildu þeir vinna með, enda væri það hæfni sem þeir þyrftu að byggja upp fyrir framtíðina.“

Anna María segir mikilvægt að kenna krökkum að temja sér skipuleg



Anna María Þorkelsdóttir



og fagleg vinnubrögð – það sé góður grunnur fyrir framtíðina. „Við erum að vinna með hæfni 21. aldar og hún snýst meðal annars um þrautseigju, lausnamiðun og sköpun. Þetta eru þættir sem munu skipta hvað mestu máli í framtíðinni. Sá sem klárar flókið forritunarverkefni sýnir þrautseigju svo dæmi sé tekið. Tæknin er líka ekki að fara neitt og börn þurfa að læra að nota þessi tæki með uppbyggilegum og góðum hætti,“ segir Anna María og bætir við krakkarnir sjálfir séu meðvitaðir um áhrif tækjanna og velti fyrir sér tölvufikn.

Anna María heldur úti áhugaverðri vefsíðu; kortsen.is. Þar er hafsjór af fróðleik, sem og blogg og tenglar á ýmsar skemmtilegar síður.



Möguleikarnir endalausir

„Við þurfum alltaf að halda á lofti umræðunni um hvaða áhrif tæknin og samfélagsmiðlar geta haft á líf okkar – og spyrja okkur hvort tæknin sé til bóta eða hvort hún hefti okkur á einhverjum sviðum, í námi til dæmis. Þetta snýst um forvörn og er kannski ekkert ósvipað og var talað um tóbaksreykingar árum saman – það hafði þau áhrif að mjög góður árangur náðist í að halda unglíngum reyklausum.“

Anna María segir að á meðan börn séu frædd um tölvutæknina þá sé ekki ástæða til að banna síma í skólum. „Ég er ekki hlynnt slíku banni. Það er nefnilega þannig að ef við leggjum fram áhugaverð verkefni, í hvaða námsgrein sem er, þá vinna krakkarnir vel og þau eru ekki að nota tölvur eða síma í annað á meðan,“ segir Anna María og bætir við að heilt yfir gangi þetta vel en auðvitað hafi líka komið upp vandamál sem tengist tölvunotkun. „Málið er að

taka á slíku strax, ræða við nemandann og reyna að finna lausn.“

Anna María segir möguleikana endalæsa þegar snjalltæknin er annars vegar. Hún segir þó að betra væri ef fleiri öpp væru til á íslensku. „Það má auðvitað gera mun betur í þessu og einkum finnst mér vanta fleiri og fjölbreyttari verkefni sem tengjast lesskilningi. Ég hef heyrt nemendur á unglíngastigi tala um að þeir vilji ná meiri árangri þar en því miður er ekki margt í boði fyrir unglíngana. Þó vil ég segja að það er margt gott að finna á vef Menntamálastofnunar – til dæmis Viskuveituna sem er eldgamalt námsefni en kennir með ágætum hætti hvernig á að nota bókasafn og tölvur sem hluta af hugmynd um margmiðlunarver.“

Spjaldtölvuvæðingin hefur verið hröð síðustu árin, ekki síst í skólastarfi. Kennarar þurfa að fylgjast gríðarvel með og vera í stakk búnir að nota þessi tæki. En eru þeir það? „Já, engin

Nemendur í Hörðuvallaskóla fá spjaldtölvu til einkanota.

spurning. Þeim fer fækkandi sem eru óruggir en að sjálfsögðu þurfa þeir að njóta stuðnings við innleiðingu tækni og í framhaldinu. Við búum afar vel hér hvað þetta varðar; erum með tölvuumsjónarmann innan skólans og svo fáum við spjaldtölvuteymi Kópavogs reglulega í heimsókn. Stuðningur þarf að vera markviss og eins þarf skólinn að hafa skýr markmið í þessum efnum. Við fengum til dæmis lista yfir þau öpp sem spjaldtölvuteyminu fannst að allir kennarar ættu að kunna á. Listinn var sendur á kennara og þeir merktu við þau forrit sem þeir þekktu og fengu svo kennslustund í hinum.“

Anna María er sjálf dugleg að fylgast með þróuninni. „Já, ég er á kafi í þessu og reyni að deila öllu sem mér þykir markvert á blogginn mínu eða á Twitter. Svo eru kennarar og aðrir líka duglegir að segja mér frá forritum og öðru sem þeir rekast á. Þannig hjálpumst við að í þessu.“

Twitter

#snjallirnemendur

Aðalheiður Anna Erlingsdóttir • @adalheidur91

Það var svo gaman í síðustu námslotu í @Haskolinn_Ak! #Kennaranemar fengu að prófa allskyns tæki og tól #kenno_ha #menntasjall #snjallirnemendur #snjallvagninn #komduaðkenna

Grunnskólinn á Ísafirði • @grisafjordur

Lego í 2.bekk #snjallirnemendur

**Anna María Thorkelsd • @Kortsen**

Model UN fundur hjá 9. bekk Hörðuvallaskóla #snjallirnemendur #menntasjall #Hörðuvallaskóli

**Anna María Thorkelsd • @Kortsen**

Multitasking, nemandi í enskutíma notar símann til að hlusta á enska skáldsögu og sinnir þróunarverkefni í þróunavali á sama tíma. #menntasjall #snjallirnemendur

Margrét Þóra Einarsd • @margretthora

Tæknihringekja í lotu hjá #kennaranemar í #kenno_ha í @Haskolinn_Ak Snjallvagninn fenginn að láni hjá @MSHA_UNAK #menntasjall #snjallirnemendur



Börnum er eðlislægt að fikta, skoða og snerta

Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennari í leikskólanum Álfaheiði, segir mikilvægt að börn fái tækifæri til að tileinka sér tæknina í gegnum leik. Spjaldtölvur skili fjölbreyttu og skapandi skólustarfi.

Snjalltæki eru góð viðbót við annað námsefni sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Mikilvægt er að ung börn séu

ekki einungis neytendur stafræns efnis í tækjunum og noti þau sér til afþreyingar heldur læri þau að nýta þennan búnað sem verkfæri og námstæki,“ segir Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennari í leikskólanum Álfaheiði í Kópavogi.

Fjóla hefur áralanga reynslu af innleiðingu á upplýsingatækni í leikskólustarfi, hefur tekið þátt í fjölda þróunarverkefna í þessum málaflokki og í fyrra lauk hún M.Ed prófi með áherslu á tölvu- og upplýsingatækni.

Fjóla segir að þar sem spjaldtölvur hafi verið notaðar í leikskólum hafi þær skilað fjölbreyttu og skapandi skólustarfi. Börnin læri að afla sér þekkingar, vinna úr alls konar efni, búa til stafrænt efni og deila því með öðrum.

„Það er afar mikilvægt að börnin fái tækifæri til að læra á upplýsingatæknina í gegnum leik. Leikurinn er námsleið barna í þessu sem öðru sem þau læra í leikskólanum. Börnum er eðlislægt að fikta, skoða og snerta og þau eiga þess vegna auðvelt með að læra á smáforritin,“ segir Fjóla.

Hún segir stórkostlegt að fylgjast með börnum uppgötva möguleika spjaldtölvunnar þegar kemur að tjáningu. Margmiðlunarbúnaður gerir það að verkum að börnin koma sköpun sinni á framfæri enda mörg smáforrit í spjaldtölvum sem auðveldu sögu- og myndgerð. „Þetta er spennandi tækni og segja má að spjaldtölvur henti börnum vel enda eru þær meðfæri- legar og hannaðar til að virka hvar og hvenær sem er. Spjaldtölvur eru ekki einungis með innbyggðri myndavél, búnaði til hljóð- og kvikmyndatöku og búnaði til gagnavinnslu heldur eru þær einstaklega notendavænar fyrir unga notendur.“



Ég hef upplifað það margoft í kennslu hversu mikið gagn þessi smáforrit gera. Þau eru mörg börnin sem hafa lært að bera fram rétt málhljóð með Lærum og leikum með hljóðin svo dæmi sé tekið.

Auka úthald og bæta árangur

Fjóla segir börnin dugleg að finna sér efnivið og fái þau hæfilega hvatningu og leiðsögn þá séu þau fljót að finna sér myndefni. „Það er líka skemmtilegt hvernig börn taka myndir frá öðrum sjónarhornum en fullorðnir og engar ýkjur að segja að þau taki oft frumlegri og betri ljósmyndir en hinir fullorðnu. Þau er óhrædd við að gera ýmsar tilraunir með myndavélina og oftast en ekki kemur útkoman skemmtilega á óvart,“ segir Fjóla.

Fjóla hefur lengi sinnt sérkennslu og segir hún tilkomu spjaldtölva hafa haft í för með sér byltingu. „Sérkennarar eru sammála um að spjaldtölvurnar hafi í för með sér fjölbreytta möguleika í vinnu með börnum og einstaklingsmiðuðu námi. Spjaldtölvurnar virka afar hvetjandi á börn sem áður var erfitt að fá til samvinnu; þær auka úthald og bæta árangur einstakra nemenda – og þeir fá tækifæri til að vinna á hraða sem hentar þeim.“

Fjóla segir að rannsóknir sýni að spjaldtölvur séu ávallt nýttar á skapandi hátt innan leikskólans. „Snjalltæki eru ekki notuð til afþreyingar í leikskólum hér á landi,“ segir Fjóla.

facebook.com/kennarasamband @kennarasamband facebook.com/skolavardan @kennarasamband facebook.com/kennarasambandislands



Pörf á fleiri smáforritum á íslensku

Þegar blaðamaður Skólavörðunnar fékk að fylgjast með kennslustund hjá Fjólu var verið að nota smáforritið Orðagull sem er ætlað til málörvunar. Staðreynd er að flest smáforrit eru á ensku. Er það áhyggjuefni?

„Það er afar sorglegt hve stjórnvöld veita litlu fjármagni til að þýða eða framleiða smáforrit á íslensku fyrir allra yngstu börnin hérlendis. Nýlega sagði Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, frá því í viðtali á RÚV að 58% barna væru byrjuð að nota tölvur og snjalltæki tveggja ára og yngri og að átta prósent þeirra byrjuðu að nota snjalltæki og tölvur fyrir eins árs aldur.

Það segir sig sjálf að börnin eru mun meira en áður í ensku málumhverfi. Þetta verður að laga því við finnum það í leikskólanum að börnin hafa mun meiri færni í fínhyringum og aukna vitsmunalega færni, en íslenskur málproski þeirra er ekki sá sami og áður. Þau þekkja t.d. litina, bókstafina og tölustafina á ensku. Þau vita alveg ótrúlegustu hluti sem þau hafa séð og lært á YouTube, vitneskja sem kannski kemur þeim ekki alveg að sama gagni og góð færni í íslensku,“ segir Fjóla og bætir við að hún dáist að þeim talmeinafræðingum sem leggi það á sig að búa til smáforrit á eigin kostnað – smáforrit sem hafi svo

sannarlega komið að góðum notum í leikskólanum.

„Ég hef upplifað það margoft í kennslu hversu mikið gagn þessi smáforrit gera. Þau eru mörg börnin sem hafa lært að bera fram rétt máhljóð með *Lærum og leikum* með hljóðin svo dæmi sé tekið.“

Mikilvægt að efla starfsþróun

Tækniþróun er ör og sífellt koma fram nýjungar sem kennarar þurfa að tileinka sér. Fjóla er spurð hvaða augum hún líti þennan þátt starfsins. „Það er afar mikilvægt að menntayfirvöld og sveitarfélög viðurkenni þörf leikskólakennara til starfsþróunar. Það er staðreynd að innleiðing á spjaldtölvum og öðrum tæknibúnaði til kennslu verður engin ef leikskólafólk, og þá er ég að tala um allt starfsfólk, fær ekki tækifæri til þess að læra á tæknina og hvernig hægt sé að nýta hana í kennslu ungra barna. Leikskólarnir geta gefið ungum börnum tækifæri til að fást við hvetjandi og örvandi viðfangsefni.“

Fjóla segir engan vafa leika á því að tæknin geti ýtt undir sköpunarkraft barna, forvitni, tjáningu og fróðleiksfýsn. „Við getum með uppbyggilegri og markvissri tækninotkun búið börnin okkar undir nám og þátttöku í tæknivæddu samfélagi.“

Spjaldtölvur og upplýsingatækni

Börnin á Álfaheiði leysa verkefni í smáforritinu Orðagulli snemma morguns. Einbeiting skín úr hverju andliti meðan þau fylgja fyrirmælum sem berast úr spjaldtölvunum.

hafa að mati Fjólu ekki verið nægjanlega vel nýtt í leikskólum hérlendis. Eins og áður var vikið að þá er ástæðan einkum sú að þekkingu og reynslu skortir meðal starfsfólks leikskólanna. Fjóla segir starfsfólk leikskólanna kalla eftir auknum stuðningi og ráðgjöf í þessum efnun.

„Mig dremmir um að menntayfirvöld hér á landi fari svipaða leið og var farin í Noregi, en þar í landi á að setja 200 milljónir norskra króna í starfsþróun leikskólastarfsfólks með það að markmiði að koma norskum leikskólum inn í framtíðina. Norðmenn stefna að því að allir sem vinna í leikskólum hafi hæfileika og getu til að kenna börnum að takast á við tækni framtíðarinnar. Ég myndi vilja sjá sömu þróun hér á landi,“ segir Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennari og sérfræðingur í upplýsingatækni.

Fjóla heldur úti vefnum Fikt, sem er námsvefur um upplýsingatækni fyrir kennara í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla. Slóðin er fikt.kopavogur.is.

Rúmlega 600.000 áhorf

Gauti Eiríksson, raungreinakennari og umsjónarkennari í Álftanesskóla, hefur á undanförunum árum útbúið YouTube myndbönd tengd náttúrufræði- og stærðfræðikennslu sem hafa hjálpað bæði nemendum hans og öðrum nemendum, hér á landi og erlendis. Þá hefur hann bætt við myndböndum um önnur efni á síðuna sína.

Svava Jónsdóttir skrifar

Gauti Eiríksson er úr Reykhóla-sveit og kynntist stórkostlegri náttúrunni þar þegar hann var að alast upp. Hann flutti suður til að stunda menntaskólanám og stundaði svo nám á náttúrufræðibraut við FVA (Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi). „Ég var kominn með algert ógeð á skóla þegar ég kláraði stúdentspróf með herkjum árið 1996. Ég ákvað eftir stúdentspróf að vera í einn vetur fyrir vestan og fór að vinna í þörungaverksmiðjunni um sumarið. Íþróttakennarinn í skólanum í Reykholti var í fæðingarorlofi, auk þess sem það vantaði náttúrufræðikennara, en ég hafði verið að þjálfa í ungmennafélaginu heima og því fannst skólustjóranum upplagt að fá mig til að kenna íþróttir, sund og náttúrufræði. Ég fór að kenna um haustið en það hafði ekki hvarflað að mér að fara í þetta starf eða að þetta starf ætti við mig. Ég hafði svo sem ekki skap í það heldur og það tók veturinn að læra að hemja það. Ég var rúmlega tvítugur þarna og átti það til að vera þínu skapbráður – en í dag er ég það alls ekki.“

Gauti flutti til Reykjavíkur eftir þennan vetur og hóf nám í líffræði við

Háskóla Íslands. „Ég hafði fundið að kennslan átti við mig en mér fannst líffræðin ekki eiga vel við mig og hóf ári síðar nám við Kennó og tók stærðfræði og líffræði sem sérvið þar og útskrifaðist árið 2002. Ég fór að kenna í grunnskóla í Hafnarfirði, þar sem ég kenndi í þrjú ár, og fór svo að kenna við Álftanesskóla þar sem ég er búinn að kenna í nærri því 14 ár. Ég er raungreinakennari í 7. - 10. bekk og svo kenni ég mínum umsjónarbekk, sem í vetur er 9. bekkur, stærðfræði og náttúrufræði en ég byrjaði með þau í 7. bekk.“

Ýktur í upphafi

Gauti fór haustið 2013 ásamt þáverandi skólustjóra Álftanesskóla á ráðstefnu í Keili um vendikennslu. „Ég vissi mjög lítið um þetta annað en að vendikennsla snerist um myndbönd. Ég hef lengi viljað skoða nýjar leiðir í kennslu eins og í upplýsingatækni og tók ég þátt í því fyrir rúmum 10 árum að þýða stóran forritapakka í náttúrufræði. Þegar ég gerði tilraunina með forritin þá notaði ég þau og glósur. Ekkert annað. Krakkarnir fengu ekki einu sinni bók þannig

að ég var áður búinn að gera tilraunir með eitthvað annað en kennslubækur. Þessi ráðstefna í Keili stóð yfir í heilan dag og voru þar bæði íslenskir og erlendir fyrirlesarar og vinnustofur og á leiðinni heim hugsaði ég með mér að þetta væri eitthvað sem mig langaði til að skoða og spurði skólustjóran hvort

ég mætti ekki prófa. Það var svona hálfur mánuður í skólasetningu og það tók mig nokkra daga að finna út úr tæknilega hlutanum; hvernig ég myndi framkvæma þetta og hvernig ég vildi gera þetta. Ég er búinn að venda hverjum einasta náttúrufræðitíma síðan. Það var rosaleg vinna í byrjun en ég bý ekki til myndbönd fyrir hvern einasta tíma í dag af því að ég á orðið svo mikið

efni. Ég byrjaði þó ekki alveg strax að búa til myndbönd fyrir stærðfræðitíma af því að ég gat ekki gert allt í einu.“

Gauti segir að hann hafi í upphafi verið svolítið ýktur í þessu – hann nýtti myndböndin í tímum og lagði eingöngu áherslu á þau og reyndi að láta nemendur vinna sem mest í tímum. „Í dag er ég farinn að blanda saman vendikennslu og beinni kennslu. Þetta er þó svolítið

Uppi í rúmi

Gauti hefur gert alls konar æfingar þegar kemur að hljóðupptöku. „Það er tvennt sem gerir kennslumyndbönd góð og hefur ekkert með útskýringarnar að gera en það eru gæðin á hljóðinu og hljómfallið í röddinni. Ef það er ekki gott á fólki erfiðara með að meðtaka það sem verið er að segja. Ég tek orðið upp eiginlega öll mín myndbönd uppi í rúmi með sæng í kringum mig til að dempa hljóðið. Ef ég tæki hljóðið upp til dæmis inni í eldhúsi þá væri það eins og ég væri inni í tómri tunnu og það myndi glymja í öllu. Svona einfaldir hlutir skipta líka máli.“

Þess má geta að Gauti er einnig áhugahljósmyndari og heldur úti ljósmyndasíðu. <https://500px.com/gautieiriksson>

Styrkir

Gauti hefur fengið ýmsa styrki í gegnum árin vegna þessa verkefnis, aðallega frá Garðabæ og menntamálaráðuneytinu. Þá hefur hann fengið tækjastyrki hjá fyrirtækjum. „Samsung-umboðið lánaði mér til dæmis búnað sem ég er ennþá að nota. Ég er ekki að vinna þetta allt frítt. Vissulega hef ég ekki fengið hverja einustu mínútu borgaða en hluti af þessu flokkast sem undirbúningstími minn fyrir kennslu.“

Gauti hefur fengið ýmis viðbrögð við myndböndunum á síðunni og segir að einn aðili hafi skrifað að hann hafi bjargað skólagöngu hans.

„Takk fyrir að bjarga lífi mínu með þessu vídeói.“

„Takk, karl sem ég þekki ekki.“

„Mjög áhugavert.“

„Takk. Þetta hjálpaði mér að komast í gegnum erfiðan part í lífi mínu.“

„Þú ert búinn að kenna mér meira en stærðfræðikennarinn minn. Elska myndböndin þín. Þau hjálpa mjög mikið.“

„Þú hjálpar svo mikið þegar maður er að læra heima fyrir próf. Takk fyrir.“

„Takk, karl sem ég þekki ekki.“



Gauti hefur gert

2.550

myndbönd sem
fá mikið áhorf á
vefnum.

breytilegt á milli árganga. Ég kenni mjög mikið beina kennslu í 7. bekk en mjög lítið í 10. bekk af því að þeir nemendur eru orðnir meira sjálfbjarga.“

Orðskýringamyndbönd

Gauti segist hafa byrjað á að gera hefðbundin kennslumyndbönd í náttúrufræði sem séu eins og innlögn í grunninn. „Þar eru glærur með texta og myndum sem ég tala yfir eins og ég sé að kenna á töflu. Ég er búinn að taka nánast allt námsefnið í náttúrufræðinni þannig fyrir í 7. til 9. bekk og meira að segja nokkrar bækur sem er hætt að kenna. Síðan hef ég gert svipað efni í stærðfræði fyrir 7. til 10. bekk. Svo fór ég fyrir nokkrum árum að gera orðskýringamyndbönd bæði í náttúrufræði og stærðfræði.

Ég er kominn lengra með það í stærðfræði en ég fékk þróunarstyrk í þá vinnu. Þar tók ég hvert einasta hugtak og fór í gegnum orðalistan í öllum kennslubókum sem ég fann og á meðan ég var að kenna punktaði ég hjá mér ef ég átti eftir að taka eitthvað fyrir. Þetta eru rúmlega 650 orðskýringamyndbönd tengd stærðfræði og ég er búinn að gera vel yfir þúsund svona myndbönd í náttúrufræði. Það eru miklu fleiri greinar í náttúrufræði þannig að hún er miklu víðfeðmari heldur en stærðfræðin.“

Mismunandi litir

Gauti segir að orðskýringamyndböndin í stærðfræði séu mjög einföld. „Mér finnst vera heppilegra að nemendur þekki myndböndin í sundur. Taflan í orðskýringarmyndböndunum í stærðfræði er dökkgræn en í hefðbundnum stærðfræðimyndböndum er hún svört. Hún er hvít í orðskýringamyndböndum um náttúrufræði. Í náttúrufræði eru mismunandi litir fyrir mismunandi greinar þannig að nemendur sjá hvaða grein er um að ræða.“

Gauti segir að engar ljósmyndir séu í þessum orðskýringamyndum heldur tali hann, skrifi og teikni. „Ástæðan fyrir því að ég er ekki með ljósmyndir þarna er einfaldlega tvíþætt. Ég er einfaldlega fljótari að vinna þetta svona og höfundarréttarmál myndu flækjast fyrir ef ég myndi nota myndir sem aðrir hafa tekið. Ég þældi ekki mikið í þessu þegar ég var að gera fyrstu myndböndin og bara gat það ekki af því að ég var að flýta mér en ég hef ekki í mörg ár búið til myndband nema nota mest mínar eigin ljósmyndir.“

Spilunarlisti

Gauti hefur gert um 2.550 myndbönd í allt og er með um 5-7.000 áhorf í hverri viku og segir hann að fólk í tæplega 60 löndum horfi á myndböndin.

Gauti hefur gert um 2.550 myndbönd í allt og er með um 5-7.000 áhorf í hverri viku og segir hann að fólk í tæplega 60 löndum horfi á myndböndin. Gauti segir að það skipti máli að foreldrar geti horft á myndböndin með börnum sínum.

Gauti segir að það skipti máli að foreldrar geti horft á myndböndin með börnum sínum.

„Ég er kominn með rúmlega 600.000 áhorf. Ég veit að íslenskir krakkar á útlöndum nota þetta líka en ég er með fleiri tegundir af myndböndum. Ég hef til dæmis verið að búa til það sem ég kalla itarefnismyndbönd þar sem ég tek myndir úti í náttúrunni og útskýri það sem þar sést. Ég flokka myndböndin í spilunarlista en það er eina leiðin til að halda utan um þetta því þetta er svo mikið.

Einn spilunarlistinn kallast „Af hverju?“ en þá hef ég tekið myndir úti og svara því til dæmis af hverju regnbogi myndast og af hverju kemur haglé. Ég er líka farinn að setja inn í spilunarlistann myndbönd undir spurningunni „Hvernig?“ og nýlega bjó ég til dæmis til myndband sem kallast „Hvernig virkar myndavél?“. Þetta tengist náttúrufræði óbeint. Ég er líka með spilunarlista sem heitir „Ísland“ en þau myndbönd hef ég tekið út um allt land; stundum segi ég ekki neitt, stundum segi ég eitthvað örlítið á íslensku og stundum eitthvað örlítið á ensku og stundum segi ég eitthvað á báðum tungumálum í sama myndbandinu. Þar er ég til dæmis með myndbönd af norðurljósunum.“



Þegar börnunum blöskrar

Borgþór Arngrímsson skrifar

Hófsemi er ein höfuðdyggðanna sjö í kristinni siðfræði. Einn meginboðskapur Hávamála er sömuleiðis hófsemi og sé litið enn lengra til baka má nefna að yfir inngangi mustervis forngríska guðsins Appolons stóðu þessi orð: meden agan. Hóf í öllu.

Stór hluti fólks, að minnsta kosti í okkar heimshluta, hefur þó ekki tamið sér þessa höfuðdyggð. Hjá okkur er það þvert á móti óhófið sem oft ræður ríkjum. Bílarnir of margir, allir skápar fullir af fötum, margir alltof þungir o.s.frv. Nú borgar sig sjaldnast að gera við heimilistæki, þvottavél sem bílar fer beina leið á haugana og ný er keypt í staðinn. Og sífellt kemur eitthvað nýtt „sem þú verður að eignast“. Þetta þekkja allir. Sumt er stundarfyrirbæri, sem endar í geymslunni og svo í Sorpu, en annað verður nánast ómissandi hluti hins daglega lífs. Farsíminn er í þeim hópi.

Gömul hugmynd

Þótt farsíminn sé ekki ýkja gömul uppfinning eru þó margir áratugir, reyndar næstum heil öld, síðan fjar-skíptaverkfræðingar fóru að velta fyrir sér möguleikum á símtækjum sem ekki væru bundin við fasta staðsetningu. Tæknin var hins vegar ekki til staðar.

Árið 1959 skrifaði breski rithöfundurinn Arthur C. Clarke ritgerð, sem

kannski mætti fremur kalla spádóm. Hann sá fyrir sér svo lítið og létt senditæki að hver maður myndi ganga með það í vasanum og „sá tími mun koma að við getum hringt í einstakling hvar sem er á jörðinni, með því einu að velja símanúmer viðkomandi.“

Clarke nefndi enn fremur að þetta tæki gerði kleift að finna staðsetningu þess sem það bæri á sér og „þannig myndi enginn týnast að óþörfu. Þessi spá rithöfundarins hefur sannarlega ræst. Hann spáði því líka að þessi tæki yrðu komin á markaðinn um miðjan níunda áratug síðustu aldar en það rættist reyndar nokkru fyrr, því árið 1973 sýndi bandaríska fyrirtækið Motorola fyrsta handfarsím-ann. Hann fór reyndar ekki vel í vasa þar sem hann vóg rúm tvö kíló.

Farsíminn er ekki það eina sem Clarke sá fyrir en hann spáði því skömmu eftir 1940 að menn myndu

stíga fæti á tunglið fyrir árið 1970. Hann skrifaði fleiri en 70 bækur. Þekktust þeirra er líklega „Sentinel“ en kvikmynd Stanley Kubrick „2001: A Space Odyssey“ er byggð á henni en kvikmyndahandritið skrifuðu þeir Clarke og Kubrick í sameiningu.

Ekki bara sími

Fyrsta sjálfvirka farsímanetið var opnað í Japan árið 1979. Á þeim fjörutíu árum sem síðan eru liðin hefur þróunin verið örari en nokkurn gat órað fyrir. Þegar þessi tækniþylgja barst til Íslands ríkti nokkur óvissa um nafnið. Handsími, vasasími, smásími og fleiri álíka nöfn heyrðust en orðin farsími eða gemsi (GSM) festust fljótlega í sessi. Í dag er notkun símanna ekki einskorðuð við að hægt sé að hringja úr þeim eða í, þeir eru orðnir sambland síma og tölvu ásamt myndavél. Þessi háþrúðuð tæki kallast snjallsímar, til aðgreiningar frá eldri gerðum. Undratæki segja margir.

Nánast allir með einn, margir með tvo

Í dag á nánast hver einasti maður farsíma. Þetta gildir jafnt um unga sem aldna. Og þessir símar liggja ekki

Sumum dugir jafnvel ekki einn sími. Í strætó, á biðstofum, veitingastöðum og kaffihúsum, alls staðar er fólk gónandi á símann en tekur varla eftir neinu í kringum sig.

allir í vasanum og bíða þess að þeir hringja eða eigendurnir taki þá upp til að hringja. Öðru nær. Ef tækifæri gefst, og jafnvel þótt það gefist ekki, er fólk með símann í hendinni – en þó ekki endilega að tala. Það er bara verið að „tækka á hlutunum“, senda kunningjunum skilaboð, skoða vefsíður eða sendingar frá öðrum, svo eitthvað sé nefnt. Sumum dugir jafnvel ekki einn sími. Í strætó, á biðstofum, veitingastöðum og kaffihúsum, alls staðar er fólk gónandi á símann en tekur varla eftir neinu í kringum sig. Iðulega má sjá tvö eða fleiri ungmenni ganga hlið við hlið. Í stað þess að spjalla saman er hver og einn með augun og puttana á símanum. Allir kannast við þessar lýsingar.

Símafíkn

Fyrst eftir að farsímarnir komu til sögunnar leiddu líklega fáir hugann að því hve stórt hlutverk þetta undrataeki (sem það vissulega er) myndi leika í daglegu lífi fólks. Fáum datt í hug að setja þyrfti sérstakar reglur um notkun farsímans. Þegar farið er í leikhús eða á tónleika eru viðstaddir beðnir um að slökkva á farsímunum og við útfarir eða aðrar kirkjulegar athafnir gildir hið sama.

Víða hefur farsímanotkunin og það sem henni fylgir (skilaboð og tölvupóstur) mikið verið rædd og á mörgum vinnustöðum hafa verið settar ákveðnar reglur varðandi þessa notkun, einkum tölvupóstsendingar utan vinnutíma. Margir skólar hafa sömuleiðis sett ákveðnar reglur um notkun símanna.

Þegar heimilissíminn var eini sími heimilisins var svonefnd símafíkn óþekkt en með tilkomu farsímans hafa margir, og þeim fer sífellt fjölgandi, orðið símafíkninni að bráð. Þar er enginn aldurshópur undanskilinn en tiltölulega fæsta fíkla er að finna meðal eftirlaunafólks.

Börnunum blöskrar

Á fjölmörgum heimilum er síðdegisdagur og kvöldmatartíminn eina samverustund fjölskyldunnar; heimanám, kannski með aðstoð foreldra, matartilbúningur og kvöldmatúrinn ásamt uppvaski og tilheyrandi. En síminn kærir sig kollóttan um slíkt og mörg börn upplifa það að foreldrnir séu mjög uppteknir af símanum.

„Þetta gæti verið mikilvægt“ eða „ég á von á mikilvægum tölvupósti vegna vinnunnar“ er algengt viðkvæði foreldra. Börnunum leiðist þetta og finnst þau vera afskipt og að síminn sé sífellt tekinn fram yfir þau.

Símasamningurinn

Fyrir nokkru kvörtuðu börnin í 2. bekk (7-8 ára) í Fynslundskólanum í Kolding

á Suður-Jótlandi undan því við bekkarkennarann að foreldrnir væru alltaf svo uppteknir við símann að þeir mættu ekki vera að neinu. Ein stúlka nefndi að kvöldið áður hefði hún verið að undirbúa matinn, mexíkóskar pönnukökur, með pabba sínum. Hún hefði spurt hvort ekki væri nóg að hafa þrjú avokadó (lárperur) í maukið með pönnukökunum. Pabbinn, með símann í höndunum, svaraði ekki og þegar hún spurði aftur hváði hann. Undir þessa lýsingu tóku mörg börn í bekknum og sögðu hana dæmigerða; foreldrnir svöruðu út í hött og gæfu sér einfaldlega ekki tíma til neins annars en vera í símanum.


Kennarinn spurði hvað þau vildu gera í því. Þá stakk einn nemandinn upp á því að bekkurinn myndi í sameiningu búa til símareglur, eins konar samning sem allir á heimilinu myndu undirrita. Þetta þótti öllum í bekknum heillaráð og létu ekki sitja við orðin tómt. Útkoman var samningur sem börnin ákváðu að kalla „Símasamning fjölskyldunnar“. Hann er ekki flókinn.

Síminn er lagður til hliðar

- ▶ Í klukkutíma þegar komið er heim úr skóla eða vinnu
- ▶ Meðan heimanám fer fram
- ▶ Meðan kvöldmatúr er borðaður

- ▶ Eftir kvöldmatinn meðan vaskað er upp og gengið frá
- ▶ Þegar fjölskyldan horfir á sjónvarpið saman

Hægt er að bæta við fleiri atriðum ef þurfa þykir. Fjölskyldan skrifar svo undir og samningurinn er látinn vera á áberandi stað, t.d. á hurðinni á kælikápnunum.



Samstaðan skapar þrýsting á foreldrana

Andreas Lieberoth, aðjúntur við Háskólann í Árósum, sagði í viðtali við Danska útvarpið (DR) að annarsbekkingarnir í Fynslundskólanum ættu mikið hrós skilið fyrir að hafa haft frumkvæði að símasamningnum. Hann hafði ekki áður heyrt um slíkan samning en kvaðst viss um að margir myndu notfæra sér hugmyndina. „Börn vilja nefnilega skýrar reglur og standa við þær.“

„Samningur skapar líka ákveðinn þrýsting á foreldrana, sem fá að heyra að það séu allir með þennan samning og þau geti ekki

annað en verið með,“ sagði Andreas Lieberoth.

Samningurinn er, eins og áður sagði, nýtilkominn en hefur vakið talsverða athygli í Danmörku. Danska útvarpið hefur fjallað ítarlega um hann á vefsíðu sinni og á aðalrás útvarpsins og sömuleiðis hefur verið sagt frá honum í nokkrum stærstu blöðum landsins.





**Sjálfst
listgr
kennara**

Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, varði í vetur doktorsritgerð sína „Að verða listkennari – lærdómsferli listamanna“ frá Háskóla Íslands. Rannsóknin fjallar um nám og námsferli þeirra listamanna sem bæta við sig kennaranámi og sjálfsmynd listgreina-kennaraefna er áberandi í henni.

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þær áskoranir sem mæta nemendum sem koma inn á nýjan vettvang og hefja nám í kennslufræðum á meistarastigi og er markmiðið meðal annars að þróa áfram meistaranám fyrir listamenn. Niðurstöður sýna að hjá þátttakendum eiga sér stað nokkur átök sem tengjast því að fara á milli vettvanga, úr heimi listanna yfir í heim skólanna. Meginniðurstöður Kristínar eru að sú vegferð að tileinka sér nýja sjálfsmynd sem listkennari meðfram því að vera listamaður krefjist tíma. Því hafi lenging kennaranáms töluvert að segja. Þá má nýta niðurstöður rannsóknarinnar við þróun og uppbyggingu frekara meistara- og doktorsnáms fyrir listamenn á Íslandi.

Kristín Valsdóttir byrjaði að læra á píanó þegar hún var sex ára. „Amma mín, sem var frá Seyðisfirði, lærði á píanó. Hún sigldi um tvítugt ásamt vinkonu sinni til Berlínar árið 1931 og þar lögðu þær stund á píanó- og söngnám. Þær voru þó ekki lengi þar vegna uppgangs nasismans. Þó amma lærði síðar hjúkrunarfræði starfaði hún einnig sem píanókennari og undirleikari. Þegar hún giftist afa og flutti til Siglufjarðar með sitt píanó bættist það við þau tvö sem hann átti fyrir. Þau ákváðu því að senda píanó til fjölskyldu minnar í bæinn og þannig kom Pedersen-píanó afa á heimilið þegar ég var sex ára. Í framhaldinu vorum ég og systir mín, sem er tveimur árum eldri, sendar í píanónám. Mér fannst ofsalega gaman að spila þangað til mér var gert að æfa mig dálítið mikið. Ég er frekar mikil félagsvera og var á kafi í dansi og handbolta og fannst ekki spennandi að sitja ein við hljóðfærið í marga klukkutíma á dag. Ég tók mér þess vegna pásu sem unglingur en byrjaði aftur að læra á píanó undir tvítugt.“

Tónlistin togaði einfaldlega í Kristínu Valsdóttur. „Tónlist er eitthvað sem ég hef alltaf tengt við. Ég hef alltaf sungið mikið og foreldrar mínir sögðu að ég hefði þau í svefn þegar ég var lítil og að ég hefði á tímabili eiginlega sungið meira en talað. Ég gat farið inn í annan heim þegar ég var að spila og syngja. Ég var mikið tilfinningabúnt og ég fékk einhverja útrás í tónlistinni.“

Nám í Salzburg

Kristín stundaði nám á náttúru- og síðar félagsfræðibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti og eftir stúdentspróf kenndi hún í grunnskólanum á Eskifirði í einn vetur. „Sú reynsla mótaði framtíð mína að miklu leyti því mér fannst svakalega skemmtilegt að kenna og þykir enn. Einnig notaði ég tímann til að halda píanókunnáttunni við og var í tímum hjá Pavel Smid sem kenndi við tónlistarskólann og varð síðar organisti við Fríkirkjuna í Reykjavík.“

Enn togaði tónlistin í Kristínu en hún lauk síðar tónmenntakennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands og starfaði eftir það í fimm ár sem

tónmenntakennari og almennur kennari við Vesturbæjarskóla. Hún stundaði á sama tíma bæði píanónám og söngnám og hún hefur verið í kórum í áratugi. „Tónlist er eitt af tjáningarformum manneskjunnar. Við tjáum okkur með orðum, tónlist, myndum, látbragði og hreyfingum. Þessi tjáningarmáti hentar mér mjög vel.“

Kristín fór síðan í tveggja ára framhaldsnám í tónlistar- og danskennslu við Orff Institut, tónlistarháskólann Mozarteum í Salzburg í Austurríki. „Þannig gat ég tengt saman tónlistarhugann og hreyfiþörfina; dansinn.“

Hún kom heim árið 1992, kenndi um tíma í Vesturbæjarskóla og varð stundakennari og síðar aðjúntk við Kennaraháskóla Íslands til ársins 2008. Kristín starfaði á þessum tíma líka við tónlistarkennslu og kórstjórn í Vesturbæjarskóla og við Dómkirkjuna og Tónlistarskólann í Reykjavík. Þá var hún kennari á sviðslistadeild Listaháskóla Íslands og stundakennari við tónlistardeild og í kennslufræði skólans.

Kristín útskrifaðist árið 2006 með meistara-gráðu í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur verið deildarforseti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands frá því að deildin var stofnuð árið 2009.

Kristín segir að verkefnið sem hún hafi sinnt í starfi sínu við LHÍ séu ótrúlega skemmtileg. „Hér hafði kennaranám verið í boði, byggt sérstaklega á því sem hafði verið í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Þegar lög um menntun kennara og skólastjórnenda um að allir kennarar skuli ljúka meistara-gráðu voru sett þá var tekin sú ákvörðun hér innanhúss að bæta við fimmtu deildinni, listkennsludeild, við skólann. Hún er kennslufræðideild en fyrir voru deildir tengdar hönnun og arkitektúr, myndlist, sviðslistum og tónlist. Stjórnendum á þeim tíma fannst skólinn ekki mega vera eftirbátur annarra háskóla og að við yrðum að byggja undir kennaranám listamanna og þar með listmenntun allra barna. Nýjungin var að þetta yrði eingöngu meistaranám; tveggja ára nám fyrir þau sem hefðu lokið BA-gráðu í listum og að í deildinni kæmi saman fólk úr öllum listgreinum. Hér fara nemendur í áfanga sem eru tengdir viðkomandi listgrein en nemendur úr öllum greinum fara svo saman í tíma í almennri kennslufræði, heimspeki og sálarfræði og svo í valnámskeið. Þeir eru því að deila reynslu sinni og fólk uppgötvar nýjar hliðar á sjálfu sér þegar það er svona mikið samkrull og samvinna í gangi.“

Í doktorsnám

Upphafið að doktorsverkefninu má segja að hafi verið árið 2008 þegar Kristín sótti um doktorsnám við háskólann í Perth í Ástralíu. Kristín segir að þegar hún hafi verið komin með fulla stöðu við háskóla og séð fyrir sér að hún vildi leiða rannsóknarverkefni þá hafi henni fundist hún verða að hafa doktorsgráðu. „Í meistaritgerð minni fjallaði ég um hvað einkennir farsæla

mynd greina- aefna

Texti: Svava Jónsdóttir

tónmenntakennara og mig langaði til að kafa dýpra. Ég fór fljótlega að vinna rannsókn um fagvitund tónlistarkennara og sendi spurningalista til allra sem útskrifuðust hér á landi vorið 2007 með tónmennta- eða tónlistarkennara-próf. Á grundvelli þeirra svara sem ég fékk vann ég drög að rannsóknaráætlun fyrir doktorsrannsókn og sótti um doktorsnám við háskólann í Perth í Ástralíu. Ástæða þess að ég valdi þennan skóla var að Robert Faulkner tónlistarkennari, sem var prófdómarinn minn í meistaranáminu, var kominn þar með gestaprófessorsstöðu auk þess sem þar var breskur prófessor starfandi sem er leiðandi fræðimaður á sviði fagvitundar tónlistarkennara. Svo var þetta líka ákveðin ævintýraþrá. Ég komst inn og var að fara að flytja út þegar hrúnið varð og gerði það fjárhagslega ómögulegt fyrir mig að flytjast yfir hálfan heiminn. Ég afþakkaði því plássíð og í kjölfarið sótti ég um starf deildarforseta listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, sem þá var auglýst, og fékk starfið. Um áramótin 2009-2010 sótti ég síðan um og fékk að færa doktorsverkefni mitt yfir til Háskóla Íslands.“

Áherslurnar í doktorsverkefninu breyttust smátt og smátt. „Það vöknudum alls konar spurningar þegar ég var komin á kaf í vinnu við Listaháskóla Íslands við að móta alveg nýtt meistaranám með samstarfsfólki mínu. Við veltum fyrir okkur hvaða kröfur við ættum að gera og hvernig við ættum að mæta vel menntuðum listamönnum sem margir höfðu ekki mikinn fræðilegan bakgrunn og samtímis að virða reynslu þeirra og þekkingu. Námið varð að uppfylla kröfur sem gerðar eru til náms á meistarastigi samfara því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og virða þekkingu þeirra þó hún sé öðruvísi en þekking þeirra sem eru nýkomnir úr BA-námi úr öðrum greinum við háskóla. Við veltum því fyrir okkur hvernig þeim liði að takast á við þetta nýja umhverfi – í nýju fagi sem krefst annarra vinnubrögða en þeir hefðu þjálfun í. Þetta voru of stórar og flóknar spurningar til að ég gæti einungis beint þeim að einu fagi, tónlistinni. Ég fann fljótlega að ég yrði að beina sjónum að því hvað við værum að gera í listkennsludeild og hvaða ögrunum og áskorunum nemendur þar stæðu frammi fyrir. Vorið 2011 hitti ég svo aðalleiðbeinanda minn, dr. Rineke Smilde, og rannsóknin mín tók þá stefnu sem ég hef haldið síðan.“

Ákveðin sjálfsmyndarvinna

Kristín segir að í samtölum sínum við nemendur hafi hún komist að því að sumir voru svolítið hræddir. „Nemendum fannst mörgum erfitt að

fara inn í svona fræðileg vinnubrögð. Við því vildum við bregðast því í kennsluréttindanámi fyrir listamenn tel ég afar mikilvægt að nemendur haldi í og þroski vinnubrögð sem þeir hafa tileinkað sér í sínu fagi samhliða því að kynna öðrum og oft fræðilegri vinnubrögðum. Einnig fengu nemendur neikvæð viðbrögð úti í samfélaginu gagnvart því að fara í kennaranám og þá sérstaklega þeir sem voru þekktir listamenn. Eitt af verkefnum nemenda við upphaf náms var að halda dagbók tengda náminu. Ég ákvað að fá leyfi þeirra til að nýta dagbókarskrifin í mína rannsókn til að fá betri innsýn í hvernig þeim liði við upphaf námsins hjá okkur. Það voru 22 nemendur sem hófu nám árið 2012 og ég bað þá að skila mér hugleiðingum sínum um námið, hvað þeir væru að læra, hverjar væru áskoranirnar og hvernig þeim liði. Þannig gæti ég betur gert mér grein fyrir hverjar þessar helstu áskoranir þeirra væru og komið meira til móts við þeirra þarfir.“

Þessir 22 nemendur úr ólíkum listgreinum skiluðu Kristínu hugleiðingum sínum vikulega. Stundum var þetta ein málsgrein og stundum jafnvel tvær blaðsíður. „Ég notaði síðan niðurstöður úr dagbókunum til að móta viðtalsramma fyrir viðtöl við útskrifaða kennara til að sjá hvernig þeir hefðu þroskast sem kennarar. Ég var meðvituð um að þeir væru að takast á við áskoranir varðandi fræðileg vinnubrögð og þetta samkrullgreina. Það sem kom mér hvað mest á óvart var hvað þeir skrifuðu mikið og var greinilega hugleikið hvað þeir fengu neikvæð viðbrögð frá kollegum sínum varðandi það að þeir væru að fara í kennaranám. Það var eins og þeir væru einhvern veginn að taka niður fyrir sig. Þeir voru jafnvel spurðir hvort þeir væru hættilir að vinna sem listamenn og hvort þeir væru ekki að „meika það sem listamenn“. Það skerpti á þælingum mínum varðandi það hvernig sjálfsmynd þeirra væri og gæti þróast. Ég hafði þælt mikið í því í meistaverkefninu en þarna kom það sterkt inn. Þetta á við fleiri en listamenn því þetta á líka við um aðra hópa sem bæta við sig kennsluréttindum ofan á annað nám; það fer fram ákveðin sjálfsmyndarvinna sem er nauðsynleg. Hluti af niðurstöðum mínum er að einstaklingar þurfa að fara í gegnum ákveðna sjálfsskoðun ef þeir ætla raunverulega að tileinka sér að verða kennari en ekki bara að „redda sér“ kennsluréttindum.“

Námsmenningin

Titill rannsóknarinnar er „Að verða listkennari – lærdómsferli listamanna“. „Það er ferli að „verða“. Þeir sem fara í kennaranám verða að taka það inn í myndina. Viðkomandi er ekki bara að ná sér í próf. Viðkomandi hættilir ekki að vera myndlistarmaður eða efnafræðingur. Við höfum margar sjálfsmyndir og við verðum að vinna í því að verða líka kennarar.

Þegar listafólkið hefur kennaranám þá hefur það mjög skýra og sterka sjálfsmynd sem listafólk. Flest þeirra hafa starfað sem listamenn og ætla ekkert að yfirgefa þann vettvang. Það skiptir þess vegna máli þegar maður byggir upp námsumhverfið og námsmenninguna að við virðum nemendur og sjálfsmynd þeirra þegar þeir koma í skólann og að við séum ekki að búa til strúktúr og námsmenningu og segjumst ætla að hafa þetta „svona“, óháð því hvaða þekkingu og reynslu nemendur hafa. Þegar við erum að bjóða nám fyrir fullorðna námsmenn þá verðum við að horfa til þess sem námsmaðurinn hefur gert og hver hann er. Þannig skiptir sjálfsmyndin og það sem listamaðurinn tekur með sér inn í námið gífurlega miklu máli.

Nemendurnir fara í ákveðin skyldunámskeið en við þurfum líka að ihuga hvar hæfileikar þeirra og þekking nýtast sem best.

Við bjóðum þess vegna upp á opin námskeið og sjálfstæð verkefni til að taka tillit til reynslu þeirra og þekkingar. Við þurfum að leyfa fólki að hafa ákveðið svigrúm innan rammans til að taka frumkvæði að verkefnum og efla sig sem kennarar á vettvangi.

Hitt er svo að nemendur eru að fara inn í nýtt fag; þeir eru ekki bara í meistaranámi sem myndlistarkona eða tónlistarmaður. Þeir eru í meistaranámi sem kennaranemendur og það þýðir að þeir eru að koma inn í nýja fræðigreina þar sem er nýtt orðfæri og öðruvísi vinnubrögð og það þarf tíma til að tileinka sér það. Í svona námi þarf að finna leiðir til þess að viðkomandi geti þróað það með sér af því, eins og ég sagði áður, þá viljum við ekki útskrifa fólk sem segist bara hafa tekið kennsluréttindin. Það þarf að tileinka sér að verða kennari. Það tengist sjálfsmyndinni.“

Kristín segir að lokaniðurstaðan sé að námsmenningin skipti gífurlegu máli. „Námsmenningin þarf að mótast af því að horfa til þekkingar og reynslu nemenda. Jákvæð samskipti skipta miklu máli og að allir séu á jafningjagrunni; þó ég sé



Námsmenningin þarf að mótast af því að horfa til þekkingar og reynslu nemenda. Jákvæð samskipti skipta miklu máli og að allir séu á jafningjagrunni.

sérfræðingur í kennslufræði eru hér jafnvel listamenn á heimsmaelikvarða í námi og þar með sérfræðingar í sínu fagi. Við nálgumst öll viðfangsefnið kennslufræði listgreina á jafnréttisgrunni. Það að tileinka sér nýja sjálfsmynd sem listkennari meðfram því að vera listamaður krefst, eins og áður segir, tíma og lenging kennaranámsins hefur því töluvert að segja. Þessi námsmenning sem ég talaði um leggur einnig áherslu á ígrundun í náminu og að finna tíma fyrir samtal vegna þess að hluti af því að þróa nýja sjálfsmynd felst í því að maður verður að fara svoltíð inn á við. Það er ekki nóg að hlusta, tala og lesa um eitthvað heldur þarf nemandinn að fhuga hver hann er í þessu samhengi og prófa sig áfram. Það að skrifa dagbók, eins og ég lét nemendur gera, gerir þeim meðal annars kleift að ígrunda markvisst það sem þeir voru að gera og tengja við fyrri reynslu.“

Að fjölga góðum listkennurum

Kristín segir að aðalmarkmiðið með doktorsverkefninu sé að byggja upp og þróa gott nám og mennta fleiri góða listamenn til að verða kennarar. Niðurstöðurnar geti nýst við þróun og uppbyggingu frekara náms á meistara- og doktorsstigi fyrir listamenn. „Ég er listkennari og markmið mitt hefur alltaf verið að efla listirnar inni í menntakerfinu. Fókusinn í doktorsverkefninu er því á það sem ég er að gera hér. Verkefni mitt er að mennta góða kennara og búa til gott nám fyrir listkennara en lokamarkmiðið er að fjölga góðum listkennurum úti í samfélaginu. Ef tæknin á að taka við ákveðnum hlutum sem við manneskjurnar erum að gera í dag þá þurfum við að rækta það sem er tengt mennskunni, sem er meðal annars það að tjá sig í listum. Við þurfum að leggja áherslu á að rækta góðar manneskjur, samkennd og skapandi eiginleika einstaklinga sem geta tekið á við ófyrirséða hluti í framtíðinni. Og við getum notað listirnar til að tjá svo ótrúlega marga hluti sem tækni og vélar geta ekki. Auk þess eru listir vel til þess fallnar að varpa nýju og gagnrýna ljósi á ýmislegt í samfélaginu og eru þannig mikilvægt tæki til að efla gagnrýna hugsun nemenda.“



Kristín Valsdóttir varði doktorsriggerð sína „Að verða listkennari – lærdómsferill listamanna“ 25. janúar 2019. MYND: HÍ/GUNNAR SVERRISSON

Kristín segir að um sé að ræða fyrstu rannsóknina sem gerð er á háskólamenntun listamanna á Íslandi. „Mér finnst það ekki vera spurning að við sem erum stjórnendur innan Lista-háskólans eigum að horfa til þess hvað það er sem skiptir máli. Eitt af því sem kemur fram er að það þarf kannski að vinna meira saman milli listgreina. Það er líka þörf fyrir að við opnum kannski á meistaranám þar sem allar listgreinar koma saman í skapandi vinnu; ekki bara í kennslufræði. Það má líka segja að niðurstöður rannsóknarinnar hafi haft áhrif á uppbyggingu nýrrar námsleiðar við listkennsludeild. Það hversu ánægðir nemendur hafa verið með samtal á milli ólíkra greina, samhliða markmiðum okkar að fjölga kennurum sem nýta sér aðferðir lista í

námi og kennslu, varð til þess að nú í haust verður í fyrsta sinn boðið upp á kennaranám við deildina fyrir þá sem lokið hafa BA- námi í öðrum greinum en listum. Þeir geta þannig tekið meistaraþráðu í kennslufræðum með áherslu á aðferðir lista í skólastarfi.“

Kristín segir að doktorsnámið sé langt ferðalag. „Ég segi eiginlega að doktorsgráða sé gráða í þrautseigju og úthaldi. Það var hins vegar skemmtilegt ferðalag og góð tilfinning að hafa tekið sér tíma og orku til þess að kafa svona vel ofan í viðfangsefnið sem er nátengt vinnu minni. Það er ómetanlegt að mínu mati að hafa kafað svona djúpt; ekki bara praktískt heldur einnig fræðilega, samhliða því að móta starfið. En ég er líka voðalega fegin að vera búin.“



Vinnu- umhverfis- nefnd segir...

► ...að nú eigi námsráðgjafar gátlista til að meta vinnuumhverfi sitt og aðbúnað eins og aðrir hópar sem starfa innan skólastofnana. Gátlistinn á að ná yfir öll þau atriði sem lúta að starfi innan skóla. Gátlistann er að finna á heimasíðu KÍ undir KÍ/Um KÍ/Vinnuumhverfisnefnd/Gátlistar.



► ...að leggja þurfi áherslu á að minnka álag í starfi kennara allra skólastiga. Stjórnendur, ekki síður en kennarar, verða að vera vakandi fyrir eigin líðan og annarra og þekkja einkenni kulnunar. Mikilvægt er að ræða saman um möguleg einkenni. Einkennum svipar stundum til þunglyndis en tengjast aðstæðum í starfi og einkalífi á meðan þunglyndi er viðvarandi og óháð aðstæðum. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu KÍ undir KÍ/Ann- að/Velliðan í vinnu/Streita og kulnun.



► ...að nú á vordögum muni fara fram könnun á ofbeldi í garð kennara. Byrjað verður á grunnskólakennurum og eru þeir beðnir um að svara könnuninni um leið og hún berst. Hún mun berast frá netfangi Kennarasambandsins og verður ekki rekjanleg til einstaklinga.

Tjáning og samræður að árangri

Um eitt hundrað börn með annað móðurmál en íslensku stunda nám í grunnskólum Akureyrar. Þau hafa ólíkan bakgrunn og þarfir þeirra í skólanum eru margs konar. Helga Hauksdóttir kennsluráðgjafi hefur síðustu sjö árin unnið við að halda utan um þessa nemendur og vera kennurum og foreldrum til ráðgjafar og aðstoðar.

Blaðamaður Skólavörðunnar heimsótti fræðslusvið Akureyrar fyrir skömmu og fékk Helgu Hauksdóttur til að segja frá starfi sínu, áskorunum og framtíðarsýn. Hún var fyrst spurð af hverju hún hefði sóst eftir starfi kennsluráðgjafa á sínum tíma.

„Mér fannst tímabært að skipta um starf og mig langaði ekki að verða gamall skólastjóri sem allir væru orðnir þreyttir á. Mér þótti sú ákvörðun að leggja niður móttökudeildina hér í bæ afar spennandi og í raun má segja að ég hafi elt erlendu nemendur mína í Oddeyrarskóla út úr skólanum. Ég sótti um starfið og er afar þakklát fyrir að hafa fengið það,“ segir Helga og bætir við að mikill áhugi á fjölmenningu og kennslu barna með annað tungumál hafi líka gert útslagið.

Helga segir það hafa verið pólitíska ákvörðun að leggja móttökudeildina, sem áður hafði verið kölluð nýbúadeild, niður. Það hafði í för með sér að börn

með annað móðurmál en íslensku fóru eftir það í sína hverfisskóla.

„Þegar hin svokallaða nýbúadeild var sett á stofn árið 2001 voru sárafaír erlendir nemendur hér og svo var fyrstu árin, yfirleitt um 20 krakkar í deildinni. Um 2006 tók þessum börnum að fjölga mjög, einkum pólskum krökkum. „Þegar margir krakkar af sama þjóðerni eru í sömu bekkjardeild er mjög eðlilegt að þau haldi saman og tali sitt móðurmál. Um leið minnkar stundum áhuginn á að kynnast öðrum bekkjarfélögum og að leggja sig fram við íslenskunám,“ segir Helga. „Þó svo að móttökudeildir hafi ýmsa kosti var ég mjög sammála því að erlendir nemendur færu í sína hverfisskóla. Við þurfum að huga vel að félagslegri stöðu þeirra og vinatengslum og það er best að gera það í því hverfi sem þau búa í. Þau eiga að vera eðlilegur hluti af öllu skólastarfi allra skóla.“

Helga segir að fyrsta daginn í nýju starfi þá hafi hún fengið skrifborð og stól. „Starfið var óskrifað blað og það var auðvitað svolítið spennandi. Ég

„Það er mikilvægt að það sé lesið fyrir börnin á þeirra móðurmáli, þau heyri málið og við hvetjum krakka til að hafa skemmtilega bók á sínu móðurmáli í töskunni. Það er hluti af yndislestri sem felur í sér að krakkar lesa sér til skemmtunar,“ segir Helga Hauksdóttir kennsluráðgjafi.

lykill

hafði tekið nokkra kúrsa í fjölmenni við menntavísindasvið HÍ í meistaranáminu mínu og hafði lengi haft brennandi áhuga á þessum málaflokki. Hulda Karen Daniélsdóttir var mér stoð og styrkur í upphafi og ég hélt líka áfram að læra um kennslu íslensku sem annars máls. Auðvitað er maður oft svolítið einn í þessu starfi og það er enginn að gera nákvæmlega það sama innan vinnustaðarins,“ segir Helga.

Fljót að læra að bjarga sér

Helga segir að tala nemenda sem hafa íslensku sem annað mál hafi verið sviðuð síðustu árin. Starf Helgu felst meðal annars í því að fara í alla skólana, hitta kennara og styðja við þá faglega. Auk þess sinnir hún kennslu nemenda sem eru í eldri deildum grunnskólans og eru að fóta sig í nýjum skóla og hjálpar þeim að ná grunntökum á íslensku. Samstarf við foreldra og aðstoð við þá er einnig hluti starfsins og oftast mjög ánægjulegur.

„Þessi hópur er mjög breiður og krakkarnir hafa mismunandi bakgrunn.



Við eigum að bera virðingu fyrir móðurmáli okkar erlendu barna. Með því að bjóða þeim að koma með bækur á sínu máli inn í skólann erum við að sýna þeim og uppruna þeirra virðingu.

Þau eru á öllum aldri, sum eiga erlendar rætur en eru alin upp hérlandis og þurfa litla sem enga aðstoð í íslenskunni á meðan önnur flytja hingað og eru á byrjunarreit í íslensku. Svo er hópur sem elst upp hjá foreldrum sem þekkja fáa eða enga Íslendinga og margt af erlenda fólkinu okkar talar bara ensku í vinnunni. Það er því stundum erfitt að finna hvata og tækifæri til að læra nýtt mál, þó svo að það sé oftast lykillinn að því að samlagast nýju samfélagi og kynnast íbúum,“ segir Helga.

„Ég dáist alltaf að þessum börnum, þau eru svo ótrúlega dugleg og oftast fljót að ná tókum á daglegu máli þannig að þau geti bjargað sér. Hins vegar skortir oft á dýptina og þar reynir verulega á okkur kennara að útskýra fyrir þeim flóknari hugtök námsgreina.“

Kennsluáferðirnar hafa tekið breytingum

Spurð hvort það reyni ekki á kennara að kenna börnum sem ekki skilja íslensku segir hún svo vera. „Það er líka gild spurning hvort ekki þurfi að

mennta kennara betur, þannig að þeir geti sinnt þessum hópi. Mín skoðun er sú að kennarar þurfi oft meiri aðstoð inni í kennslustofunni í upphafi og langbest væri ef við gætum haft kennara í nokkurs konar verkefnastjórarstarfi, þannig að það þurfi ekki að telja kennslustundir og þeirra hlutverk væri að styðja við kennsluna og fylgja krökkunum eftir fyrstu mánuðina, þannig að við séum ekki henda þeim beint í djúpu lauginna,” segir Helga.

Hún bendir á að erlendir nemendur sem koma hingað þurfi mikla aðstoð fyrstu mánuðina og þetta eigi til dæmis við kvótaflóttamann sem hafa sest að á Akureyri. „Við kenndum sýrlensku fjölskyldunum sem hingað komu með því að skipta þeim í tvo hópa fyrstu vikurnar; börn og fullorðna. Það gekk ágætlega, við höfðum túlk, og það var gaman að sjá hvað krakkarnir sérstaklega voru fljótir að læra að bjarga sér.“

Aðferðir og leiðir við íslensku-kennsluna hafa breyst töluvert á síðustu árum, segir Helga. „Blessunarlega leggjum við alltaf meira og meira upp úr tjáningu; að hvetja krakka til að tala. Það er svo mikilvægt að þau leggi í að biðja um orðið og segja sína skoðun og skiptir engu þótt þau tali ekki kórrétt mál. Við þurfum á sama tíma að brýna fyrir íslensku krökkunum að tala ekki ensku við erlenda nemendur. Ég reyni sífellt að benda íslensku krökkunum á að þeir séu líka íslenskukennarar og þurfi að hjálpa erlendu krökkunum að byggja upp sinn orðaforða.“

Helga segir erlenda nemendur oftast fá að sleppa við dönsku og í staðinn fá þau sitt eigið móðurmál metið og aukna íslenskukennslu. Það sem hefur breyst, að sögn Helgu, er að áður fyrr voru erlendir krakkar mest teknir úr tímum þegar lesgreinar voru á dagskrá – og settir í íslenskutíma í staðinn.

„Nú reynum við að hugsa þetta öðruvísi. Þessi börn eins og önnur þurfa að koma sér upp faglegum orðaforða og við megum ekki ræna þau þeirri þekkingu sem boðið er upp á í greinum á borð við sögu, líffræði og samfélagsfræði. Við verðum að halda áfram að þróa leiðir svo þessi börn fái notið þessara kennslustunda, þau skilji hvað fram fer og geti í framhaldinu aflað sér frekari þekkingar – til dæmis með því að lesa sér til á sínu eigin móðurmáli eða ensku, á netinu. Ég sé líka marga kennara fara skemmtilegar leiðir, eins og að nota quiz forrit með nemendum í kennslu hugtaka námsgreina.“

Að tala og hlusta

Helga segir mikla vinnu að baki í að aðlaga ýmiss konar námsefni – til dæmis hafi verið gerðir útdrættir og orðalistar á pólsku í mörgum

lesgreinum á unglingastigi. Þar hafi margir kennarar lagt hönd á plóg og verið mjöf duglegir við að deila vinnu sinni, svo að hún nýtist sem flestum.

„Við reynum líka að útvega samsvarandi námsefni á öðrum tungumálum þegar það er hægt. Þá geta erlendir nemendur verið með íslensku kennslubókina en haft stuðning af sambærilegri bók á sínu móðurmáli eða ensku. Ég tel að okkur sé að fara fram í þessu og kennarar leita fleiri leiða en áður – auðvelda leiðin að taka þessa krakka út úr kennslustund er ekki lengur gild. Ég hef séð kennara auka við verklegt nám og efna oftir til umræðna um námsefnið, hvort tveggja hjálpar erlendu nemendunum,” segir Helga og bætir við að vissulega sé þetta allt hægara sagt en gjört – en við séum vonandi á réttri leið.

„Þetta er mikil vinna fyrir kennara, þeir þurfa þjálfun og æfingu til að byrja með en á móti kemur að þetta er líka gefandi og skemmtilegt.“

Helgu er huckleikið að efla samræðulist í grunnskólanum. Spjaldtölvur eru í boði í grunnskólum Akureyrar og nýtast þær til margra hluta í náminu. „Við verðum samt að gæta að því að setja krakka ekki of mikið fyrir framan tölvur, sem getur verið þægilegt á ýmsan máta, en þá missa þau af tækifærinu til að tala saman og ekki síður tækifærinu til að hlusta á íslensku. Ég reyni alltaf að tala eins mikið og ég get við erlenda nemendur sem ég hitti. Það dugir oft að spyrja einfaldra spurninga eins og hvað ætlaðu að gera eftir skóla í dag? Eða þótti þér gaman í fótboltanum í gær? Það er nefnilega svo mikill sigur fyrir sjálfstraust þessara barna að geta tjáð hugsanir sínar og hafa svo hugrekki til að rétta upp hönd og segja: ég skil ekki,” segir Helga.

Bækur í staðinn fyrir útlanda-súkkulaði

Nemendur með annað tungumál en íslensku búa misvel þegar kemur að kennslu í þeirra eigin móðurmáli. Kennsla af þessu tagi er ekki lögbundin og segir Helga að þetta sé misjafnt eftir stöðum en langoftast sé þessi tungumálakennsla í höndum sjálfboðaliða, oft foreldra barnanna. Sveitarfélög styðji oft við þessa kennslu með því að láta í té í húsnæði og kennslugögn. Þannig sé staðan til dæmis á Akureyri og boðið sé upp á kennslu í pólsku einu sinni í viku og eins fer fram kennsla í arabísku einu sinni í viku í einum grunnskóla bæjarins. „Við höfum aðstoðað eftir megni, þau fá að ljósrita hjá okkur og fleira í þeim dúr.“

Helga kveðst brýna fyrir foreldrum erlendra barna að tala móðurmálið heimavið. „Það er mikilvægt að það sé lesið fyrir börnin á þeirra móðurmáli, þau heyrri málið og við hjúsum krakka til að hafa skemmtilega bók á sínu móðurmáli í töskunni. Það er hluti af yndislestri sem felur í sér að krakkar lesa sér til skemmtunar. Það er ekki sanngjarnt að á meðan íslensku krakkarnir lesa spennandi bækur þá

séu erlendu nemendurnir kannski að lesa einhverja byrjendabók með efni sem ekki höfðar til þeirra. Þau þurfa líka að njóta yndislestrar og geta gert það á sínu eigin móðurmáli,” segir Helga.

Framboð af barna- og unglingabókum á erlendum tungumálum hefur aukist að sögn Helgu. Pólski sendiherrann kom til dæmis færandi hendi í fyrri og gaf fjölda bóka. Þær voru allar skráðar í

Gegni og ganga nú barna á milli með milligöngu skólasafnanna.

„Almenningsbókasöfnin standa sig ágætlega og ég hef átt gott samstarf við bókasafnið í Árborg en það er móðursafn þegar kemur að pólskum bókum. Þaðan er hægt að fá bækur um hvaðeina; kennslubækur og líka skáldsögur og ævintýrabækur á pólsku,” segir Helga.

Hún segir suma kennara á Akureyri líka hafa tekið upp á þeirri nýbreytni að koma með barnabók frá útlöndum í stað þess að koma með súkkulaði á kaffistofuna að lokinni utanferð. Kiddi klaufi á pólsku barst einmitt með þessum hætti til Akureyrar nú fyrir skemmstu.

„Við eigum að bera virðingu fyrir móðurmáli okkar erlendu barna. Með því að bjóða þeim að koma með bækur á sínu máli inn í skólann erum við að sýna þeim og uppruna þeirra virðingu. Um leið viðurkennum við að skólinn er ekki lengur einseitur og að við búum í samfélagi fjölmenningar,” segir Helga Hauksdóttir.

Á vefnum erlendir.akmennt.is er að finna margt fróðlegt og áhugavert efni sem lýtur að kennslu barna með annað móðurmál en íslensku en vefurinn og viðhald hans er einnig hluti af starfi Helgu.

Pólland-Kaliningrad

10. til 17. ágúst (7 náttu ferð).

Flogið til og frá Gdansk.


Endurmenntunarferð í tíma og rúmi um slóðir seinni heimstyrjaldar. Við förum til Gdansk og Kaliningrad, rekjum sögu Fríborgarinnar Danzig og Austurprússlands og kynnumst samtíð og sögu Königsberg-Kaliningrad. Vettvangsrannsókn verður í Mamerki (Mauerwald) aðal-stjórnstöð SS á Austurvígstöðvunum og Úlfsgreni Hitlers, (Wolfsschanze), Westerplatte og Stutthof. Þetta er kjörin endurmenntunarferð fyrir sögukennara og alla þá sem hafa áhuga á sögu 20. aldar. Vettvangsrannsókn þar sem við heimsækjum miðlæga staði þessarar sögu. Jafnframt kynnumst við áhrifum sem þessi tími hefur haft á menningu og sögu, Evrópu og heimsbyggðarinnar allrar.



Nánari upplýsingar gefur Þorleifur Friðriksson
Sími: 564-3031, 611-4797

Netfang: soguferdir@soguferdir.is
Sjá einnig heimasíðu og Facebooksíðu Sögufærða.

NÝJAR LÉTTLESTRARBÆKUR FRÁ ÓÐINSAUGA



ÓKEYPIS VERKEFNAHEFTI FYLGJA MED BEKKJARSETTUM. Kennarinn.is hefur útbúið litla verkefnapakka við fimm léttlestrarbækur frá Óðinsauga. Verkefni eru sett upp í takt við áherslur í íslensku í fyrstu bekkjum grunnskóla og aðferðafræði Byrjendalæsis. Hver verkefnapakki samanstendur af fjórum blaðsíðum og leiðbeiningum auk leiðbeininga fyrir kennara. Þegar skóli pantar 15 eða fleiri léttlestrarbækur fylgja jafn mörg verkefnahefti með án endurgjalds. Þökkum frábærar viðtökur.

Sjáið fleiri bækur frá Óðinsauga á www.facebook.com/odinsauga/

M.v. bekkjarsett, 15 bækur eða fleiri, eru léttlestrarbækurnar á tilboðsverði 790 kr. stk. Pantanir sendist á tölvupóstfangið pantanir@odinsauga.com.





Börnin í Lundarseli fá síðdegishressinguna. Matartímarnir eru gjarna notaðir til samræðna um hitt og þetta sem börnunum dettur í hug.

Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman

Heimspeki skipar stóran sess í starfi leikskólans Lundarsels á Akureyri. Börnin læra að greina hugmyndir sínar, koma auga á áður óþekkt tengsl og verða færari í að mynda sér sjálfstæða skoðun.

Skólavarðan heimsótti Lundarsel á fallegum vetrardegi í febrúar. Lundarsel er rótgróinn leikskóli, fagnar 40 ára afmæli á þessu ári, og sá fyrsti sem er byggður sem slíkur á Akureyri.

Björg Sigurvinsdóttir leikskólustjóri og Ingi Jóhann Friðjónsson, leiðbeinandi með háskólagráðu í heimspeki og meistaranemi í leikskólafræðum, tóku á móti blaðamanni í þann mund sem börnin voru á leið út að leika sér í snjónum.

Björg segir heimspekina meginstöð í starfinu en einnig er unnið markvisst að jafnrétti.

„Heimspekin er undirliggjandi í öllu okkar starfi. Börn eru spyrjandi og náttúrulega forvitin og þá er málið að grípa tækifærin og nota kveikjur til að fá samræður í gang. Matartímarnir eru gjarna nýttir til samræðna því börnin spjalla og þá er kjörið að spyrja spurninga og leiða umræðurnar áfram án þess að stýra þeim. Spyrja

spurninga á borð við; geturðu sagt mér meira, hvað áttu við?“ segir Ingi Jóhann.

Forsögu þess að unnið er með heimspeki í Lundarseli má rekja til síðustu aldamóta. „Þegar ég kom til starfa hér árið 2002 þá höfðu þær Aðalbjörg Steinarsdóttir og Helga María Þórarinsdóttir nýlega lokið B.Ed ritgerð um barnaheimspeki í Háskólanum á Akureyri. Í kjölfarið var ákveðið að vinna tveggja ára þróunarverkefni með íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppsprettu heimspekilegrar samræðu meðal leikskólabarna. Kennarar Lundarsels útbjuggu kennsluleiðbeiningar og fleira sem er aðgengilegt á heimasíðunni okkar,“ segir Björg og bætir við að starfið hafi þróast mikið í gegnum árin; í fyrstu hafi einkum verið unnið með elstu börnunum en nú njóti allur hópurinn góðs af.

„Við vinnum með heimspekina í öllu okkar starfi en við erum með skipulagða heimspekítíma fyrir fjögurra ára hálfsmánaðarlega og fimm ára og eldri einu sinni í viku. Þá skiptum við börnunum upp í hópa, fimm til tólf börn í einu,



Börn eru spyrjandi og náttúrulega forvitin og þá er málið að grípa tækifærin og nota kveikjur til að fá samræður í gang.

og notum kveikjur til að hefja samræðuna. Oft erum við með íslenskar sögur en líka myndrænar kveikjur. Eitt verkefnið er að setja fram myndir sem börnin flokka eftir því hvort þeim finnst þær fallegar eða ekki. Síðan er farið yfir hverjir eru sammála eða ósammála og af hverju þá. Rökræðan skiptir máli og mikilvægt að börnin læri að það er allt í lagi að vera ósammála. Þau læra að mynda sér sér sína eigin skoðun og að það er í allt í lagi að hafa aðra skoðun en hinir,“ segir Ingi Jóhann.

Jafnréttið allt um kring

Jafnréttisáætlun Lundarsels er afar ítarleg og er skrifuð fyrir starfsfólk, börn og foreldra leikskólans. Þar segir meðal annars; „Við stuðlum að og ýtum undir jafnrétti kynjanna á sem fjölbreyttastan hátt. Við komum fram við alla, kennara, börn, starfsmenn og foreldra með virðingu. Sýnum traust og trúnað, hlýlegt og glaðlegt viðmót og kurteisi. Við stuðlum að og ýtum undir að þess sé gætt að jafnrétti ríki í öllu starfi leikskólans“.

„Við leggjum mikla áherslu á jafnrétti á öllum sviðum. Kyn á ekki að hamla eru okkar einkunnarorð og við vinnum markvisst gegn staðalmyndum kynjanna. Við tókum þátt í samstarfsverkefninu *Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir* sem var afar áhugavert og gefandi. Við leggjum áherslu á að börnin fái jafnréttisfræðslu og sé undirbúin til jafnrar þátttöku í samfélaginu,“ segir Björg.

„Við brýnum fyrir börnunum að allir megi prófa allt en fræðilega er talað um að þegar börn séu þrígga til fjögurra ára þá fari þau að tala um að eitthvað sé „stelpulegt“ og annað „strákalegt“. Við reynum að brjóta þessa „kynjun“ upp með til dæmis dótadögum þar sem er kannski leikið með dúkkur einn daginn og bíla hinn daginn. Hugmyndin er að krakkarnir sjái að allir megi leika með allt. Svo heimsækjum við fyrirtæki og skoðum við hvað foreldrarinn vinna og einnig höfum við farið í VMA til að kynna okkur námsgreinar þar; stelpurnar hafa kynnt sér hefðbundnar „strákgreinar“ og strákarinn hefðbundnar „stelpugreinar“. Svo höfum við tekið umræðuna með börnunum. Við reynum að kenna börnunum að vera sjálfstæð og fordómalaus,“ segir Ingi Jóhann.

Heimspæki er „stórt“ orð

Um 90 börn eru á leikskólanum Lundarseli og eru starfsmenn 25. Þar af eru 16 leikskólakennarar með leyfisbréf sem verður að teljast gott hlutfall. Flest annað starfsfólk býr yfir annarri menntun.



Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri í Lundarseli, og Ingi Jóhann Friðjónsson, leiðbeinandi með BA-gráðu í heimspæki og núverandi meistaranemi í leikskólakennarafræðum.

Starfsþróun og endurmenntun starfsfólks er afar mikilvæg að mati Bjargar.

„Við getum alltaf bætt okkur í starfi og við reynum að hvetja okkar fólk til starfsþróunar. Við tókum til dæmis öll þátt í þróunarverkefninu *Hugleikur – samræður til náms* í Háskólanum á Akureyri fyrir tveimur árum. Efni verkefnisins er nátengt okkar hugmyndafræði og reyndist þetta mikil vítamínsprautu fyrir allan starfsmannahópinn. Þá sér Helga María um að þjálfa nýtt starfsfólk í hugmyndafræðinni okkar – og heldur stutt námskeið fyrir nýja kennara og starfsfólk. Heimspæki er stórt orð í huga margra og sumir óttast það. En nýir kennarar fylgjast með hinum reyndari og undantekningalaust lærist þetta fljótt og vel,“ segir Björg Sigurvinsdóttir leikskólastjóri.

Áhugasamir geta heimsótt vefsíðu Lundarsels (lundarsel.is) en þar er að finna margs konar fróðleik um starfsemi leikskólans, umfjöllun um heimspæki og ítarlega jafnréttisstefnu svo fátt eitt sé nefnt.



Dæmi um markmið með heimspæki með börnum

- ▶ Samræða þjálfar börn í að koma hugsunum sínum í orð.
- ▶ Að koma auga á áður óþekkt tengsl.
- ▶ Börnin verða færari í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið og skapandi fyrir sér.
- ▶ Börnin öðlast aukinn skilning á sjálfum sér og öðrum.
- ▶ Auk þess öðlast þau aukinn skilning á lífinu og tilverunni.

Sjá nánar á lundarsel.is

Kennarahúsið

Komið að kveðjustund

Tímamót verða í sumar þegar Kennarasambandið flytur starfsemi sína í Borgartún 30. Lýkur þar með nærfellt 30 ára dvöl kennarasamtakanna í gamla Kennaraskólanum við Laufásveg.

Um 30 starfsmenn vinna í Kennarahúsinu að jafnaði á degi hverjum. Þótt húsið sé fallett að ytra sem innra byrði

þá er vinnuaðstaðan ekki lengur viðunandi. Þá stenst húsið ekki kröfur um aðgengi fatlaðra.

Árin í Kennarahúsinu hafa verið farsæl og án vafa munu margir starfsmenn sakna hússins og þess góða anda sem þar ríkir. En um leið bíða starfsfólks spennandi tímar í nýju póst-númeri.

1908

Kennaraskóli Íslands tekur til starfa að hausti. Magnús Helgason skipaður forstöðumaður hins nýstofnaða skóla. Kennaramenntun hafði verið í boði í Flensborgarskóla frá 1892. Kennt var frá fyrsta vetrardegi til 31. mars.

1909

Vatnsveita kemur í bæinn. Ekki lengur þörf á að bera vatn í Kennarahúsið.

1914



1915

Vatnssalerni komið fyrir í kjallara. Áður var notaður útikamar.

1923

Rafmagn leitt í Kennarahúsið og loks gátu nemendur notið þess að lesa við rafmagnsljós.

1954



1947

Inntökuskilyrðum breytt og gerð krafa um landspróf og gagnfræðapróf.

1943

Námið lengt úr þremur árum í fjögur.

1932

Freysteinn skólastjóri lætur setja svalir á húsið. Þær voru teknar niður síðar.

1930

Ráðist í miklar endurbætur; dúkur settur á gólf í skólastofum og innveggir klæddir með krossvið. Badherbergi sett í íbúð skólastjóra

1929

Magnús Helgason lét af störfum sem skólastjóri. Freysteinn Gunnarsson tekur við starfi skólastjóra. Freysteinn bjó ásamt konu sinni Þorbjörgu Sigmundsdóttur á annarri hæð hússins í 40 ár. Þau komu tveimur börnum á legg í húsinu.

Friðlýst hús

Kennarahúsið var reist á 600 ferfaðma lóð sunnan í Skólavörðuhæð og austan Laufásvegur árið 1908. Einar Erlendsson, húsameistari ríkisins, teiknaði húsið.

Kennaraskólinn var í húsinu til ársins 1962. Árin á eftir var kennd handavinna í húsinu og Rannsóknastofnun uppeldismála hafði aðstöðu í húsinu.



Íslenska ríkið gaf Kennarasambandinu húsið árið 1989 og þremur árum síðar hófst starfsemi KÍ í húsinu. Kennarahúsið er friðað að ytra útliti. Húsafríðunarnefnd lagði til að herbergjaskipan í húsinu fengi að halda sér og þá sérstaklega kennslustofurnar. Þá var stíginn milli hæða gerður upp í upphaflegri mynd og má geta þess að dúkur á báðum stigum hússins er frá 1930 og sér vart á honum.

**2019**

Ráðgert að flytja starfsemi KÍ í Borgartún 30 að sumri.

**2017****1962**

Kennaraskólinn flytur starfsemi sína í Stakkahlíð. Freysteinn Gunnarsson lætur af störfum sem skólastjóri. Handavinna var þó áfram kennd í húsinu og Rannsóknastofnun uppeldismála hafði aðstöðu á 2. hæð hússins. Litlu kostað til viðhalds og endurbóta á þessu ári og í mörg mörg ár á eftir.

2009

Endurbætur gerðar á fyrstu hæð hússins.

1976

Freysteinn Gunnarsson lést 27. júní. Þau hjón bjuggu enn í Kennarahúsinu.

2000

Félag kennara á eftirlaunum gefur skjöld sem prýðir Kennarahúsið Barónsstígmegin. Skjöldurinn varðveitir minningu skólastjóranna tveggja sem störfuðu í Kennarahúsinu; Magnúsar Helgasonar og Freysteins Gunnarssonar.

**1989**

Í tilefni þess að 100 ára voru liðin frá stofnun fyrsta kennarafélagsins ákvað ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að gefa kennarasamtökunum húsið. Hið íslenska kennarafélag afþakkaði gjöfina en Kennarasamband Íslands hið eldra þáði húsið. Húsið var afar illa farið að utan sem innan.

1991

Kennarasamband Íslands varð formlegur eigandi Kennarahússins og hafist var handa við endurbyggingu. Aðal-ingangur var settur á norðurhlíð hússins ásamt tröppum en áður hafði verið gengið inn á vesturgafli.

„Hér á ég heima. Þetta er þó sannkallað musteri viskunnar. Hér byrjar loksins þroski sálar minnar.“

Þórbergur Þórðarson í Ofvitanum.

Þórbergur var við nám í Kennarahússkólanum árið 1909 en varð fljótt afhuga náminu og skráði sig í gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík.

1992

Starfsfólk KÍ flytur af Grettisgötu 89 í Kennarahúsið. Endurbótum lokið fyrir utan kjallara og ris.

I ágúst 2018 kom út í Danmörku bók með ofangreindum titli. Hún fjallar þó hvorki um forynjur né furðuskepnur heldur skólakvíða; ótta og áhyggjur barna yfir því að eiga að fara í skólann. Ófreskjuhandbókin, Monstermanualen, er eins konar leiðbeiningabók, ætluð börnum, foreldrum og kennurum.

Það er ekki ný bóla að börn kvíði því að fara í skólann. Allir sem komnir eru á fullorðinsaldur minnst þess að hafa komist í kynni við skólakvíðann með einum eða öðrum hætti. Hafa kannski sjálfir verið með kvíðahnút í maganum við upphaf skólaársins eða á hverjum einasta degi allan veturinn – eða átt vini og skólafélaga sem svona var ástatt um. Þótt ekki sé rétt að halda því fram að þetta hafi verið talið allt að því eðlilegt var eigi að síður, að minnsta kosti víðast hvar, lítið um slík mál rætt.

Margt foreldrið leit á kvíðann sem eins konar mótþróa sem kannski tengdist því að barninu gekk ekki sérlega vel í skólanum. Datt kannski ekki í hug að mótþróinn tengdist kvíða, sem aftur hafði svo neikvæðar afleiðingar þegar að náminu kom.

Með þessu er hvorki gert lítið úr kennurum á fyrri tíð, né foreldrum. Kvíðinn var einfaldlega ekki til sem „fyrirbæri“.

Fyrir fáeinum áratugum voru námsráðgjafar og skólasálfræðingar sjaldséðari en stjörnuhrap en nú er það breytt. Alls kyns „greiningar“ fyrirfundust ekki og orð eins og lesblinda og skrifblinda voru ekki til, hvað þá ofvirkni.

Skólakvíði er röng lýsing

Í danska tímaritinu Folkeskolen.dk (áður Folkeskolen), sem er eins og nafnið gefur til kynna tímarit um skólamál, birtist árið 1997 viðtal við Palle Hansen sálfræðing á Sálfræðiráðgjafastofu Árósborgar. Í þessu viðtali hélt hann því fram að það sem nefnt er skólakvíði (skolefobi) sé í raun rangnefni. Kvíðinn sem lýsi sér í því að barn vilji ekki fara í skólann stafi ekki af því að barninu líði illa í skólanum og skólinn geri eitthvað rangt, heldur sé um að ræða aðskilnaðarkvíða. Þetta orð, aðskilnaðarkvíði, var ekki nýtt af nálinni en Palle Hansen taldi að orsökkin ætti sér rætur í heimilisaðstæðum og

það var ný ályktun. Hana dró hann af tilvikum sem hann hafði kynnst í starfi sínu. Í áður nefndri grein rekur hann mál Louise (ekki hennar rétta nafn), sem var átta ára. Henni gekk vel í skólanum og átti þar góða vini.

Þegar bekkurinn átti að fara í skólabúðir í nokkra daga harðneitaði Louise hins vegar að fara og fékk á endanum að vera heima.

Síðan gerðist það dag eftir dag að Louise vildi ekki fara í skólann. Hún var, sagði Palle Hansen, komin

með skólakvíða. Samtöl hans við fjölskylduna leiddu svo í ljós að Louise vel saman og þær rifust oft en faðir Louise blandaði sér sjaldnast í málin. Í samtölum Palle Hansen við Louise kom fram að stúlkan hafði efasemdir um hvort mamma hennar elskaði hana og sama gildi um pabba hennar, vegna afskipaleysis hans. Með samtölum við fjölskylduna tókst að vinna bug á skólakvíðanum eða aðskilnaðarkvíðanum.

Ófreskjuhandk

Borgþór Arngrímsson skrifar



Þetta viðtal í Folkeskolen.dk vakti mikla athygli meðal danskra skólanna.

Eitt til tvö börn í hverjum bekk haldin skólakvíða

Mikið vatn er til sjávar runnið síðan viðtalið við Palle Hansen birtist í kennarablaðinu árið 1997 og margt hefur breyst. Fjölmargar bækur hafa verið skrifaðar um skólakvíða og aðferðir til að takast á við hann – og ekki að

Bókin

ástæðulausu. Börnum sem haldin eru kvíða hefur fjölgað mikið á undanföllum árum. Árið 2006 voru 2.354 dönsk börn greind með skólakvíða en tíu árum síðar voru þau 7.189 talsins – eitt til tvö í hverjum einasta bekk í dönskum grunnskólum.

Ófreskjuhandbókin

Ófreskjuhandbókin, Monstermanualen, vakti mikla athygli þegar hún kom út í fyrri. Höfundarnir eru tveir: Stine Hæk og Gitte Winter Graugaard. Þær hafa báðar unnið með börnum um árabíl og skrifað nokkrar bækur, bæði saman og hvor fyrir sig.

Þær ákváðu fyrir um það bil þremur árum að setja saman bók sem gæti hjálpað foreldrum og börnum á aldrinum 7 – 12 ára að takast á við og sigrast á kvíða.

Bókin er í fjórum hlutum

Fyrsti hlutinn heitir Smásagan um baráttu Simone. Þar er fjallað um líðan barns með kvíða og áhyggjur og hvernig sálfræðingurinn Mette hjálpar Simone (sem er tíu ára) og einnig um baráttu hennar gegn áhyggjuófreskjunn.

Annar hlutinn ber heitið Ófreskju-skóli fyrir foreldra. Eins og nafnið gefur til kynna er hann ætlaður foreldrum. Þeir eru sendir í Ófreskju-skólann og þar er þeim leiðbeint um hvernig þeir geti á sem bestan og árangursríkasta hátt aðstoðað börn sín. Með réttu aðferðunum og því hvernig foreldrar tala við börn sín næst mikill árangur í baráttuna við ófreskjuna en í þeirri baráttu stendur fjölskyldan saman.

Þriðji hlutinn heitir Ófreskju-skóli fyrir börn. Þarna úbúa börnin sína Ófreskjuhandbók en hún verður skjöldur þeirra í baráttunni við áhyggju-skrimslin. Með æfingum í þessum kafla fá börnin aðstoð sem gerir þau hugrakkari.

Fjórti og síðasti hluti bókarinnar nefnist Þinn innri styrkur. Í þessum kafla kynast börnin þremur mismunandi íhugunar- og hugleiðsluáferðum sem hver um sig getur styrkt barnið í þeirri trú að það geti sigrast á ófreskj-unum. Jafnframt er í þessum hluta bókarinnar gert ráð fyrir að börnin geti skrifað sína eigin handbók sem þau geti þá gripið til þegar ótti eða kvíði gerir vart við sig.



Höfundar bókarinnar hafa í viðtölum sagt að þær aðferðir sem bókin byggir á (og ekki verða nánar útskýrðar hér), kognitív terapi og metakognitív terapi, séu ekki nýjar af nálinni. Hér sé hins vegar reynt að setja þessar aðferðir og vinnulag fram með þeim hætti að allir geti skilið og stuðst við.

Góðar viðtökur

Skemmst er frá því að segja að bókin hlaut góðar viðtökur. Um hana var fjallað í tímaritum kennara og sömuleiðis í dönskum dagblöðum og tímaritum um uppdæmál. Höfundunum hafa borist ótal bréf frá kennurum þar sem þeir lýsa ánægju sinni með bókina og viðbrögðum nemenda.

Dagblaðið Politiken fjallaði ítarlega um bókina sl. haust og ræddi meðal annars við Dorthe Kastberg sem kennir 12 ára börnum í Stepping skólanum á Suður-Jótlandi. Hún hafði lesið bókina strax eftir að hún kom út í byrjun ágúst í fyrri og las fyrsta kaflann, um stúlkuna Simone fyrir bekkinn. Að lestri loknum spurði hún hvort einhver í bekknum kannaðist við lýsingarnar og gæti kannski séð sjálfan eða sjálfa sig í sögunni. Tveir af hverjum þremur nemendum réttu upp höndina. Helmingur bekkjarins vildi svo gjarna búa til sína eigin ófreskjuhandbók. „Greinilegt var að börnin gátu samsamað sig Simone í sögunni og sum sögðu þegar rætt var um bókina: „ég hélt að engum nema mér liði svona.““

Í viðtalinu við Politiken segir Dorthe Kastberg að nemendum fjölgi sem þurfi, og fái, meðferð vegna kvíða og þunglyndis. Jafnframt fjölgi þeim nemendum sem séu með skerta skóla-sókn vegna þess að þeir ráði ekki við fullt nám. Þegar spurt var um ástæður stóð ekki á svarinu: sparnaður í grunn- og leikskólum og siauknar kröfur um árangur og frammistöðu. Dorthe Kastberg sagði Ófreskjuhandbókina gott og gagnlegt verkfæri fyrir börn, foreldra og kennara.



172

Við höfum póstað 172 sinnum á Instagram og erum rétt að byrja. Við hvetjum alla lesendur Skólavörðunnar til að fylgja okkur á Instagram, @kennarasamband

1.020

Fylgja Nótunni – uppskeruhátíð tónlistarskólanna á Facebook. Gaman að skoða frásagnir og myndir af hæfileikanemendum í tónlist. Fylgist með því Nótan verður 20 ára á næsta ári. @Notan2019

3.228

fylgja KÍ á Facebook og fjölga jafnt og þétt í þeim hópi. Þið lesið fréttirnar á Facebook-síðu KÍ. @Kennarasambandslands

32.379

Vinsælasta stöðuuppfærsla KÍ á liðnu ári var vísun í fyrirlestur Þórarins Eldjárn á Skólamálalagningu KÍ í október 2018. Ríflega 32 tvö þúsund manns hafa séð færsluna.

facebook.com/Kennarasambandslands

facebook.com/skolavardan

@Kennarasamband

@kennarasamband



SÍSL vinnustofur og námskeið

SÍSL – Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir og Kelduskóli/Korpu bjóða upp á kynningu og leiða þátttakendur í gegnum skipulag Læsisfimmunnar (e. Daily 5) þann 12. ágúst kl. 09.00-14.00 í Korpuskóla.

FIMMAN (DAILY 5):

- kennsluskipulag sem er þróað af systrunum Gail Boushey og Joan Moser og víða notað í Bandaríkjunum
- þjálfar alla þætti lesturs og er auðvelt að laga skipulagið að öðrum námsgreinum
- hentar vel í fjölbreyttum nemendahópum og er einfalt að sníða lestrarnámið að hverjum og einum
- árangursrík leið að bættum námsárangri og eykur sjálfstæði nemenda í vinnu

Kelduskóli/Korpu hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur skólaárið 2018-2109 fyrir Læsisfimmuna.

Nánari upplýsingar um dagskrá og gjald berast þátttakendum með tölvupósti.

SÍSL mun á næsta skólaári bjóða upp á nýtt og spennandi námskeið í 6+1 vidd ritunar fyrir yngsta stig grunnskólans, námskeið í K-PALS fyrir leikskóla, nýtt námskeið í PALS lestri fyrir 1. bekk, PALS námskeið í lestri fyrir 2.-8. bekk, námskeið í PALS stærðfræði fyrir leikskóla, 1. bekk og 2.-6. bekk og nýtt PALS leiðtoganámskeið. PALS leiðtoganámskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Karen Daniélsdóttir, hulda.karen.danielsdottir@gmail.com



Hluti sendinefndar Alþjóða kennarasamtakanna fyrir framan höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í New York. Að baki þeim er verkið „Án ofbeldis“ eftir sænska listamanninn Carl Fredrik Reuterswärd.

Vegferðinni langt í frá lokið

Undirrituð sótti Kvinnaping Sameinuðu þjóðanna í New York CSW63 dagana 9. til 14. mars. Þetta er árlegur viðburður þar sem þjóðir heimsins koma saman og ræða málefni kvenna og leggja línur um alþjóðasamþykktir og tilskipanir til aðildarríkjanna um réttindi kvenna. Í ár voru félagsleg staða, velferðarkerfið og aðgengi að opinberri þjónustu meginþemun.

Ég var fulltrúi í sendinefnd Alþjóða kennarasamtakanna (Education International) en það eru alþjóðasamtök stéttarféлага kennara um heim allan. Ásamt fulltrúum stéttarféлага úr öðrum greinum voru 177 fulltrúar á þinginu þessa daga og höfðu það hlutverk að kynna verkefni í tengslum við réttindabaráttu kvenna sem félögin um allan heim hafa verið að vinna, að rýna drög að stefnu Sameinuðu

þjóðanna í málefnum kvenna sem lágu fyrir þinginu og voru til umræðu og reyna að hafa áhrif á niðurstöðuna og þá sérstaklega að koma inn í samþykktir og stefnu mikilvægi stéttarféлага, opinberra þjónustu og síðast en ekki síst mikilvægi þess að jafnréttismál séu umfjöllunarefni á öllum skólastigum um heim allan. Í það heila voru þátttakendur á þinginu um 4000.

Um leið og við Íslendingar getum alltaf lagt gott til í verkefni af þessu tagi og miðlað þannig af okkar reynslu þá lærum við líka gríðarlega mikið af því að sækja svona viðamikil og stefnumótandi þing. Samhliða almennum umræðum hinna formlegu fulltrúa þjóðanna voru hundruðir hliðarviðburða á vegum félagasamtaka, hagsmunahópa og þeirra sem hafa stundað rannsóknir á stöðu kvenna í hinum ýmsu menningarsamfélögum heimsins. Eins og gefur að skilja er



Guðríður Arnardóttir
Formaður
Félags fram-
haldsskóla-
kennara

staða kvenna gríðarlega ólík á milli landsvæða í heiminum.

Við Íslendingar erum langt í frá búin að ljúka okkar vegferð til fullkomins jafnréttis. En lofa skal það sem vel er gert, við höfum náð gríðarlegum árangri og þá ekki síst fyrir þann lagaramma sem Alþingi hefur sett um jafnréttismálin.

Á Íslandi erum við með lög um jöfn kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja og stofnana. Við erum með lög um að í íslenski stjórnsýslu skuli þess gætt að kynjahlutfall sé jafnt í nefndum, ráðum og starfshópum. Við erum með lög um jafnlaunavottun, ráðningar hjá hinu opinbera og fleira. Nú er baráttan á Íslandi farin að snúast meira og meira um viðhorf og að brjóta á bak aftur kynjaðar staðalmyndir og þau gildi sem við drukkum með móðurmjólkinni.

Það sem vakti sérstaklega athygli mína var tvennt: Annars vegar glæsileg framgangna forsætisráðherra Íslands

sem var í sérstakri málstofu um feðra-orlof og mikilvægi þess að fæðingarorlof sé jafnað á milli beggja foreldra. Hún var í „panel“ með jafnréttisráðherrum hinna Norðurlandanna og það var gaman að hlusta á það sem þær höfðu fram að færa. Sjálf var Katrín fyrsti ráðherra Íslands til þess að eignast barn í embætti og fór í leyfi eins og gengur þótt gagnrýnin hafi verið hörð á sínum tíma og margir haft á því orð að það gæti nú engin kona staðið í þessum sporum, að eignast barn og halda ráðherrastóli. En Katrín sýndi þeim samt að það er lítið mál enda hafa nú karlarnir verið í þessari sömu stöðu í gegnum tíðina án þess að nokkur hafi haft sérstaklega orð á því.

Ég var stolt og hreykin af forsætisráðherranum mínum, hún bar af og ber málaflokkinn glögglega fyrir brjósti sem er gríðarlega mikilvægt.

Hitt sem vakti sérstaklega athygli mína var umræða um ólaunuð umönnunarstörf. Umönnun veikra aðstandenda eins og foreldra hvílir á herðum kvenna í langflestum tilfellum. Það eru konurnar sem sinna þeim veiku mun meira en karlarnir og það með fullri vinnu í flestum tilfellum. Þetta gríðarlega viðbótarálag er mögulega

skýring á hærra hlutfalli kvenna sem glíma við kulnun í starfi vegna álags og jafnvel brenna alveg upp og falla út af vinnumarkaði.

Það þarf að skoða þetta með markvissum hætti hérna heima því það er jafnréttismál að það sé trygg þjónusta við veika aðstandendur af hálfu hins opinbera.

Á vegum íslenska ríkisins er sendinefnd sem sækir þingið í New York og í ár var hún óvenju fjölmenn. Forsætisráðuneytið hefur nú jafnréttismálin á sinni könnu og voru 50 fulltrúar í sendinefndinni á vegum félagasamtaka og stéttarfélaganna. Má þar nefna fulltrúa frá Kvennaathvarfinu, Stígarmótum, Kvenréttindafélagi Íslands, Soroptimistum og fleiri samtökum og ekki síður voru öll stærri stéttarfélag landsins með fulltrúa í þessari sendinefnd; mörg aðildarfélög ASÍ, BHM og BSRB, svo eitthvað sé nefnt.

Kennarasamband Íslands hefur aldrei átt fulltrúa í íslensku

sendinefndinni. Sá háttur er hafður á að þau félög sem vilja leggja til fulltrúa óska eftir því við forsætisráðuneytið og greiða sjálf kostnað fyrir sinn fulltrúa.

Þar sem Kennarasamband Íslands er 10.500 manna stéttarfélag með konur í meirihluta finnst mér ófært annað en að það sækist eftir því í framtíðinni að eiga sinn fulltrúa í íslensku sendinefndinni. Þarna sækjum við okkur þekkingu og fróðleik og getum ekki síður lagt gott til og miðlað af góðum árangri okkar. Það er mín skoðun eftir þessa þátttöku í kvennaþinginu að Kennarasamband Íslands eigi að óska eftir því við forsætisráðuneytið að fulltrúar á okkar vegum verði alltaf hluti af íslensku sendinefndinni og að ári eignum við að sækjast eftir því að halda einn hliðarviðburð

þar sem við kynnum fyrir alþjóðasambandinu okkar starf í jafnréttismálum sem er til mikillar fyrirmyndar.



Þar sem Kennarasamband Íslands er 10.500 manna stéttarfélag með konur í meirihluta finnst mér ófært annað en að það sækist eftir því í framtíðinni að eiga sinn fulltrúa í íslensku sendinefndinni.

NOTAÐ FÆR NÝTT HLUTVERK FRÆÐSLA HJÁ SORPU

SORPA býður fræðslu- og vettvangsferðir fyrir nemendur á öllum aldri. Fræðslan tekur mið af þörfum hópsins og er boðið upp á mismunandi leiðir.

- Fyrirlestur og vettvangsferðir nemenda í móttökustöð SORPU í Gufunesi.
- Vettvangsferðir nemenda á endurvinnslustöð.
- Ráðgjöf og fræðsla í skólann fyrir nemendur og starfsfólk.

Í fræðslunni er lögð áhersla á umhverfisávinninginn sem felst í því að draga úr úrgangi og flokka og skila til endurnýtingar. Hinir ýmsu hlutir geta öðlast framhaldslíf, í höndum nýrra eigenda eða sem nýjar vörur, ef við flokkum rétt.





Eigum að hætta að tala niður verknám

Pað er enginn barlómur í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Aðsókn í skólann er góð og nemendur í vetur eru nær eitt þúsund talsins. Grunn- deildir skólans eru fullskipaðar og vísa hefur þurft nemendum frá.

Þetta er ekki alveg í takt við almenna umræðu um að iðn- og verknám sé á fallanda fæti hér á landi. Skólavardan heimsótti Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA) og hitti fyrir Baldvin Ringsted, sviðsstjóra verk- og fjarnáms.

Baldvin var fyrst spurður almennt

um stöðu iðn- og verknáms í skólanum.

„Staðan hér er góð. Ég hef lengi barist fyrir því að við hættum að tala niður verknámið. Það er alltof algengt að talað sé um iðn- og verknám eins og það sé fatlaður bróðir sem allir eigi að vera góðir við. Við þurfum að hætta þessu vorkunnarhjali strax en við þetta má svo sem bæta að það hefur enginn áhuga á jákvæðri umfjöllun um þetta nám. Ég hef reynt ýmislegt til að vekja athygli fjölmiðla á því sem vel gengur hér – en áhuginn er ekki fyrir hendi, því miður,“ segir Baldvin.

VMA var stofnaður árið 1984 en þá voru Iðnskólinn, Húsmæðraskólinn

Baldvin Ringsted hefur kennt í VMA frá árinu 1991.

Hann segir grunndeildirnar fullskipaðar og vísa þurfi nemendum frá.

og framhaldsdeildir Gagnfræðaskólans sameinaðar. Talið var í fyrstu að skólinn yrði aldrei stærri en svo að nemendur væru 700. Nú eru þeir nærri þúsund og flestir hafa þeir verið um 1.300.

Baldvin hefur verið kennari í VMA frá árinu 1991. Hann er blikksmíðameistari og með BA-próf í ensku. Kennslugreinar hans eru og hafa verið enska, grunnteikning, stærðfræði og vélfræði.

„Við höfum ekki yfir neinu að kvarta í grunndeildunum; raf- og rafeindavirkjun, málm- og véltækni og byggingagreinum. Við erum auk þess með grunndeild í matvælagreinum

og nýlega endurreista deild í hársnyrtið. Vandinn við hársnyrtideildina er skortur á nemaplássum og okkar nemendur hafa sumir farið til Noregs til að klára starfsþjálfun. Þá er gaman að segja frá því að við höfum útskrifað einn kokkahóp og erum með efnivið í annan hóp. Hvað verður í þessari grein vitum við þó ekki, ef dregur úr ferðamannastraumi hingað gæti aðsóknin minnkað," segir Baldvin.

Skipting nemenda í þremur stóru grunndeildunum er að sögn Baldvins þannig að helmingur er nýnemar og helmingur eldri nemendur sem hafa náð sér í reynslu í atvinnulífínu. „Svo fáum við fjölmarga stúdenta inn á rafmagnssviðið. Þeir koma úr hinum og þessum skólum, frá Laugum, MA og FNV á Sauðárkróki, svo dæmi séu tekin," segir Baldvin.

Hann segir mikinn metnað innan rafmagnssviðsins og að reynt sé að velja góða nemendur inn; nemendur sem séu líklegir til afreka og hafi staðið sig vel í grunnskólanum. Ein ástæðan séu ríkar kröfur í stærðfræði alveg frá fyrstu önn. „Þeir sem koma beint inn í deildina fara flestir í stúdentsprófið. Það er mikill jafningjaþrýstingur.“

Miklar kröfur gerðar til nemenda

Þá segir Baldvin bifvélavirkjun hafa tekið miklum og hröðum breytingum síðustu árin. „Þetta er orðin hátæknigrein, enda bílar nútímans tölvustýrðir. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur taka eitt ár í grunndeild þar sem þeir læra járnsmíði og suðu, vélfræði, teikningu og ensku. Nemendur verða að ná góðum tókum á ensku því þegar komið er á þriðju önn er allt námsefnið á ensku og þannig er það líka úti í atvinnulífínu. Þessir nemendur búa við mikið álag og við gerum kröfu um 90% mætingu, enda námið kennt í lotum," segir Baldvin.

Hann segir VMA hafa skrifað eigin námskrá í bílgreinum sem hafi fengið samþykki. Nýja námskráin er nokkuð frábrugðin þeirri sem var gefin út í Aðalnámskrá. „Við leggjum meiri áherslu á smíðapáttinn, við viljum að nemendur kunnir járnsmíði og að sjóða og séu færir um að taka að sér jeppabreytingar, til dæmis. Við höfum auk þess bætt við áföngum og lengt námið um eina önn; úr fimm önnum í sex. Nú kennum við nútímatækni, svo sem á leiðsögukerfi, stýringar og búnað í bílum, loftþúða og fleira," segir Baldvin og bætir við að einnig sé kennt á rafmagnsbíla. Síðastnefndi þátturinn mun að mati Baldvins vaxa á næstu árum enda bílaflotinn að breytast.

Nám til stúdentsprófs hefur sem kunnugt er verið stytta úr fjórum árum í þrjú. Það á hins vegar ekki við verknámið. „Lönnám hefur lengst af verið tvö og hálf til þrjú ár á skólabeck. Nú er það oftast fimm til sjö annir og svo starfsþjálfun frá 24 vikum upp í ríflega ár," segir Baldvin.

Aðspurður hvort til standi að stytta verknám í annan endann segist Baldvin ekki reikna með því. „Það kemur reyndar fram í Hvítbók Illuga og víðar að það eigi að stytta þetta nám. Það hefur bara enginn sagt hvernig. Hvað á að skera niður? Lönnámið er lengra en nám til stúdentsprófs og það finnst engum neitt athugasvert við það.“

Leiðandi í námskrágerð

Baldvin segir mikið starf hafa verið unnið í VMA við að skrifa námskrár fyrir iðnnám. Þegar hafa verið samþykktar brautir í húsasmíði, rafvirkjun og stálsmiði, bifvélavirkjun og rafeindavirkjun. „Við höfum verið leiðandi í námskrágerð og það hafa ekki allir nýtt það tækifæri sem felst í að endurskoða námskrána, einkum með tilliti til þess sem er að gerast í viðkomandi fagi. Við höfum lagt okkur fram við að fylgjast með þróuninni í hverri grein og bifvélavirkjunin er gott dæmi um það – endurskoðun námskrár leiddi til þess að námið lengdist," segir Baldvin.

Nýjar brautir eru ekki á teiknaborðinu akkúrat núna. „Ég hef sett saman nýjar brautir en það er enginn tilbúinn

að samþykkja braut sem ekki hefur verið til áður. Dæmi um þetta er bifhjólavirkjun sem ég kynnti mér vel í Danmörku. Ég fékk dönsku námskrána og speglaði hana inn í okkar námskrá að viðbættum vélsleðum og smávélum. Ég sá þetta fyrir mér sem eins árs námsbraut ef nemendur hefðu undirbúning við hæfi. Það falla tólf þúsund ökutæki hér á landi undir þetta en hugmyndinni var hafnað af viðtakendum," segir Baldvin.

Hann segir einnig að umsókn um námsbraut í megartróník hafi verið hafnað. Baldvin segir erfitt að koma inn með nýjungar, því miður.

Jákvæðar fréttir úr iðnnáminu eru hins vegar að í vor mun útskrifast hópur pípulagningarmanna. „Við erum með fjórtán manna hóp pípara sem gerist nú ekki á hverjum degi. Aðsókn í pípulagnir og múrverk hefur aukist síðustu misseri og við erum einnig að útskrifa flottan hóp stálsmiða í vor. Um 35 leggja nú stund á stálsmiði, sem er gott," segir Baldvin og bætir við að að sama skapi hafi aðsókn í húsgagnsmiði dregist saman. Svona sveiflast eftirspurnin og síðustu tvö ár hafa ívið færri útskrifast af verknámsbraut í VMA en af stúdentsbraut. „Við höfum gjarnan verið með 50 til 60 prósent útskrifaðra okkar megin en það hefur hallað á okkur síðustu tvö árin. Líklega er það stytting náms til stúdentsprófs sem hefur áhrif, þeir nemendur sigla hraðar í gegn.“

Efins um eitt leyfisbréf

Nýtt frumvarp sem unnið er að í menntamálaráðuneytingu gerir á þessari stundu ráð fyrir að gefið verði út eitt leyfisbréf fyrir kennara á öllum skólastigum. „Mér hugnast þessi breyting ekki sérlega vel, verði hún að veruleika. Ef við horfum bara á námið hér í VMA þá er það mjög greinabundið og kennarar eru afar sérhæfðir í sínum greinum. Það kennir enginn faggreinar án þess að hafa til þess faglega þekkingu, svo einfalt er það. Það sem mætti sjá fyrir sér væri skörun á milli efstu bekkja grunnskóla og fyrstu bekkja framhaldsskólans. Faggreinakennari á unglingsstigi gæti hugsanlega kennt 1. þreps áfanga í framhaldsskóla en hann færi ekki mikið lengra en það," segir Baldvin.

Eins og greint var frá í upphafi greinarinnar þá er hugur í forráðamönnum VMA. „Ég hef svo lengi sem ég hef starfað hér barist fyrir því að fólk hætti að tala verknámið niður. Við eigum að sameinast um að efla verknám enn frekar og hætta að flytja sífellt neikvæðar fréttir af því," segir Baldvin Ringsted.



Það er alltof algengt að talað sé um iðn- og verknám eins og það sé fatlaður bróðir sem allir eigi að vera góðir við

989

stunda nám við
Verkmennta-
skólann á
Akureyri



Við erum með fjórtán manna hóp pípara sem gerist nú ekki á hverjum degi. Aðsókn í pípulagnir og múrverk hefur aukist síðustu misseri

ORLOFSHÚS SUMAR



Gleðilegt sumar!

Félagsmenn KÍ geta valið um 78 orlofskosti innanlands í sumar. Á Flúðum og í Kjarnabyggð eru orlofshús í eigu KÍ.

Nýir staðir í sumar eru Flókadalur, Barðaströnd, Hólmavík og Fljótsdalshreppur.

Athygli er vakin á að félagsmenn geta einnig keypt flugávisanir, afsláttarmiða á hótélum, gönguferðir, veiði-, útilegu- og golfkort og margt fleira á niðurgreiddu verði.

Heimsækið Orlofsvefinn á ki.is og njótið íslenska sumarsins.

Á VEGUM KÍ RÍÐ 2019



Kennarasamband
Íslands

Stuðningur við kennara

Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ

Leiðsagnarkennarinn, lykill að velfarnaði



Eftir því sem skólaganga almennings á Íslandi hefur lengst hefur verið hugað sífellt meira að menntun kennara. Upphaf formlegrar kennaramenntunar hér á landi má rekja næstum 150 ár aftur í tímann og tengist beint baráttu fyrir almenningsmenntun í landinu. Fyrst voru stofnaðir barnaskólar í bæjum og þorpum og jafnframt komið á formlegri kennaramenntun. Að auki þróuðust farskólar um landið og höfðu þeir sem í þeim kenndu hlotið styttri menntun. Þegar skólagangan lengdist og framhaldsskólinn varð til eins og við þekkjum hann, var farið að huga sérstaklega að menntun framhaldsskólakennara. Sömu sögu má segja um fjölgun leikskóla og breytt viðhorf til þeirra. Þegar leikskóli var formlega skilgreindur sem fyrsta skólastigið og leikskólaganga ungra barna varð almenn, jókst menntun leikskólakennara einnig.

Yfirgripsmikil viðfangsefni

Með þessum breytingum koma fram auknar kröfur til kennara og viðfangsefnin sem þeim er ætlað að leysa verða sífellt yfirgripsmeiri og margþættari. Kennaramenntun þarf hvort tveggja að vera alþjóðleg og þjóðleg. Við viljum að hún taki mið af fræðilegum og alþjóðlegum viðmiðum og tengist um leið sögu, menningu, tungumáli og þjóðfélagsbreytingum. Kennarar þurfa að hafa mikla kunnáttu í sinni kennslugrein og á sínum kennsluviðum auk annarrar margs konar kunnáttu sem tengist mismunandi aldri og þroska nemenda. Þeir eiga að geta brugðist við fjölbreyttum áskorunum, alltaf með hag nemandans að leiðarljósi. Þeir eiga að stuðla að frjórri hugsun nemenda, efla sjálfstæð vinnubrögð og samstarf við aðra. Einnig þurfa þeir að geta beitt ólíkum kennsluáðferðum, mismunandi kennslutækni og vinna að námsefnisgerð að ógleymdu námsmati og endurgjöf til nemenda.



Mikill ávinningur gæti orðið fyrir skólastarf af því að skilgreina sérstakt hlutverk leiðsagnarkennara sem myndi leiða til öflugra lærdómssamfélags inni í skólunum.

Starfsumhverfi sem mætir kennaranemum og nýútskrifuðum kennurum í skólunum um þessar mundir er krefjandi. Því miður hefur nýliðun ekki verið sem skyldi og næstum einn þriðji hluti þeirra sem hefja kennslu hætta því á fyrstu tveimur árum í starfi. Helstu ástæður eru lág laun og álag í starfi og sú er staðan nú að um fjögur þúsund menntaðir kennarar sinna öðrum störfum í samfélaginu.

Aðgerðir til að fjölga kennurum

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð rík áhersla á að efla menntun í landinu. Í byrjun mars 2019 kynnti mennta- og menningarmálaráðherra Lilja Dögg Alfreðsdóttir aðgerðir sínar í menntamála- um sem eru til þess ætlaðar að fjölga kennurum en megintillagan snýr að launuðu starfsnámi á síðasta ári náms fyrir leik- og grunnskólakennara. Þessum kennaranemum er svo ætlað að njóta leiðsagnar reynds kennara á vettvangi. Til þess að sem best verði tekið á móti kennaranemum á einnig að fjölga kennurum sem hafa sérhæft sig í leiðsögn í íslenskum skólum. Með þessum tillögum standa vonir til að fækka þeim kennurum sem hverfa til annarra starfa á fyrstu árum í kennslu verulega og fjölga kennurum sem hafa sérhæfingu í starfstengdri leiðsögn. Tillögurnar miða að því að fjölga leiðsagnarkennurum um 30 á ári á næstu fimm árum. Ljóst er þó að þess verður nokkuð langt að bíða að allir leik- og grunnskólar státi af einum slíkum því samtals eru skólar á þessu skólastigi vel á fjórða hundrad.

Fjármunir og reglufesta

Allt eru þetta skref í góða átt en ekki nægilega stór skref þó. Til þess að nýtt starfsnámsár kennara verði til framfara þarf að tryggja skólum fjármuni og markvissan stuðning til að skipuleggja leiðsögn nýliða og stuðning við annað fagfólk. Þá er ekki síður mikilvægt að skilgreina starfsnám þeirra í lögum eða reglugerð og sömuleiðis starf leiðsagnarkennara. Sú

leið hefur verið farin t.d. í Noregi. Árið 2017 gaf norska menntamálaráðuneytið út stefnu um menntun kennara til ársins 2025. Einn liður í því að koma þeirri stefnu á er reglugerð um leiðsögn við nýtskrifaða kennara sem kom út í september síðastliðnum. Með því taka menntamálayfirvöld á sig skuldbindandi hlutverk í mótun menntastefnu og festa í reglur rétt nýrra kennara til að fá leiðsögn. Í reglugerðinni er dregið fram að kennari verði aldrei nema að hluta búinn undir starf sitt með háskólanámi og því sé leiðsögn mjög mikilvæg fyrir nýja kennara, ekki aðeins til að taka skrefið úr námi yfir í starf heldur einnig til aðlögunar í lærdómssamfélagi vinnustaðarins.

Það mætti hugsa sér að ábyrgð leiðsagnarkennara væri skilgreind á svipaðan hátt og ábyrgð lækna á nemum í þeirra umsjá, sbr. 14. grein reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna (Reglugerð nr. 467/2015 með áorðnum breytingum) að þeir beri ábyrgð á því að nemar sem starfa undir þeirra stjórn fái næga hæfni og þekkingu og einnig leiðbeiningar til að inna af hendi þau störf sem þeim eru falin.

Leiðsögn við nýliða

Skipulögð leiðsögn við nýliða og stuðningur við annað fagfólk í skólum þarf að vera formlegur hluti af heildstæðri menntun og starfsþróun alla starfsævina. Í rannsókn Maríu Steingrímsdóttur sem birt var í Netlu 2018 og ber nafnið Mat nýliða á gagnseminni leiðsagnar í starfi kennara kemur í ljós að leiðsögn við nýliða hefur áhrif á starfshætti og líðan nýja kennarans og máli skipti að leiðsagnarkennarar hafi svipaðan faglegan grunn og nýliðinn og að sú leiðsögn væri með reglulegu millibili. Niðurstöður Andra Rafns Ottesen og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar í greininni Eftirsóttasti minnihlutahópurinn sem birtist í Netlu nú í mars benda í sömu átt.

Ráðgjöf og stuðningur

Mikill ávinningur gæti orðið fyrir skólustarf af því að skilgreina sérstakt hlutverk leiðsagnarkennara sem myndi leiða til öflugra lærdómssamfélags inni í skólunum. Leggja þarf áherslu á að leiðsögnin verði sérstaklega skilgreint starf eða starfshluti. Því er nauðsynlegt að formgera starfsheiti leiðsagnarkennarans sérstaklega. Hann yrði þá í raun faglegur leiðtogi kennara í skólanum og þangað gætu kennaranemar, nýir kennarar og hugsanlega einnig aðrir leitað eftir ráðgjöf.

Hlutverk leiðsagnarkennara tengt starfsnámsnemum gæti falist í fjölbreyttum stuðningi og undirbúningi kennslu, kennsluáætlanagerð, stuðningi í kennslunni sjálfri, ígrundun með kennaranemum og nýliðum almennt



Starfsumhverfi sem mætir kennaranemum og nýtskrifuðum kennurum í skólunum um þessar mundir er krefjandi.

í skólustarfinu og ekki síst þeim sem reyndari eru. Stuðningur og endurgjöf eru mikilvægir þættir sem ekki hefur tekist að þróa nægilega vel í skólustarfi á Íslandi og þarna gæti sannarlega verið vettvangur til slíkrar framþróunar.

Ein af meginstöðum hvernar þjóðar er öflugt menntakerfi. Sameiginlegt verkefni skólasamfélagsins og menntamálayfirvalda er að búa svo um hnútana að vel sé tekið á mótum kennaranemum og nýjum kennurum. Þannig eiga þeir auðveldara með að ná tókum á viðfangsefnum sínum og farnast betur í starfi. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir þá sem starfað hafa lengur í skólunum að geta fengið ráðgjöf og handleiðslu við störf sín. Því er afar mikilvægt að starf leiðsagnarkennara verði skilgreint sérstaklega á öllum skólastigum og fjármagnað svo að allir kennarar geti sótt sér leiðsögn og handleiðslu námi og kennslu til heilla.



veidikortid.is

Eitt kort
34 vötn
~~7.900 kr~~



Frelsi til að veiða!



Nýttu þér sérkjör á orlofsvef KÍ fyrir félagsmenn.



MYND: ANTON BRINK

Yngsti vinningshafi í sögu Nótunnar


L

okahátíð Nótunnar 2019 fór fram laugardaginn 6. apríl í Hofi á Akureyri. Það voru fleiri

hundrað tónlistarnemar sem tóku þátt í svæðistónleikum um allt land til að öðlast þátttökurétt á lokahátíðinni. Áð lokum voru það 24 atriði og um 70 nemendur sem stígu á stökk í Hofi í dag en þetta er í fyrsta skipti sem lokahátíðin er haldin utan Reykjavíkur. Á lokahátíðinni var valið besta atriði Nótunnar 2019, þá fengu tvö atriði viðurkenningu Sinfóníuhljómssveitar

á hugamanna og 7 atriði auk þriggja framangreindra atriða fengu verðlaunagrip Nótunnar 2019 fyrir framúrskarandi tónlistarflutning. Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, afhenti viðurkenningar í lokin.

Baldur Þórarinnsson, átta ára sellónemandi í grunnnámi við Tónskóla Sigursveins, var með besta atriði Nótunnar 2019. Baldur er jafnframt yngsti tónlistarnemandinn sem hefur fengið þessa útnefningu. Heiðurs-titlinum fylgdi farandgripur Nótunnar auk þess sem atriðið fékk gjafabréf frá Tónastöðinni.



MYND: ANTON BRINK



MYND: AUBUNN NIELSSON



MYND: ANTON BRINK



MYND: AUBUNN NIELSSON



MYND: AUBUNN NIELSSON



MYND: AUBUNN NIELSSON

Viðurkenningar

Viðurkenning í formi þátttöku á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna á næsta starfsári

- ▶ Eyrún Huld Ingvarsdóttir, ellefu ára fiðlunemandi í miðnámi við Tónlistarskóla Árnesinga.
- ▶ Þórunn Sveinsdóttir, ellefu ára fiðlunemandi í miðnámi við Allegro Suzukitónlistarskólann.

Nótan 2019

Auk þriggja viðukenninga hlutu sjö atriði verðlaunagripinn Nótuna 2019

- ▶ Gyða Árnadóttir, söngnemandi í grunnnámi við Tónlistarskólanum í Fellabæ.
- ▶ Gísella Hannesdóttir, píanómandi í miðnámi við Tónlistarskóla Rangæinga.
- ▶ Margrét Edda Lían Bjarnadóttir, gítarnemandi í framhaldsnámi við Tónskólann Do Re Mí.
- ▶ Lilja Björg Geirsdóttir, þverflautunemandi

í framhaldsnámi við Tónlistarskólann á Akureyri.

- ▶ Sigríður Erla Magnúsdóttir, píanómandi í framhaldsnámi við Tónlistarskóla Ísafjarðar.
- ▶ Rytmasveitin No sleep (Andvaka), í opnum flokki, frá Tónlistarskóla Árnesinga: Valgarður Uni Arnarson, rafgítar, Gylfi Þór Ósvaldsson, rafgítar, Jakob Unnar Sigurðarson, rafbassi, Þröstur Ægír Þorsteinsson, trommur.
- ▶ Þungarokksbandið Scullcrushe.



Heimsreisa og heimanám – fer það saman?



Vala Mörk iðjubjálfi og Guðjón Svansson ráðgjafi ásamt tveimur af sonum sínum eru í fimm mánaða ferðalagi í kringum hnöttinn. Báðir drengirnir eru í skóla, annar á fyrsta ári í menntaskóla og hinn á öðru ári í grunnskóla. Á ferðalaginu sinnir fjölskyldan vinnu og skóla, í bland við að upplifa heiminn og læra af stöðunum sem þau ferðast um.

Við fjölskyldan erum í skemmtilegu ferðalagi um Blue Zone svæði heimsins, en það eru þau svæði sem rannsóknir hafa sýnt að skari fram úr varðandi langlífi og góða heilsu. Þessi svæði eru fimm. Í Bandaríkjunum er það bærin Loma Linda og umhverfi, í Costa Rica er það Nicoya skaginn, í Japan er það eyjan Okinawa, í Grikklandi eyjan Ikaria og á Ítalíu er það fjallasvæði á Sardiníu. Við stefnum á að vera mánuð í hverju landi, stundum á miklu flakki, stundum minna.

Í ferðinni eru með okkur tveir synir okkar, Patrekur Orri nemandi á fyrsta ári í Verslunarskóla Íslands og Snorri Valur, nemandi í öðrum bekk í Varmárskóla. Auk þeirra eigum við tvo eldri drengi, Viktor Gauta, 22 ára nemanda í Copenhagen Business School og Arnór Ingimund 20 ára, sem varð stúdent frá MS síðastliðið vor og stefnir á nám við Háskóla Íslands næsta haust. Þegar eldri drengirnir voru 10 og 12 ára og Patrekur Orri 5 ára fórum við í svipað ferðalag í heilt ár og náminu sinnu þeir í heimaskóla sem ég aðstoðaði þá við. Ástæðan fyrir því ferðalagi var löngunin til að upplifa heiminn í náinni samveru með börnunum okkar. Þetta ár var okkur dýrmætt og mikil lífsreynsla og enn í dag búa drengirnir að því nána sambandi sem myndaðist þeirra á milli.

Vala Mörk skrifar

Fjölskyldan fór í zipline-ferð í La Fortuna og þrátt fyrir vansvefta nætur af áhyggjum yfir því að Snorri væri of ungur þá var þetta einn af hans uppáhaldsdögum í ferðinni. Mögnuð upplifun að skoða regnskóginn ofan frá.

Við ræðum oft þá ferð og höfum því ósjaldan fengið spurninguna „hvener fæ ég að fara í ferðalag?“ frá Snorra Val.

Leysa þarf vandamálin eitt í einu

Löngunin til að fara í aðra langa ferð blundaði því í okkur, en hvernig ferðalag og hvert skyldi fara var óljóst. Þegar Guðjón fór á ráðstefnu hjá VIRK í maí 2018 hlustaði hann á hollensk-an lækni tala um hvernig hún vildi breyta nálguninni í heimilislækningum í heimalandinu og byggði þar meðal annars á rannsóknum um Blue Zone svæðin. Við höfðum aldrei heyrt um þau svæði, en þarna kviknaði hugmyndin að þessari ferð. Við ræddum þennan fyrirlestur þegar Guðjón kom heim af ráðstefnunni og undirbúningurinn að því ferðalagi sem við erum í núna hófst sama kvöld!

Við ákváðum að fara af stað strax eftir áramót 2018/19 en ekki fyrr því í fjölskyldunni eru mikil jólabörn. En með ákvörðuninni var erfiðasti hluti undirbúningsins búinn. Að ákveða að fara og festa dagsetningu.

Þegar ákvörðunin er tekin, er næsta skref að leysa vandamálin sem koma upp, eitt í einu. Það verða alltaf hindranir á leiðinni en málið er að láta þær ekki stoppa sig. Ein algengasta spurningin sem við fengum þegar við sögðum fólki frá ferðalaginu sneri að drengjunum og skólunum þeirra. Hvað með námið, er þetta hægt? Þegar hér er komið við sögu höfum við verið á ferðalagi í 8 vikur, vorum mánuð í Loma Linda og erum þegar þetta er skrifað að klára mánaðarferðalag um Costa Rica. Svo já, þetta er hægt :)

Gott viðmót Versló

Patrekur Orri var að klára tíunda bekk þegar ákvörðunin um ferðina var tekin og það voru miklar vangaveltur hjá honum um hvaða menntaskóla hann vildi fara í. Hann hefur gaman af ferðalögum og er óhræddur við að prófa nýja hluti, svo það var aldrei spurning um hvort hann kæmi með. Val hans á menntaskóla stýrðist því aðeins af fjarnámsmöguleika, því honum fannst mikilvægt að dragast ekki aftur úr jafnöldrunum.



Snorri er í „heimaskóla“ alla ferðina. Hér er hann í um 34 stiga hita í Playa Grande á gistiheimilinu sem við vorum á. Hann lærði stærðfræði og íslensku fyrri part dags og seinni partinn var brimbrettakennsla í sjónum.

Við skoðuðum nokkra skóla og eftir kynningu í Versló, þar sem fjarnám er einn af valkostunum, varð sá skóli fyrir valinu. Viðmótið í skólanum er til fyrirmyndar. „Engin vandamál, bara lausnir“ var viðmótið sem við mættum í Versló gagnvart ósk okkar um eina önn í fjarnámi og aðrar í staðarnámi.

Orri byrjaði því fyrstu önnina í staðarnámi, komst vel af stað í náminu og kynntist skólanum vel. Það hefur eflaust auðveldað framhaldið og fjarnámið gengur mjög vel. Það er skipulega sett upp og kennarar eru snöggir að svara spurningum þegar þær vakna. Við foreldrarinn þurfum sjálf að sinna vinnu gegnum tölvu, svo hann hefur fyrirmyndina að vinnustundum í ferðinni og fylgir okkar vinnurútinu að mestu.

Verandi unglingur örlar stundum á minni hressleika fyrri part dags, en það bætir hann upp með mun meiri hressleika seinnipartinn. Orri sér alveg sjálfur um að sinna náminu og það er lítið sem við þurfum að hjálpa

með enn sem komið er. Hann er sterkur námsmaður og það auðveldar að sjálfsögðu margt, en auðvitað koma upp erfiðleikar öðru hvoru sem við hjálpumst við að leysa. Hér í sveitum Costa Rica er netið óáreiðanlegt og því hefur skipulagshæfileikinn fengið góða þjálfun. Hann hefur þurft að

tileinka sér þá list „að vinna sér í haginn“ – nokkuð sem lítið var stundað heima á Íslandi, enda ekki þörf á þar sem gott net er alltaf til staðar.

Honum hentar vel að taka rispur í einu fagi, ljúka kannski tveggja vikna vinnu á tveimur dögum og vera þá lausari við

Við fengum mjög góð viðbrögð frá kennurum og stjórnendum Varmárskóla þegar við komum með hugmyndina að ferðalaginu til þeirra. Þau sáu tækifærin í því að nemandi væri á ferðalagi um heiminn og við erum dugleg að hjálpa Snorra við að senda tölvu- pósta og myndir til bekkjarins.

næstu daga sem nýtast til upplifana í ókunnunum landi og ferðalaga milli staða.

Samverustundirnar stærsti kosturinn

Við erum núna í Samara í Costa Rica, en svo er stefnan tekin á Japan. Það ferðalag mun taka fjóra daga og því hefur Orri nýtt dagana í Samara vel til náms. Í gær fórum við hin í bæjarferð og gáfum honum góðan vinnufríð sem hann nýtti vel – kláraði verkefni og tók próf. Var svo hoppandi kátur með útkomuna þegar við komum tilbaka og eftir góðan baunarétt (já, við erum líka að prófa ýmsa nýja rétti sem innfæddir borða og eru ein ástæða langlífis hér) þá safnaðist fjölskyldan saman í óþægilegu stólunum sem eru hér í húsinu og horfði saman á mynd. Samverustundirnar eru líklega stærsti kosturinn við svona ferðalag. Við höfum bara hvert annað og gæðastundirnar eru því mjög margar.

Skólavinna Snorra Vals



Samverustundirnar eru líklega stærsti kosturinn við svona ferðalag. Við höfum bara hvert annað og gæðastundirnar eru því mjög margar.

er kannski einfaldari en ekki minna mikilvæg. Fyrstu árin í grunnskóla snúast að mínu mati að miklu leyti um að byggja sterkan grunn fyrir komandi skólaár þegar námið verður flóknara. Í svona ferðalagi gefst tækifæri til að hafa grunninn sterkan og um leið margþættan. Ég er viss um að kennarar eru sammála mér um kosti þess að hafa námið skemmtilegt og ef manni tekst að vekja áhuga nemanda og forvitni er námið og skólavinnan auðveldari.

Heimaskóli fyrri part dags

Við fengum mjög góð viðbrögð frá kennurum og stjórnendum Varmárskóla þegar við komum með hugmyndina að ferðalaginu til þeirra. Þau sáu tækifærin í því að nemandi væri á ferðalagi um heiminn og við erum dugleg að hjálpa Snorra við að senda tölvupósta og myndir til bekkjarins. Kennari Snorra les svo póstana upp fyrir bekkinn, þau skoða á hnetti hvar hann er staddur og ræða staðina.

Við tókum nokkrar skólábækur með í ferðina sem við vinnum reglulega með, en skilaboðin sem við fengum fyrir þessa ferð (og reyndar einnig stóru ferðina fyrir tíu árum!) var að mikilvægast væri að drengurinn héldi góðum grunni í stærðfræði og íslensku.

Við höfum yfirleitt heimaskóla fyrri part dags. Tökum einn til tvo tíma í vinnu. Ég set stundum upp lista yfir verkefni sem Snorri á að leysa. Hef ferning fyrir framan hvert atriði sem hann svo krossar við þegar það er leyst. Þessi aðferð hefur reynst honum vel. Dæmi um slíkan lista getur verið að klára ákveðnar blaðsíður í stærðfræði, skrifa kafla í sögunni sem hann er að semja, æfa sig í krossgátu, telja flísarnar á baðinu og deila með tveimur, leysa rúbíkskubbinn einu sinni og lesa upphátt um letidýr á Vísindavefnum.

Auk íslensku og stærðfræði snýst heimaskólinn sem sagt mikið um það sem við erum að upplifa á hverjum stað. Við fórum til dæmis í ferð um regnskógana með leiðsögumanni til að skoða letidýr. Eftir þá ferð fékk Snorri



það verkefni að gera litla ritgerð um letidýr, hvað þau verða stór, hvar þau búa, hvað þau borða og svo framvegis. Þar byggði hann á skoðunarferðinni og því sem hann sá. Ég notaði tækifærið og kenndi honum að googla til að bæta við upplýsingarnar. Hann æfði ritun með því að skrifa þetta niður, lærði um uppsetningu ritgerðar og kynntist Vísindavefnum, sem hann er afskaplega hrifinn af. Allt í einum pakka.

Margt af því sem við lærum og gerum í heimaskólanum er þannig. Við löbbum mikið og skoðum umhverfið, dýrin og blómin og fáum þannig innlit í náttúrufræði og líffræði. Þegar við kaupum hluti hér á mörkuðum eða í búðum fær Snorri Valur það verkefni að reikna úr innlendum gjaldmiðli yfir í krónur. Við skoðum skeljar og steina, skiptum þeim í tvo eða fleiri hópa, látum helminginn hverfa, skiptum þá afgangnum í þrennt og svo framvegis. Stærðfræðiæfingar geta leynst víða og í þessari nánú samveru sem við fáum með börnunum okkar skapast mörg tækifæri sem við annars myndum ekki sjá.

Tíminn sem við erum saman skiptir þarna miklu máli, því við erum saman meira og minna allan sólarhringinn flesta daga. Mörgum þykir nóg um að vera með fjölskyldunni allan sólarhringinn í nokkurra daga fríi, en þetta verður öðruvísi þegar um lengri ferð er að ræða. Ákveðið jafnvægi skapast, venjur myndast og rútína þar sem allir fá sitt rými kemur oft af sjálfu sér.

Fjölskyldan fer mikið í sjóinn þegar tækifæri gefst. Snorri er mjög öruggur í öldunum enda búinn að læra að standa á brimbretti. Fótbolti á ströndinni við sólarlag er líka öflug minning en hér eru það Patrekur Orri og Guðjón faðir hans sem sparka bolta.

Hugmyndaflugið skiptir miklu máli

Snorri Valur er mjög hress átta ára drengur og eins og mörg börn er hann afskaplega málgefinn, sýsyngjandi og trallandi. Hann er að gera sér betur grein fyrir mikilvægi þess að skapa vinnufrið þegar aðrir eru að sinna verkefnum, að maður þurfi stundum að sitja í þögn og það sé allt í lagi þegar aðrir þurfa stundarfrið. Þegar tíminn er meiri og streitan minni finnum við fullorönu líka eigin ró til að hjálpa honum að venjast því að dunda sér sjálfur. Hann var reyndar mikill dundari þegar hann var minni en við höfum fundið það síðustu árin að tæki og tölvur voru farin að vera of stór hluti af daglegu lífi hjá stubbnum.

Því hefur það einnig verið markmið í ferðinni að hjálpa honum að finna leiðir til að njóta þess að dunda sér í friði og ró án þess að hafa einhver tæki til að sökkva sér í. Hann hefur lært að leggja kapla, lært að leysa rúbíkskubbinn, lesa sér til ánægju eða búa til leiki. Hann hafði mjög lítið af leikföngum með í ferðina, en nokkrar léttar (ekki þungar í kílóum) bækur, fótbolta-möppu, fótboltaspjöld, teikniblokk, nokkur ferðaspil og rúbíkskubb. Þessa hluti hefur hann notað bæði til leiks og til þess að læra.

Hugmyndaflug kennarans (ég) skiptir þar miklu og hér gildir, eins og í svo mörgu öðru, að hafa gaman af þessu, nálgast verkefnið með jákvæðni, hugsa út fyrir kassann, hlæja, leika og njóta :)

Myndir vekja upp nýjar hugsanir

Málþingið Mál í myndum var haldið í febrúar sl. en að því stóðu Menntamálastofnun og Kennarasamband Íslands. Flutt voru áhuga-verð erindi og er hér gripið niður í eitt þeirra sem Ingimar Ólafsson Waage, aðjúnkt við Listaháskóla Íslands, flutti. Það bar heitið Myndskreytingar í skólabókum: Samræða um gildi?

„En myndir eru ekki aðeins lýsandi, þær eru einnig vitnisburður um tíðaranda. Myndirnar í elstu skólabókunum sem sýndar eru hér, sýna þrá þjóðarinnar til að móta sína eigin sjálfsmynd, öðlast eignarhald á landinu og setja landið sjálft, sögu þjóðarinnar og menningararfinn í forgrunn. Hlutverk myndskreytinga í skólabókum snýst því öðrum þræði um að miðla sameiginlegum gildum þjóðarinnar, því sem talið væri einhvers virði – þrátt fyrir að raunveruleiki barnanna sem lasu bækurnar væri gerólikur þeirri gullaldirveröld sem blasti við þeim á síðum skólabókanna. Ævintýrin eiga sér stað í sveitinni en barnið sem skoðar myndirnar situr á svampdýnu á fjórðu hæð í blokk sem er í byggingu, það er rigning úti og djúpir pollar á bílastæðinu – og gott ef það er ekki próf á morgun úr bókinni. Það gæti vissra mótsagna í þessu samhengi; spyrja má hvort fortíðarþráin muni reynast okkur gagnleg í glímuni við veruleikann á mölinni. Þótt segja megi að afturhvarf til sveitalífsins sé hvorki líklegt né æskilegt þá má benda á að við höfðum kannski ekkert annað til að miðla þeim gildum sem við trúðum á.



Myndir birta hugsun sem í senn er meitluð og mótuð annars vegar en óræð og opin hins vegar.

Máttur mynda er mikill. Þær höfða til þeirra sviða hugsunarinnar og skynjunarinnar sem eru handan við fótfestu tungumálsins. Myndir birta hugsun sem í senn er meitluð og mótuð annars vegar en óræð og opin hins vegar. Þannig vekja myndir upp nýjar hugsanir og ný allsendis ófyrirséð viðbrögð. Hrint hefur verið af stað keðjuverkun sköpunar og upplifana. Aristóteles benti á það að listaverk opni fyrir skilning okkar á hinni sammannlegu reynslu ekki síst fyrir sakir eftirlíkingarinnar eða jafnvel eftirhermunnar og geti þannig lagt orð í belg um hugsanir okkar um hvernig lífinu skuli best háttað. Myndir eru fódur fyrir gagnrýna hugsun, þær bjóða stóru spurningunum heim.“



Námsefni

Mál í myndum

Elín Lilja Jónasdóttir og Harpa Pálmadóttir
ritstjórar hjá Menntamálastofnun

Ein mynd getur sagt meira en 1000 orð er frasi sem margir þekkja. Í honum felst að mynd ein og sér getur sagt merkingarþæra sögu án þess að henni fylgi orð. Myndir, hvort sem það eru myndskreytingar, ljósmyndir, skýringamyndir eða önnur myndræn framsetning, skipa stóran sess í náms-efni Menntamálastofnunar og er þeim ætlað að varpa ljósi á textann og gefa skýrar upplýsingar. Myndirnar eiga ekki síður að vekja áhuga og forvitni, virkja bakgrunnsþekkingu á efninu, styðja efnislega við textann og bæta jafnvel ýmsu við hann. Þær geta líka verið uppspretta samræðna og því vel þess virði að kennarar staldri við myndir í námsefni og hvetji til umræðna.

Mikil áskorun felst í því að gera bók þannig úr garði að hún vekji áhuga lesenda og viðhaldi áhuganum, að

nemendur langi að fletta á næstu síðu og jafnvel afla sér frekari vitneskju út fyrir bókina. Til að skapa jákvætt viðhorf gagnvart námsefni verður það að vera forvitnilegt, áhugavert og aðlaðandi.

Áhugi er einn þeirra þátta sem yfir undir lesskilning og það er því til mikils að vinna að glæða áhuga nemenda. Þar gegna myndir mikilvægu hlutverki og má nýta þær á fjölbreyttan hátt. Stundum er farin sú leið að láta myndirnar segja ákveðna sögu, annaðhvort í beinu framhaldi við textann eða sem viðbót við hann, nokkurs konar hliðarsögu. Slíkar myndir geta verið í formi teiknimyndasagna en þær höfða til margra barna og því er áhugahvetjandi fyrir þau að sjá þess háttar myndefni bregða fyrir í lestrarbók. Stundum er texti í talblöðrum en oft er líka enginn texti og þá er upplagt að láta nemendur semja sinn eigin texta sem passar við teiknimyndasöguna.

Hrafninn



Í bókinni *Hrafninn*, í flokknum *Milli himins og jarðar*, er m.a. fjallað um orð og orðatiltæki sem gera má ráð fyrir að séu börnum framandi. Myndræn útfærsla teiknarans auðveldar nemendum að tileinka sér orðin og skilja þau. Þegar þeir rekast síðan aftur á orðin í öðru lesefni geta þeir hugsanlega kallað fram myndina og tengt hana við merkinguna.

Hrafninn – námsefni í íslensku eftir Hörpu Jónsdóttur. Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson teiknaði.

Tak



Myndefni er sérstaklega hentugt í tungumálakennslu. Í námsefninu *Tak* er fjöldi mynda sem m.a. útskýra innihald texta og styðja við orðaforðatíleikun, virkja bakgrunnspækkingu og eru til þess fallnar að þjálfra munnlega og skriflega færni.

Tak – námsefni í dönsku á unglíngastigi eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen. Halldór Baldursson teiknaði.

Sestu og lestu



Í lestrarbókaflokknum *Sestu og lestu*, sem miðast við nemendur í 3. til 5. bekk, er uppbrot með teiknimyndasögum á nokkrum stöðum í bókunum. Ævintýri í Ingólfsfjalli – námsefni í íslensku eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttur. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir teiknaði.

Hvalir



Í bókinni *Hvalir*, sem tilheyrir lestrarflokknum *Milli himins og jarðar*, er fjallað um stærð steypireyðar. Erfitt getur reynst fyrir níu ára börn að ímynda sér hvað 30 metrar er í raun mikið en að sjá fyrir sér 10 hæða blokk í samanburði við hvalinn auðveldar þeim að átta sig á stærðinni. Hér sýnir myndin á ljóslifandi hátt hversu gríðarstór hvalurinn er.

Hvalir – námsefni í íslensku eftir Hörpu Jónsdóttur. Bergún Íris Sævarsdóttir teiknaði.

Í vor eru 82 ár síðan Ríkisútgáfa námsbóka hóf göngu sína. Námsgagnastofnun var síðan stofnuð 1980 og Menntamálastofnun árið 2015. Óhætt er að segja að myndir hafi gegnt mikilvægu og vaxandi hlutverki í námsbókum frá upphafi til okkar daga.

Menntamálastofnun hefur að undanfögnu tekið þátt í að miðla mikilvægi mynda í námsefni, bæði á sýningunni Tíðarandi í teikningum í Bókasafni Kópavogs en hún var samstarfsverkefni Menntamálastofnunar, bókasafnsins og Náttúrufræðistofu Kópavogs, og svo á málþingi í kjölfarið.

Ákveðin nostalgía getur komið fram við það að sjá myndir úr námsefni frá bernskuárunum. Margir muna eftir teikningum þeirra Baltasars og

Kristjönu Sampers úr Litlu gulu hænunni og Ungu litla, sígilt efni sem er orðið hluti af okkar menningararfi þótt ekki sé um að ræða kjarnaefni í dag. Þegar námsbækur síðustu áratuga eru skoðaðar má sjá hvernig myndir endurspeglar tíðarandann. Að mörgu er að huga við val á myndefni eins og til dæmis að velja af kostgæfni myndir sem sýna fjölbreytileika mannlífs, huga að minnihlutahópum og forðast að sýna kynin í svokölluðum hefðbundnum kynjahlutverkum.

Á næstu mánuðum verður sýningin Tíðarandi í teikningum sett upp á fleiri stöðum á landinu þar sem sýnd verða frumrit myndverka sem íslenskir listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur allt frá því fyrir lýðveldisstofnun.

Steinunn Inga mælir með Hjartahreini list, falsfréttir og ódýr föt

Hvað á kennari að bralla þegar loksins sér til lands í ritgerðavinnunni, skýrslurnar eru gátaðar og dæmin reiknuð? Hríðin lemur gluggarúðurnar, það er ekkert spennandi í sjónvarpinu og ryksugan er biluð.

Chef's Table

(Netflix)

Fimmta sería af þessum vönduðu matargerðarþáttum. Þetta eru ekki matreiðsluþættir, heldur er fjallað um matargerðarlist og -menningu og sögu frægra kokka. Í fyrsta þætti seríunnar er sögð saga Christina Martinez sem flúði frá heimalandi sínu Mexíkó árið 2009. Hún komst til Bandaríkjanna þar sem hún býr og starfar en litla veitingahúsið hennar var á lista yfir 10 bestu veitingastaði í Bandaríkjunum 2016. Martinez hefur enn ekki fengið dvalarleyfi í Trump-landi og berst ötulllega fyrir réttindum innflytjenda.



Steinunn Inga Óttarsdóttir

Þórarinn Eldjárn

Vammfirring (Forlagið)

Yndisleg ljóðabók sem dregur nafn sitt af frægri kenningu Egils Skalla-Grímssonar um skáldskapinn sem íþrótt vamma firrða, þ.e. hina hjartahreinu list. Þórarinn Eldjárn er í upphaldi hjá okkur í KÍ, hann mælir af visku og yfirvegum um stöðu tungunnar og sitthvað fleira sem gerir okkur að manneskjum.

Follow this

(Netflix)

Áhugaverðir þættir þar sem ungir rannsóknarblaðamenn hjá BuzzFeed fara á stúfana og leita sannleikans. Kafað er m.a. í djúp netsins, fjallað um falsfréttir og aðskiljanlegustu hluti eins og dóp, lífsstíl, hjólabretti og kynlífsdúkkur. Hvergi komið að tónum kofum og fullt af námsefni.

Dark Tourist

(Netflix)



Átta rosalegir þættir þar sem farið er yfir öll mörk því upplifun ferðamannsins þarf að verða sífellt æsilegri. David Farrier frá Nýja-Sjálandi ferðast til fjarlæggra og jafnvel leyndra staða, hittir furðulegt fólk og fer í óhugnanlegar skoðunarferðir. Vissir þú t.d. að hægt er að þenja spennustigið verulega með því að prófa að skjóta af alvörubysu á kunnnum aftökustað í Kólumbíu og taka þátt í blóðugum fórnarathöfnum og vúdu í Afríku? Ferðabjónusta í sérflokkum fyrir þá ríku og lífsþreyttu.

Timothy Schneider

Um harðstjórn (Forlagið)

„Ef ekkert okkar er tilbúið að deyja fyrir frelsið, þá munum við öll deyja undir harðstjórn“ segir í 20. kafli bókarinnar sem er með tuttugu ráðleggingar um hvað megi læra af tuttugustu öldinni. Önnur ráðlegging snýr að stofnunum samfélagsins; þær skuli alltaf njóta verndar og innviðir eigi að vera sterkir, sama hvort um er að ræða dómstóla, frétta- miðla eða stéttarfélög. Við í KÍ stöndum vörð um okkar félagsmenn.



Smá pláss

RÚV

Rúmlega 30 þættir á Rúv núll sem finna má í hlaðvarpi þar sem búið er til smá pláss fyrir konur. Meðal efnis er feminismi í framhaldsskólum, konur á skjánum og jólastressið alræmda. Þáttastjórnendur eru Elín Elísabet Einarisdóttir og Sunna Axels.

Naomi Klein

Þetta breytir öllu (Salka)



Tímabær varnaðarorð um loftslagsbreytingar og endalok siðmenningar ef ekkert verður að gert. Nýlegar fréttir af því að Íslendingar séu Evrópumethafar í losun kolefnis á mann eru sláandi áminning um að við erum ekki undanskilin vandanum.

Allir geta lagt eitthvað af mörkum, minnkað plastnotkun eða tínt upp rusl. Við viljum loftslagsréttlæti öllum heiminum til handa!

Limetown

(Two up Productions)



Fáránlega faglega skapað amerískt hlaðvarp um skelfilega atburði sem gerðust 2004 í Tennessee þegar óðir vísindamenn ætluðu að krukka í mannsheilann og allt

för úr böndunum. Aðalsöguhetjan er Lia Haddoc, glúrin rannsóknarblaðakona sem telur manni auðveldlega trú um að þetta byggji allt á sannsögulegum atburðum. Hriklaga spennandi og sannfærandi ráðgáta, sjö þættir í hámlustun og ekki handarvik gert á bænum þann daginn.

The True Cost

(Netflix)



Mynd um ódýru fötin og samhengi þeirra við þrælalald í fataverksmiðjum, um fatahaugana sem hlaðast upp og um mengun og markaðshyggju.

Sláandi mynd sem getur sannarlega nýst sem kennsluefni til að skapa umræður og vekja áhuga og umhverfisvitund hjá nemendum.



Börnin í Brákarborg glöddu gesti með söng og fallettri framkomu. Nokkur þeirra stilltu sér upp með Haraldi Frey Gíslasyni, formanni FL, Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Ragnari Þór Péturssyni, formanni Kennarasambands Íslands.

Sólblítt sumar og snakk

Efnt var til hátíðarhalda í leikskólanum Brákarborg á Degi leikskólans. Borgarstjóri og menntamálaráðherra voru meðal gesta. Veitt voru verðlaun í ritlistarsamkeppni leikskólabarna.

Afar góð þátttaka var í ritlistarsamkeppni meðal leikskólabarna sem hleypt var af stokkunum í fyrsta sinn fyrr á þessu ári. Tilefnið var Dagur leikskólans sem er haldinn

hátiðlegur 6. febrúar ár hvert. Vel á annað hundrað ljóð, textar og örsögur bárust í keppnina og voru efnistöð frjáls.

Ritlistarsamkeppnin bar yfirskriftina Að yrkja á íslensku og var liður í vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls sem Kennarasambandið efndi til á Alþjóðadegi kennara síðasta haust.

Bjarkey Sigurðardóttir, nemandi í leikskólanum Jötunheimum á Selfossi, fékk fyrstu verðlaun fyrir ljóð sitt Sumar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti Bjarkeyju verðlaunin á hátíðarathöfn sem fram fór í leikskólanum Brákarborg að morgni Dags leikskólans.

Verðlaunaljóð Bjarkeyjar

ber titilinn *Sumar*. Önnur verðlaun komu í hlut Hersteins Snorra, leikskólanum Ásgarði í Húnaþingi, fyrir ljóðið *Skipstjórinn*.

Þau Maceij, Indiana Alba, Katla Sól, Helga Katrín og Arnlaug Fanney, leikskólanum Akraseli á Akranesi, fengu þriðju verðlaun fyrir ljóðið *Ævintýri*.

Sumar

Sumar er sólblítt, gaman er þá. Að dansa í sumarkjólnum og borða snakk.

Umsögn dómnefndar: Haglega samið ljóð í ætt við ferskeyttu að formi og fjallar um þá tilfinningu þegar sumarið hellist yfir mann af fullum þunga. Orðið „sólblítt“ er ljóðrænt og sérstaklega skemmtilegt og bendir til myndrænnar og skapandi hugsunar ljóðskáldsins.

Skipstjórinn

Einu sinni var skipstjóri og lét hann alla gera allt í skipinu en skipstjórinn stýrði bara allan tímann. Skipstjórinn dó og flutti upp í skýin og til Guðs. Maðurinn sem drap skipstjórnann var vondur og hann fór til helvitis.

Umsögn dómnefndar: Í ljóðinu *Skipstjórinn* er sögð saga af lífsbaráttu um borð í skipi, kannski fiskitogara sem aflar þjóðartekna. Illvirki er framið og morðingi fær makleg málagjöld. Mynd af himnaríki og helvíti er raunveruleg í huga ljóðmælanda og munur á réttu og röngu afdráttarlaus, ef allt væri svona skýrt í heimi hér væri gaman að lifa. Iskaldur raunveruleiki úr sjávarþorpi.

Ævintýri

Það er gaman að fá kakó og kek. Það er gaman að gefa fuglunum og skauta á klaka og finna prik og köngla, finna tyggjö og rust. Finna eggjaskurn. Finna stór prik. Það er gaman að gefa fuglunum brauð og eiga fugla. Fullt af fuglum. Kannski getum við klifrað í trénu?

Umsögn dómnefndar: Mjög glaðlegt og leitandi ljóð með æsispennandi endi sem skilur lesandann eftir hugsi og skapar eftirvæntingu um að enn meira fjör sé í vændum.

Dómnefnd var skipuð Haraldi Frey Gíslasyni, rithöfundi og formanni Félags leikskólakennara, Steinunni Ingu Óttarsdóttur, gagnrýnanda og sérfræðingi hjá Félagi framhaldsskólakennara, og Sigrúnu Birnu Björnsdóttur, formanni Samtaka móðurmálskennara og sérfræðingi í jafnréttis- og vinnuumhverfismálum hjá KÍ.

Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla veittu leikskólum barnanna sem unnu til verðlauna viðurkenningarvott í formi fjár. Leikskólinn Jötunheimar fékk 40 þúsund krónur og Ásgarður og Akrasel 20 þúsund krónur hvor.



Aðsend grein

Leifur Reynisson
kennari við Vogaskóla

Flöskuskeyti Vogaskóla

Það var veðurbarinn hópur sem hætti sér út í heita lækinn í Reykjadal ofan Hveragerðis einn haustdag síðastliðið

ár. Fljótlega færðist sælubros yfir hvert andlit og vindur, kuldi og skúraveður gleymdust um stund. Einhver hafði á orði að Ísland væri engu líkt. Veðrið skipti sífellt um ham, gæfi lítil grið, lífsháski virtist á næsta leyti, en svo dytti skyndilega á dúnalogn og til að kóróna undrið mætti láta fara vel um sig í læk uppi í óbyggðum, gleyma stað og stund – og finna unaðinn hríslast um sig.

Við vorum saman komin, lítill kennarahópur frá fjórum þjóðlöndum, til að ræða samstarfsverkefni næstu missera. Öllum fannst viðeigandi að þessi fyrsti fundur ætti sér stað á Íslandi því við vorum að leggja drög að vinnu þar sem vatn var í brennidepli. „Hér er bókstaflega vatn alls staðar – stundum til óþurftar, stundum til gleði,“ varð einum að orði þegar við gengum til



baka eftir þaðferðina. Enn ein skúrin var skollin á en gæðastundin í læknum yljaði okkur. Hugurinn fór á flug, við köstuðum fram hugmyndum og leyfðum okkur jafnvel að gerast skáldleg. Verkefnið fékk heitið „Flöskuskeytið“ með vísun til þess að nemendur myndu senda hver öðrum skilaboð þar sem fjallað væri um mikilvægi vatns í hverju landi fyrir sig.

Áherslan á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð

Undirritaður er kennari við Vogaskóla en skólahald verður þar alþjóðlegra með hverju árinu sem líður. Sifell fleiri nemendur og starfsmenn eru af erlendu bergi brotnir og alþjóðasamstarf skólans hefur færst mjög í vöxt. Evrópskt samstarf er snar þáttur í starfi skólans og verður hér sagt frá „Erasmus+“ verkefni sem nýlega var hleypt af stokkunum en það er kostað af Evrópusambandinu. Auk Íslands eiga Litháen, Portúgal og Tékkland hlut að máli.

Verkefnið byggir á nemendavinnu en þátttakendur velja áfangann í frjálsu vali. Nemendur vinna að mestu saman í litlum hópum auk þess sem þeir eru í rafrænu sambandi við félagi sína erlendis. Áhersla er lögð á sjálfstæð skapandi vinnubrögð þar sem nemendur sýna frumkvæði og sveigjanleika í samstarfi við aðra. Snar þáttur verkefnisins eru skólaheimsóknir þar sem nemendur kynna afurðir sínar í samstarfslöndunum. Móttökuskólinn skipuleggur einnig verkefnavinnu þá viku sem skólaheimsóknirnar standa yfir. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist vel erlendum félögum sínum. Ekki er nóg með að þeir séu í daglegu samstarfi heldur gista þeir einnig á heimilum gestgjafanna. Enn fremur fá ferðalangarnir tækifæri til að skoða sig um og kynnast menningu hvers lands fyrir sig.

Auk nemendaferða eru kennaraferðir til hvers samstarfslands þar sem verkefnið er þróað og metið. Ekki er minna um vert að með þeim

Kennarar frá fjórum þjóðlöndum komu saman á fundi hérlendis síðasta haust. Tilgangurinn var að ræða samstarfsverkefni þar sem vatn er í brennidepli.

ferðum gefst frekara tækifæri til að skoða aðstæður í hverjum skóla fyrir sig, styrkja tengslin og kynnast betur landi og þjóð. Eitt helsta markmið Evrópusambandsins er að efla skilning á milli þjóða og má líta á Erasmusáætlunina sem mikilvægan lið í þeirri viðleitni. Kennurunum sem hingað komu í haust fannst áhugavert að kynna sér tækjakost skólans og sjá hversu mikið skapandi starf ætti sér stað innan hans. Vöktu sérgreinastofurnar ekki hvað síst athygli en íslenskir skólar virðast standa vel að vígi í þeim efnunum.



Voru krakkarnir ófeimnir við að ræða við hina erlendu gesti sem höfðu á orði að það væri ekki á færi unglunga í þeirra löndum að tjá sig jafn lipurlega á ensku.

Krakkarnir ófeimnir við hina erlendu gesti

Sú hugmyndafræði sem Vogaskóli er að innleiða um þessar mundir til að efla áhuga og ábyrgðarkennd nemenda (uppeldi til ábyrgðar) þótti einnig eftirtektarverð sem og frjálst fas þeirra og tungumálakunnátta. Voru krakkarnir ófeimnir við að ræða við hina erlendu gesti sem höfðu á orði að það væri ekki á færi unglunga í þeirra löndum að tjá sig jafn lipurlega á ensku.

Dagarnir voru vel nýttir þá viku sem gestirnir dvöldu hér. Auk vinnufundanna var farið í skoðunarferðir og heimsóknir. Við fórum á söfn, skoðuðum Elliðaárvirkjun, brugðum okkur í sund, lögðumst í útvist og fórum hinn skyldubundna gullna hring. Viðfangsefnið „vatn“ var skammt undan hvert sem farið var enda var það sem rauður þráður í samræðum okkar – í gamni og alvöru. Má í því sambandi nefna friðsæld Þingvallavatns, ólgandi hverina við Geysi, kyngimagnaðan kraft Gullfoss og styrkjandi veigar við Laugarvatn. Allan tímann skiptust á skin og skúrir en það var ánægður hópur sem yfirgaf landið þó veðurbarinn væri.



Embættið hefur alla tíð lagt áherslu á að eiga gott samstarf við skólafólk og börn á öllum skólastigum meðal annars með heimsóknum í skóla og samræðu við skólafólk

Barnaþing í nóvember

Spennandi tækifæri til að auka lýðræðisþátttöku barna

I nóvember n.k. á þrjátíu ára afmæli Barnasáttmálans – samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins – verður haldið í Reykjavík fyrsta þing um málefni barna eða barnaþing. Embætti umboðsmanns barna skipuleggur þingið en í breytingum sem gerðar voru á lögum um embættið á síðasta ári var ákveðið að halda skyldi barnaþing annað hvert ár með þátttöku barna sem og alþingismanna, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka.

Barnaþingið í haust verður haldið í Hörpu dagana 21.- 22. nóvember og er gert ráð fyrir um 400-500 þátttakendum. Í nýsamþykktum breytingum á lögum um umboðsmann barna er kveðið á um virka þátttöku barna í



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

skipulagningu og framkvæmd þingsins. Fyrirhugað er að dagskrá þingsins verði skipt í tvennt. Á fyrri deginum verður formleg dagskrá með erindum og skýrslum um stöðu barna en síðari dagurinn verður helgaður umræðum í þjóðfundarstíl þar sem börn og fullorðnir eiga samræðu um málefni sem brenna á börnum. Niðurstöður þingsins verða kynntar ríkisstjórn og hlutaðeigandi ráðherrum og er ætlað að vera mikilvægt framlag í stefnumótun um málefni barna.

Barnaþingið kemur til með að verða afar nýstárleg og spennandi leið sem hefur það að markmiði að virkja börn til þátttöku í málefnum sem snerta þau og þjálfa fullorðið fólk til samræðu við börn. Stefnt er að því að velja hóp barna með slemmbivali af öllu landinu til að tryggja breiðan bakgrunn þeirra. Umboðsmanni barna er ekki kunnugt

um að sambærilegt þing hafi verið haldið annars staðar þó ýmsar leiðir hafi verið farnar til að virkja þátttöku barna víða um heim. Þann 22. nóvember, verður jafnframt hliðardagskrá á neðri hæðum Hörpu með börnum á ólíkum aldri þar sem lögd verður áhersla á barnamenningu, sköpun og samræður.

Það er von umboðsmanns barna að barnaþingið verði til þess að styrkja þátttöku barna í samfélaginu öllu, í sveitarstjórnnum, á stjórnslustigi en ekki síst skólakerfinu og verði til þess fallið að hvetja enn frekar skóla til leita fjölbreyttra leiða til að efla lýðræðisþátttöku barna. Með því móti verði þingið ekki aðeins mikilvægt fyrir þau börn sem það sækja heldur muni börn um allt land fá tækfæri til lýðræðislegrar og virkrar þátttöku, enda er það í takt við grundvallarsjónarmið Barnasáttmálans um aðkomu barna að stefnumótun og þátttöku þeirra í ákvörðunartöku í málum sem þau varða. Til að undirstrika þennan hluta hefur embættið sent grunnskólum landins og skólalögafélaginu bréf þess efnis að skólarnir nýti tækifærið og haldi lýðræðisþing meðal barna í skólum í tengslum við barnaþingið, til dæmis á alþjóðlegum degi barna þann 20. nóvember, n.k. Vel má hugsa sér að tillögur barna frá slíkum lýðræðisþingum væru kynntar sérstaklega á barnaþinginu eða væru teknar saman með það fyrir augum að þær verði innlegg í umræðu þingsins eða við stefnumótun í málaflöknum að þingi loknu.

Víða um land hafa skólar unnið afar merkilegt starf við að auka þátttöku barna í skólastarfi. Í tengslum við barnaþingið væri fengur að því að nýta ólíkar aðferðir við framkvæmd lýðræðisþinga í skólum og auka þátttöku barna í daglegu starfi. Með því móti væri hægt að miðla milli skóla reynslunni af aðferðum sem vel hafa tekist og geta þar með orðið öðrum hvatning. Á síðasta ári hafði embætti umboðsmanns barna frumkvæði að tilraunaverkefni með tveimur skólum í Reykjavík, Landakotsskóla og Laugarnesskóla, þar sem haldin voru barnaþing sem þóttu takast mjög vel. Í þeim tilraunum fengu eldri nemendur það hlutverk að stýra umræðum yngri barna en börnin völdu málefni sem rædd voru. Einnig mætti auka verulega rannsóknir innan fræðasamfélagsins um lýðræðisþátttöku barna og hefur embættið meðal annars verið í samræðu við háskólasamfélagið um að sérstaklega verði hugað að þessum þáttum á barnaþinginu í haust.

Skipulag barnaþingsins þann 21.-22. nóvember er í mótun en til að svo stór atburður megi takast sem best skiptir öllu máli að víðtækt samráð og samstarf eigi sér stað við þá sem

Úr lögum um umboðsmann barna

Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár og skulu niðurstöður og ályktanir þingsins kynntar ríkisstjórn.

Á þinginu skal fjalla um málefni barna og við upphaf þess leggur umboðsmaður fram skýrslu um stöðu þeirra. Í skýrslunni skal m.a. fjallað um stöðu og þróun í málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins, þar á meðal um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Önnur verkefni þingsins ákveður umboðsmaður barna.

Þingið er öllum opið en umboðsmaður barna skal bjóða fjölbreyttum hópi barna til þingsins, alþingismönnum, fulltrúum stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna.

Seta á þinginu er ólaunuð.



Barnaþingið kemur til með að verða afar nýstárleg og spennandi leið sem hefur það að markmiði að virkja börn til þátttöku í málefnum sem snerta þau og þjálfa fullorðið fólk til samræðu við börn.

vinna með börnum. Embættið hefur því sett á fót samráðshóp til að tryggja aðkomu sem flestra að skipulagningu þingsins. Í hópnum eru meðal annars fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands, Skólalögafélagi Íslands, Félagi stjórnenda leikskóla, Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Kennarardeild Háskólans á Akureyrum. Hópurinn mun hittast nokkrum sinnum á árinu og vera skipuleggjendum til ráðleggingar um fyrirkomulag og útfærslur.

Embættið hefur alla tíð lagt áherslu á að eiga gott samstarf við skólafólk og börn á öllum skólastigum meðal annars með heimsóknnum í skóla og samræðu við skólafólk. Ég hef mikinn áhuga á að heimsækja sem flesta skóla á næstu árum ekki síst ef slíkar heimsóknir geta stutt við mikilvægt starf innan skólanna í að fræða börn um Barnasáttmálann eða virkja börn til lýðræðislegrar þátttöku. Einnig hefði embættið áhuga á að heyra frá skólafólki og börnum um þær leiðir sem hafa reynst vænlegastar til að virkja börn til samstarfs og hvernig barnaþingið geti sem best þjónað því markmiði að efla börn, skóla og nær-samfélag til samtals um málefni sem brenna á börnum. Með því móti getum við skapað saman viðburð sem mun hafa mikilvæg áhrif á börn landsins ekki aðeins í ár heldur til framtíðar.



Kennaraferðir



Fararsnið hefur langa reynslu í að skipuleggja ferðir fyrir kennarahópa, bæði á sýningar og ekki síður skólaheimsóknir.

Þar er blandað saman áhugaverðum skólastefnum og sælkeralífi, ásamt léttum gönguferðum í sveit og borg.

Fararsnið ehf. - Lundur 17, 200 Kópavogi
jonkarl@fararsnid.is

Krossgáta

► LAUSN SÍÐUSTU GÁTU



Lárétt

- 1. Fjallgarður þar sem hæsta fjallið er Aconcagua. (10)
- 6. Höfuðborg þessa lands er Taskent. (10)
- 10. Franskt knattspyrnufélag sem seldi Sala til Cardiff City. (6)
- 11. Eyðing allra örvera, líka sveppagróa. (12)
- 13. Háhitasvæði sem sér Reykjavík fyrir heitu vatni (11)
- 14. Persóna í Völuspá sem heitir Heiður hjá mönnum en ber líka þetta nafn og skapar ófrið. (8)
- 16. „Fuglinn flaug _____“ (10)
- 17. Skrifstofu- og fundarhús bæjar. (6)
- 20. Frásagnir af guðum. (8)
- 21. Þekktasta skáldsaga Tolstoy. (4,8)
- 23. Íslenskt heiti Hamlets. (6)
- 24. Náttúrufræðingur úr Svefneyjum. (6,8)
- 28. „Fríða litla _____.“ (7)
- 31. Nafnið sem Ivana Marie Zelnícková er þekktari undir. (5,5)
- 34. Tré af ertublómaætt sem gefur af sér belgi notaða í

matargerð, sérstaklega indverskri. (8)

- 35. Guðspjallamaður sem er táknaður með risa. (5)
- 36. Efni sem hefur sama massa og efni sem við þekkjum en gagnstæða rafhleðslu. (7)
- 38. Svæðið sem nær yfir meginland og eyjur sem tilheyra Því. (10)
- 39. Eyja í Suðaustur-Asía sem skiptist í tvo hluta, annar tilheyrir Indónesíu en hinn hlutinn fékk sjálfstæði 2002. (5)
- 40. Tvö grunn vötn við jaðar Dyngjuháls. (8)
- 41. Systir Þjálfá. (6)
- 42. Föstumánuður múslima. (7)
- 43. _____ of St. Louis, flugvél Charles Lindbergh. (6)
- 44. Skírnamefn Ben-Gurion, fyrsta forsætisráðherra Ísraels. (5)

Lóðrétt

- 1. Fyrsta drottning Stóra Bretlands. (4)
- 2. _____ Alighieri, skáld. (6)
- 3. Fjörður sem greinist í Fossvog, Kópavog, Arnarnesvog og Lambhúsatjörn. (13)
- 4. Vestasti tangi Snæfellsness. (12)
- 5. Höfuðborg Slóveníu. (9)
- 6. Fótboltamenn sem spila stöðu nálægt miðri langhlíð vallarins (11)
- 7. Gæs sem hefur viðdvöl hér á landi á leið á varpstöðvar. (7)
- 8. Embættisheiti yfir menn sem eru æðstu menn framkvæmdavalds í Þýskalandi. (9)
- 9. Veiðarfæri fundið upp í Danmörku, notað á grunnsævi (40-60 m dýpi). (7)
- 12. _____ Eva Erlendsdóttir, söng- og leikkona. (6)
- 15. Alþjóðaorð yfir bergkviku. (5)
- 18. Fræðigreinin sem fjallar um spurningar sem koma upp varðandi tilvist mannsins. (11)
- 19. Svæði sem dýr eignar sér

og ver fyrir öðrum dýrum sömu tegundar. (4)

- 22. Að fjölga frumum sem eru erfðafræðilega eins. (5)
- 25. Ólympísk hlaupagrein þar sem keppt er í 100/110m og 400m (11)
- 26. Seinni hluti forkambrium tímabilsins sem hófst fyrir 2,5 milljörðum ára. (11)
- 27. Land sem heitir Aotearoa á máli frumbyggja. (4-7)
- 28. Tvær ættir börðust í Rósastríðinu. Önnur var kennd við York, hin við _____. (9)
- 29. _____-samningurinn, samningur um stöðu, stjórnskipulag og landamæri Þýskalands gerður sumarið 1945. (7)
- 30. Mark _____, einn þekktasti rithöfundur Bandaríkjanna. (5)
- 32. Einn milljarðasti úr metra. (9)
- 33. Uppstreymi heits lofts sem sést sem nokkurs konar titringur. (5)
- 37. SI-mælieining fyrir rafrýmd. (5)
- 40. Sterkt áfengi bragðbætt með einiberjum. (3)



Þakkir til allra sem gerðu Nótuna 2019 að veruleika!

Yfir 500 keppendur, tónlistarkennarar og aðrir komu að keppninni í ár. Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum þakkar af heilum hug öllum þeim sem komu að Nótunni og félagið hlakkar til 20 ára afmælisárs Nótunnar að ári.

LSR

Lífeyrisréttindin þín



Þekkir þú réttindin þín hjá **LSR**?

- Ellilífeyri ævilangt
- Örorkulífeyri komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyri
- Viðbótarlífeyrissparnað

Vertu velkomin í ráðgjöf
um lífeyrismál.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is